„SVIÐIÐ ER SKJÓLIÐ MITT“

Hjartaknúsarinn Josh Groban er spenntur yfir heimsókninni til Íslands

Opið hús á sumardaginn fyrsta 19.apríl klukkan 14-17.

Allir velkomnir.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. apríl 2007 — 105. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Telur ekki tónleikana

Guðný Guðmundsdóttir, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, glímir við sígauna og blússandi rómantík á tónleikum á morgun.

MENNING 50

Fullnaðarsigur Kristjáns

Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson fær greidd laun fyrir enskan Eurovision-texta við sigurlag Eiríks Haukssonar sem ekki var notaður.

FÓLK 70

Olíumálið

„Sjálfstætt og faglegt ákæru- og lögregluvald er hornsteinn refsivörslukerfisins,“ skrifar Lúðvík Bergvinsson.

UMRÆÐAN 34

Syrtir í álinn

Staða West Ham versnaði enn frekar í gær er liðið tapaði fyrir Chelsea, 1-4. Chelsea minnkaði forskot Man. Utd niður í þrjú stig.

ÍÞRÓTTIR 64

VEÐRIÐ Í DAG



GLEÐILEGT SUMAR - Í dag verður hæg suðvestlæg eða breytileg átt. Yfirleitt bjart veður. Hiti öðru hvorum megin við frostmark að deginum.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GJÖREYÐILAGT Austurstræti 22 er ónýtt eftir brunann í gær.

Stórtjón eftir eldsvoða í miðbænum

Allt tiltækt lið lögreglu og slökkviliðs barðist við eld í miðbæ Reykjavíkur í gærdag. Eldurinn átti upptök í söluturni. Eldvarnir voru ófullnægjandi.

ELDSVOÐI „Við fórum til að athuga með reykjarlykt en þá stóðu eldtungurnar upp úr niðurfalli á klósettinu. Áður en við vissum af fylltist húsið af reyk og það brakaði og small í veggjunum. Þá hlupum við út úr húsinu og mættum slökkviliðsmönnum á leiðinni inn,“ segir Patrekur Sigurjónsson sem var við þriðja mann við störf í Lækjargötu 2 þegar gífurlegur eldur braust þar út í gær. Félagi hans, Bjarni Sigurðsson, telur eldinn hafa breiðst út í húsinu á tveimur til þremur mínútum. „Við höfðum ekki einu sinni tíma til að taka dótið okkar með okkur, svo fljótt var þetta að gerast. Við einfaldlega hlupum út með eldinn á hælunum.“

Gífurleg eyðilegging varð í miðbæ Reykjavíkur í gær þegar húsin að Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 urðu eldi að bráð. Allt tiltækt lið lögreglu og slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins barðist við eldinn í allan gærdag. Engin slys urðu á fólki þegar eldurinn braust út eða í aðgerðum á staðnum. Tilkynnt var um eldinn laust fyrir klukkan tvö og var allt tiltækt lið lögreglu og slökkviliðs á höfuðborgarsvæðinu þegar sent á staðinn. Voru starfsskilyrði slökkviliðs afar erfið í allan gærdag á meðan slökkvistörfum stóð. Reykkafarar lýsa aðkomunni sem gríðarlega erfiðri og fyrstu mínúturnar gátu þeir aðeins varist eldinum sem sótti að þeim úr öllum áttum.

Björn Karlsson, forstöðumaður Brunamálastofnunar, segir ljóst að eldvörnum hafi verið ábótavant í húsunum. „Annars hefði eldur ekki náð svona langt. En það er erfitt að fara að ítrustu kröfum í brunavörnum í gömlum friðuðum húsum því þau eru byggð eftir gömlum reglugerðum.“

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir að rannsókn bendi til að eldsupptök hafi verið í loftljósi í söluturni sem stendur á milli húsanna sem eru tvö af þeim elstu og sögufrægustu í Reykjavík.

Ljóst er að menningarsögulegt tjón er mikið en borgarstjóri segir að húsin verði endurreist. Fjárhagslegt tjón hefur ekki verið metið en það skiptir mörg hundruð milljónum, að sögn þeirra sem gerst þekkja. - shá / -mh / -þo sjá síður 4, 6, 8

FLÓÐ Á LAUGAVEGINUM Vatnið sem flæddi niður götuna var um 80 gráðu heitt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Um 200 manns sinntu útkallinu

Tæplega tvö hundruð slökkviliðs- og lögreglumenn tóku þátt í aðgerðunum í gær. Hátt í hundrað slökkviliðsmenn voru á vettvangi, þar af um 50 reykkafarar, en auk þess tók fjöldi starfsmanna þátt í aðgerðunum óbeint. Slökkviliðið hafði fjóra dælubíla á vettvangi og tvo körfubíla.

Lögreglan hafði einnig í nógu að snúast og þegar mest var voru 40 lögregluþjónar á svæðinu. Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, var ánægður með frammistöðu sinna manna. „Þetta hefur vissulega tekið á en verkið gekk vel og ég er stoltur af mínum mönnum,“ sagði Jón. - þo

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

17.10

Heitavatnsleki í miðborginni:

Vegfarendur brenndust

LEKI Að minnsta kosti þrír voru fluttir á slysadeild með brunasár í gærkvöld eftir að heitavatnsæð rofnaði í miðborg Reykjavíkur. Um 80 gráðu heitt vatn fossaði niður Vitastíg og Laugaveg og áttu vegfarendur fótum sínum fjör að launa.

Lekans varð vart um klukkan tíu í gærkvöld en þá tók heitt vatn að fossa upp um götubrunn á Vitastíg. Skömmu síðar lokaði lögreglan Laugaveginum fyrir umferð en þá höfðu nokkrir vegfarendur brennt sig á vatninu. Að sögn læknis á slysadeild var ekki um alvarleg brunasár að ræða.

Þá flæddi vatn í að minnsta kosti einn kjallara við Laugaveg og olli þar einhverjum skemmdum.

Ekki er ljóst að svo stöddu hvers vegna heitavatnsæðin gaf sig. - þo

SPURNING DAGSINS

Björn, er þetta enn ein eftirherman?

„Eigum við ekki að segja að þetta sé enn eitt olíuhneykslið."

Norðlenska fjölmiðlafyrirtækið N4 er ósátt við að nafn og vörumerki hins nýstofnaða fyrirtækis N1 dragi dám af nafni og merki þeirra. Björn Þorláksson er fréttastjóri N4.

Valgerður Sverrisdóttir kynnir stefnubreytingu í málefnum Palestínumanna:

Samskipti við Palestínustjórn

UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra mun á næstu dögum leggja til að tekin verði upp „eðlileg samskipti" við heimastjórn Palestínumanna.

„Ég tel að myndun heimastjórnarinnar sé jákvætt skref og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að taka upp eðlileg samskipti við stjórn sem er kosin í lýðræðislegum kosningum," segir Valgerður.

Norðmenn hafa lengst þjóða gengið í að rjúfa alþjóðlega einangrun stjórnar Fatah-hreyfingarinnar og Hamas-samtakanna. Í síðasta mánuði sagði norska stjórnin að eðlilegu stjórnmála- og viðskiptasambandi við palestínsku stjórnina yrði komið á. Aðrar Evrópuþjóðir hafa ekki stigið þetta skref enn.

Valgerður vill þó leggja ríka áherslu á kröfur Kvartettsins svokallaða, fjóreyki Sameinuðu þjóðanna, Bandaríkjanna, ESB og Rússlands. Ráðherra nefnir sérstaklega að heimastjórnin eigi að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Segir stjórnleysi í Palestínu hvorki gagnast Palestínumönnum né Ísraelsmönnum. Taka eigi upp eðlileg samskipti við lýðræðislega kjörna þjóðstjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Á það hafa Norðmenn lagt áherslu líka og við munum halda þeim skilyrðum á lofti. Það má túlka orð Hamas-samtakanna þannig að þau séu að verða jákvæðari í garð þessara skilyrða. Öllum má líka vera ljóst að stjórnleysi á þessu svæði hjálpar hvorki Palestínumönnum né Ísraelsmönnum," segir utanríkisráðherra. - kóþ

Veitingahús og mötuneyti:

Minnihluti lækkaði verð

NEYTENDAMÁL Yfir helmingur veitingahúsa og sjötíu prósent mötuneyta lækkuðu ekki verð eftir 1. mars þegar virðisaukaskattur á matvæli lækkaði. Þetta kemur fram í skýrslu sem Neytendastofa hefur tekið saman.

Í 54 prósentum tilvika var verðið óbreytt eða hærra eftir 1. mars. Ábendingum frá almenningi var fylgt eftir með bréfum til veitinga- og kaffihúsa. 47 prósent svöruðu og sögðust hafa lækkað. Í 53 prósentum tilvika bárust ekki svör eða þau kváðust ekki ætla að lækka. Aðeins tólf mötuneyti lækkuðu hjá sér verð eftir 1. mars. - ghs

Þyrla sótti slasaða:

Alvarlegt slys í Langadal

LÖGREGLUMÁL Fjögurra manna fjölskylda slasaðist í alvarlegu umferðarslysi í Langadal um klukkan sjö í gærmorgun.

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti þrjá á Blönduós. Einn var fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahúsið á Akureyri með minni háttar áverka á brjóstholi.

Bílstjórinn, maður um þrítugt, er ekki alvarlega slasaður samkvæmt upplýsingum Landspítala. Móðir hans slasaðist, er handleggs- og mjaðmagrindarbrotin og fjórði maðurinn beinbrotnaði í andliti, öxlum og hrygg en mun ekki hafa lamast. - kdk

Barnabókaverðlaun afhent:

Verðlaunuð í annað sinn

BÓKMENNTIR Bókverkakonan Áslaug Jónsdóttir hlaut Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar annað árið í röð. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Höfða í gær.

ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR

Verðlaunin fær Áslaug fyrir bókina Stór skrímsli gráta ekki sem hún samdi og myndskreytti ásamt Svíanum Kalle Güettler og Rakel Helmsdal frá Færeyjum. Í fyrra hlaut Áslaug verðlaunin fyrir bók sína Gott kvöld.

Verðlaun fyrir bestu þýðingu barnabókar 2007 fær Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur fyrir Sólvæng eftir kanadíska rithöfundinn Kenneth Oppel. - khh

Tveir grunaðir um kaup á barnaklámi

Tveir menn voru handteknir í síðustu viku vegna gruns um viðskipti við erlendan barnaklámhring. Sjö tölvur í eigu mannanna eru til rannsóknar. Handtakan átti sér stað í kjölfar tilkynningar Europol um tengls klámhringsins til Íslands.

LÖGREGLUMÁL Tveir menn um þrítugt, búsettir á höfuðborgarsvæðinu, hafa verið handteknir vegna rökstudds gruns um að þeir hafi átt viðskipti við erlendan barnaklámhring. Þetta staðfesti Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Mennirnir sem um ræðir voru handteknir í lok síðustu viku eftir að tilkynning um tengsl klámhringsins hingað til lands barst frá Europol til embættis ríkislögreglustjóra, sem vísaði málinu áfram til lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Um var að ræða allstórt samvinnuverkefni.

Í kjölfar handtökunnar var gerð húsleit heima hjá mönnunum og samtals sjö tölvur gerðar upptækar. Þær eru nú til rannsóknar hjá tölvudeild lögreglunnar.

Að sögn Björgvins komst upp um klámhringinn eftir að ítalskur karlmaður hafði verið handtekinn í heimalandi sínu. Ljóst þykir að barnaklámhringurinn eigi upptök sín á Ítalíu, en hafi síðan teygt anga sína til fleiri Evrópulanda, þar á meðal Íslands. Rökstuddur grunur leikur á því að Íslendingarnir tveir séu meðal þeirra sem keypt hafa barnaklámefni með þessum hætti.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er enn ekki komið í ljós hvað tölvur tvímenninganna hafa að geyma, enda skammt liðið frá því að þær komust í hendur lögreglu. Mönnunum var sleppt að yfirheyrslu lokinni, en lögreglan vinnur að rannsókn á máli þeirra.

Björgvin segir að nær stöðugt sé verið að koma upp um alþjóðlega barnaklámhringi. Frá því að kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hóf starf sitt um áramót hafa 8-10 Íslendingar komið við sögu lögreglu í slíkum málum á ofangreindu tímabili, annaðhvort eftir að þeir höfðu hlaðið barnaklámi inn á tölvur sínar eða fest kaup á því. Ekki er langt síðan fimm manns voru handteknir hér á landi vegna gruns um tengsl við umfangsmikinn alþjóðlegan barnaklámhring, sem rakinn var til Austurríkis. Mál þeirra hafa verið til rannsóknar hjá lögreglu.

jss@frettabladid.is

KLÁMHRINGIR TEYGJA ARMA SÍNA TIL ÍSLANDS Tveir karlmenn á höfuðborgarsvæðinu voru nýlega handteknir vegna rökstudds gruns um að þeir hefðu keypt barnaklám af erlendum barnaklámhring. Sjö tölvur í eigu þeirra voru gerðar upptækar og eru til rannsóknar hjá lögreglu. Myndin er úr safni.

Á VETTVANGI Slökkviliðsmenn að störfum á Sadriyah-markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæðar árásir í Írak:

Minnst 164 farast í Bagdad

ÍRAK, AP Fjórar stórar sprengjur voru sprengdar í hverfum sjíamúslíma í Bagdad í gær. Sprengingarnar drógu að minnsta kosti 164 menn til dauða og enn fleiri særðust. Þetta voru mannskæðustu árásirnar á einum degi frá því írösk öryggismálayfirvöld hers og lögreglu, auk bandaríska herliðsins, efndu til átaks í að koma á friði í höfuðborginni fyrir tveimur mánuðum.

Flestir fórust þegar bílsprengja var sprengd inni í hópi verkamanna á Sadriyah-markaðnum í miðri Bagdad. Minnst 116 dóu og 145 særðust, að sögn talsmanns Al-Kindi-sjúkrahússins, þangað sem flest fórnarlömbin voru flutt. - aa

Atvinnuleysi á 1. ársfjórðungi:

3.500 án vinnu og í atvinnuleit

ATVINNUMÁL Á fyrsta fjórðungi ársins voru að meðaltali 3.500 manns án vinnu og í atvinnuleit. Eru það tvö prósent vinnuafls, tæpu hálfu prósenti minna en á sama tíma á síðasta ári. Athuganir Hagstofunnar leiða þetta í ljós.

Atvinnuleysi nú mælist mest hjá ungu fólki. Fjöldi starfandi á fyrsta ársfjórðungi var 172.800 og fjölgaði um 9.300 frá 2006.

Fram kemur að meðalfjöldi vinnustunda fólks í fullu starfi var rúmar 47 klukkustundir á viku, heldur fleiri hjá körlum en konum. - bþs

Starfsfólk kristinnar bókaútgáfu í Tyrklandi myrt:

Öfgafullir þjóðernissinnar grunaðir

TYRKLAND, AP Ókunnir árásarmenn myrtu í gær þrjá starfsmenn hjá kristinni bókaútgáfu í borginni Malatya í Tyrklandi. Fólkið var bundið á höndum og fótum og skorið á háls þegar að var komið. Einn var þá enn með lífsmarki, en dó á sjúkrahúsi skömmu síðar, að sögn lögreglu. Eitt fórnarlambanna kann að hafa verið Þjóðverji, en ekkert fékkst staðfest að svo komnu máli um þjóðerni hinna myrtu.

Fjórði maðurinn komst undan árásarmönnunum með því að stökkva út um glugga. Hann var á sjúkrahúsi með höfuðáverka og önnur meiðsl, en ekki í lífshættu.

Lögregla handtók fjóra menn, grunaða um að hafa framið árásina. Hún rannsakaði einnig hvort verið gæti að maðurinn sem stökk út um gluggann hefði verið í hópi árásarmannanna.

Öfgaþjóðernissinnar í Tyrklandi hafa áður beint spjótum sínum að Zirve-útgáfunni í Malatya, sem meðal annars hefur dreift Biblíum. Saka þeir útgáfuna um að reka áróður fyrir trúskiptum, sem þeir álíta örgustu goðgá í landi þar sem 99 prósent íbúanna eru múslímar. - aa

HANDTAKA Lögregla færir einn hinna grunuðu af vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Begonía 599
Krýsi 599

Sýpris í útikerin 799

Gleðilegt sumar

Soldis
Silkitré & silkiblóm
ný sending
full búð af sumarblómum

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

STÓRBRUNI Í REYKJAVÍK

MIÐBÆRINN BRENNUR Gríðarlegan reykjarmökk lagði frá brunanum til suðurs og vesturs yfir nærliggjandi hús. Reykjarlyktin var gríðarleg í miðbænum og fannst greinilega á svæði Háskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gífurleg eyðilegging í stórbruna í miðbæ Reykjavíkur

Tvö sögufræg hús urðu eldi að bráð í mesta bruna í Reykjavík í áratugi. Mikil mildi þykir að enginn slasaðist í eldsvoðanum. Allt tiltækt slökkvilið barðist við eldinn. Eldvarnir eru taldar hafa verið ófullnægjandi.

Gífurleg eyðilegging varð í miðbæ Reykjavíkur í gær þegar húsin að Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 urðu eldi að bráð. Allt tiltækt lið lögreglu og slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins barðist við eldinn í allan gærdag. Engin slys urðu á fólki þegar eldurinn braust út eða í aðgerðum á staðnum. Talið er að eldsupptök hafi verið í söluturni sem stendur á milli húsanna sem eru tvö af þeim elstu og sögufrægustu í Reykjavík. Ljóst er að mikið menningarsögulegt tjón hefur orðið. Húsið við Lækjargötu 2 er stórskemmt og húsið við Austurstræti 22 er gjörónýtt.

Tilkynnt var um eldinn laust fyrir klukkan tvö í gær og var allt tiltækt lið lögreglu og slökkviliðs á höfuðborgarsvæðinu þegar sent á staðinn. Voru um 100 manns, bæði lögreglu- og slökkviliðsmenn, á vettvangi þegar mest var. Reykkafarar fóru inn í húsin strax við komuna á vettvang og lögregla hófst handa við að rýma svæðið. Voru starfsskilyrði slökkviliðs afar erfið í allan gærdag á meðan slökkvistörfum stóð.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segir ljóst að slökkviliðsmenn hafi lagt sig í mikla hættu en slökkvistarfið hafi gengið vonum framar miðað við hversu aðkoman var ljót. „Við þurftum að rífa þakið af Austurstræti 22 vegna þess hvað var mikil hrunhætta og ég treysti því ekki að senda inn menn í þessar hættulegu aðstæður.“ Jón Viðar telur að eldvarnir húsanna hafi ekki verið nægilega góðar, enda séu húsin gömul og erfitt að koma slíku við.

Björn Karlsson, forstöðumaður Brunamálastofnunar, segir ljóst að eldvörnum hafi verið ábótavant í húsunum. „Annars hefði eldur ekki náð svona langt. En það er erfitt að fara að ítrustu kröfum í brunavörnum í gömlum friðuðum húsum því þau eru byggð eftir gömlum reglugerðum.“ Björn segir að við nýja starfsemi, eins og veitingahúsarekstur, verði að uppfylla byggingareglugerðir á þeim tíma. Það er hins vegar ekki alltaf hægt.“ Björn segir að eldvarnareftirlit þurfi stundum að slaka á kröfum vegna þess að viðkomandi hús sé menningarverðmæti og þeim megi ekki breyta.

Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá loftljósi í söluturni sem stendur á milli húsanna tveggja, að sögn Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Þórður Halldórsson, vettvangsstjóri lögreglunnar, segir að þrátt fyrir að mikinn fjölda fólks hafi drifið að og fylgst með brunanum hafi gengið mjög vel að rýma svæðið. „Fólk hefur verið mjög samvinnufúst og farið eftir öllum fyrirmælum lögreglu.“

Slökkviliðsmenn Brunavarna Suðurnesja stóðu vaktina í höfuðstöðvum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eftir að allt tiltækt slökkvilið af höfuðborgarsvæðinu hafði verið sent á vettvang. Þeirra hlutverk var að manna slökkvistöðina til að annast önnur útköll ef af yrði. Reykjarkófið frá eldinum sást úr nágrannabyggðarlögunum en reykurinn lagðist yfir miðborgina, bæði til suðurs og vesturs.

svavar@frettabladid.is

ATBURÐARÁSIN

13.45 Starfsstúlka söluskálans Fröken Reykjavík leitar aðstoðar á veitingastaðnum Hressó vegna brunalyktar.

13.50 Vaktstjóri á Hressó hringir í Neyðarlínuna.

13.51 Hressó fyllist af reyk og starfsfólkið vísar gestum úr húsinu.

13.55 Menn við störf í Café Óperu í Lækjargötu 2 reyna að slökkva eld en forða sér síðan undan eldi og reyk.

14.00 Reykkafarar fara inn í húsin. Þurfa að verjast gríðarlegum eldi.

14.00 Hús í nágrenni í Austurstræti og Lækjargötu rýmd.

14.30 Sprenging í Lækjargötu 2 og húsið verður alelda á skipstundu.

15.10 Tekst að hefta útbreiðslu elds í Lækjargötu 2.

15.45 Mikill eldur í Austurstræti 22.

17.00 Þak Austurstrætis 22 hrynur, mikill eldur enn í húsinu.

Unnið var við slökkvistörf fram á nótt.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SUMARIÐ KOMIÐ Sumarið heilsar með prýðisveðri. Hægviðri er víðast hvar og það sem meira er, er að horfur eru á björtu veðri víðast hvar. Mestu líkur á skýjum er allra norðaustast þar sem jafnvel kunna að falla stöku él. Einnig er alltaf spurning um hvort það nái að vera bjart á landinu vestanverðu í vestlægum áttum. Mér sýnist þó staðan þannig að full ástæða sé til að búast við björtu veðri vestan til.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG Hæg suðvestlæg átt. Bjart að mestu. Hiti um eða rétt yfir frostmarki.

um hádegi »



» á morgun



» laugardagur



um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C	skúrir	London	18°C	heiðskírt	Alicante	20°C skúrir
Billund	10°C	skúrir	París	19°C	heiðskírt	Mallorca	16°C skúrir
Osló	12°C	skúrir	Frankfurt	18°C	heiðskírt	Eindhoven	17°C heiðskírt
Stokkhólmur	7°C	skúrir	Friedrichshafen	22°C	heiðskírt	Basel	20°C heiðskírt
Gautaborg	11°C	rigning	Berlín	14°C	hálfskýjað	Las Palmas	22°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

KRAKKADAGAR Í SMÁRALIND
19.-22. APRÍL

BARNAFJÖR

Í GÖNGUGÖTUNNI KL. 14

JÓNSI

Skemmtilegasti skemmtanastjóri í heimi heldur utan um fjörið og tekur lagið.

Litríku vinkonurnar frá Ævintýralandi koma í heimsókn og kæta hjörtu allra barna.

SKOPPA OG SKRÍTLA

TÓNLEIKAR

Söngskóli MARÍU BJARKAR

Framtíðarsöngvarar Íslands, valdir nemendur frá söngskóla Maríu Bjarkar, flytja skemmtileg lög.

TÖFRAMAÐURINN LALLI

Dótabúðin Leikbær býður upp á þennan skemmtilega töframann bæði í búðinni og á sviðinu í göngugötunni.

Leikbær

ALLIR KRAKKAR SEM KOMA AÐ BORÐA Á PIZZA HUT Á KRAKKADÖGUM FÁ FRÍAN ÍS Á ÍSBARNUM

Pizza Hut

BT

KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU PS3 FYRIR UTAN BT

OPIÐ Í DAG 13-18

GLEÐILEGT SUMAR!

2 FYRIR 1 ÍS Í BRAUÐI (GREITT FYRIR DÝRARI ÍSINN)

ÍS-INN

SPRELLTÍVOLÍ Í VETRARGARÐINUM

SONNY COCOA-PUFFS FÍGÚRA KEMUR Í HEIMSÓKN MILLI KL. 14.00 OG 16.00

CRAYOLA MAÐURINN VERÐUR MEÐ GLAÐNING HANDA KRÖKKUNUM (Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST) MILLI KL. 14.30 OG 16.30

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

KRAKKATILBOÐ Á BARNABORGARA 175 KR.

BURGER KING

SPROTI KÍKIR Í HEIMSÓKN Í GÖNGUGÖTUNA KLUKKAN 15

KRAKKADAGA-BÍÓTILBOÐ Á NOKKRAR VEL VALDAR BÍÓMYNDIR! 450 KR.

SMÁRA BÍÓ

ALLIR KRAKKAR FÁ SVALA FRÁ VÍFILFELLI OG EMMESS ÍSPINNA (Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST)

VERÖLDIN OKKAR

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Opið: Mán, þri, mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is

ENNEMM / SÍA /

STÓRBRUNI Í REYKJAVÍK

SLÖKKVISTARF VIÐ LÆKJARGÖTU Til stóð að opna Kaffi Óperu eftir endurbætur innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Endurbætur langt komnar

„Við vorum langt komnir með að gera upp staðinn," segir Tómas Kristjánsson sem unnið hefur að enduruppbyggingu húsnæðis Kaffi Óperu að Lækjargötu 2. „Þetta er mikið áfall fyrir okkur, ekki síst í ljósi þess að við erum ekki að fara að opna veitingastað eins og við ætluðum okkur. En við erum tryggðir fyrir tjóni að einhverju leyti en það er erfitt að meta hvernig staða mála verður." - mh

ANDRI OG GUÐNÝ HELGA Andri stendur með ömmu sinni og fylgist með eldinum og slökkvistarfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sorglegur dagur í miðbænum

„Mér finnst þetta afskaplega sorglegt," sagði Guðný Helga Herbertsdóttir, sem stóð ásamt barnabarni sínu, Andra Kjerúlf, sjö ára, og horfði á slökkviliðsmenn sinna störfum sínum. „Þetta er mikill sorgardagur því þessi hús settu mikinn svip á miðborgina. Við komum úr Kópavoginum til þess að fylgjast með þessu enda er þetta sorglegur og mikill viðburður í senn." - mh

KOMNIR ÚR ELDINUM Ásgeir Halldórsson og Sigurður Sigurðsson reykkafarar, skömmu eftir að þeir komu úr fyrstu ferð sinni inn í brennandi húsin. „Við gátum ekkert gert nema að verjast eldinum og átta okkur á því hvað væri best að gera." FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umkringdir eldhafinu

Reykkafarar sem fyrst fóru inn í brennandi húsin urðu að verjast eldi úr öllum áttum. Reykur og hiti var gífurlegur og aðstæður erfiðar frá upphafi.

„Þegar við komum fyrst inn var þar mikill hiti og gífurlegur reykur. Það var afar erfitt að eiga við aðstæður í byrjun. Við vorum nýkomnir inn í salinn á Óperu þegar eldurinn kom aftan að okkur og reyndar úr öllum áttum. Við gátum ekkert gert nema að verjast eldinum og átta okkur á því hvað væri best að gera," sagði Sigurður Sigurðsson reykkafari sem fór fyrstur inn í brennandi húsin í miðbæ Reykjavíkur með félaga sínum, Ásgeiri Halldórssyni.

Þegar reykkafarar fara inn í byggingu þurfa þeir fyrst að skilgreina hvar mesti eldurinn er í húsinu. Einnig að finna upptök eldsins og brjóta sér leið að þeim. „Þannig er reynt að finna hvar mesti eldurinn geisar og það eykur líkurnar á að slökkvistarf gangi fljótt og vel," segir Eyþór Sveinsson reykkafari. „Þegar við komum fyrst á staðinn var mikill eldur í þaki söluturnsins. Við náðum að slökkva það að mestu og síðan fórum við inn á veitingastaðinn Pravda. Þar fórum við strax að glíma við eldinn sem var gríðarlega mikill."

Eyþór segir að allhvass vindur hafi gert það að verkum að eldurinn rauk upp þar sem mikill eldsmatur sé í gömlum húsum. „Eldurinn rýkur upp aftur og aftur og smýgur út um allt. Vindurinn gerir okkur þannig erfitt fyrir."

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segir að fljótt dragi af mönnum við þessar aðstæður. „Menn fara inn í eldinn með nýtt reykköfunarsett aftur og aftur. Það tekur alveg rosalegan toll af mönnum. Við svona aðstæður kemur í ljós hvað þrotlausar æfingar þessara stráka er mikilvæg. Hún er fyrir daga eins og þennan," segir Jón Viðar.

svavar@frettabladid.is

Brunakerfi skipti sköpum

Nýtt brunavarnakerfi sannaði gildi sitt á Hótel Borg í gær en loftræstikerfi lokaðist um leið og reykur tók að berast yfir miðbæinn. „Við erum nýbúin að taka hér allt í gegn og það munaði miklu. Um leið og brunavarnakerfið fór í gang lokaðist fyrir streymi inn í húsið og það skipti sköpum. Annars hefðum við þurft að reykræsta allt húsið," sagði Ólafur Þorgeirsson hótelstjóri skömmu eftir að eldurinn kom upp. Um áttatíu prósent gistirýma hótelsins voru uppbókuð, en samtals eru 56 herbergi á hótelinu. „Við vorum heppin að sleppa að mestu, þótt lítils háttar reykur hafi komið inn á veitingastaðina hérna á neðstu hæðinni." - mh

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FYLGST MEÐ SLÖKKVISTARFI Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri, Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Húsin verða endurreist

„Mér finnst mjög dapurlegt að horfa á þessi hús brenna," sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri þar sem hann stóð í Austurstræti og horfði á aðgerðir slökkviliðs í miðbænum í gær. „En við munum reisa húsin aftur í upprunalegri mynd, það er ekki um neitt annað að ræða. Við verðum að byrja strax á uppbyggingarstarfinu. Þessi hús munu standa hér áfram."

Vilhjálmur segir mikilvægt að götumynd miðbæjarins verði komið í upprunalegt horf, þjóðin hljóti að vera sammála um það.

Kaldhæðni örlaganna höguðu því svo í gær að Vilhjálmur átti skipulagðan fund við Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóra þegar hann heyrði af eldinum. „Ég hefði gjarnan viljað funda við aðrar kringumstæður," sagði Vilhjálmur. - shá

Skelfilegt áfall segir eigandi Lækjargötu 2 sem er feginn að enginn slasaðist:

Óljóst með endurbyggingu

„Það er óljóst á þessu stigi hvort við ráðumst í endurbyggingu," sagði Garðar Hannes Friðjónsson, framkvæmdastjóri Fasteignafélagsins Eikar, sem er eigandi Lækjargötu 2 og húsnæðisins þar sem söluturninn Fröken Reykjavík var til húsa, en talið er að eldurinn hafi kviknað. „Þetta er auðvitað skelfilegt en við þökkum fyrir að enginn hafi slasast í þessum mikla eldi. Það er erfitt að gera sér grein fyrir skaðanum en það er ljóst að hann er mjög mikill sökum elds, reyks og vatns. Þetta er tryggt en það er erfitt að gera sér grein fyrir því að hve miklu leyti. Það væri gott ef við gætum byggt upp húsnæðið í upprunalegri mynd en það er ótímabært að gera sér grein fyrir stöðu mála núna."

Eik leigði út húsnæði til Rósenberg, Kaffi Óperu, Landsbankans og Iceland visitors, sem leigði út húsnæðið undir söluturninn.

Þórður Pálmason, sem leigir reksturinn á Rósenberg af Eik, var að vonum daufur í dálkinn er hann sat á stéttarkanti við Lækjargötu og horfði á staðinn brenna. „Ég er mjög lítið tryggður og þetta er gríðarlegt tjón fyrir mig. Í raun var þetta allt sem ég átti. Ég var með ýmsa persónulega muni þarna inni sem ég held því miður að séu ónýtir."

Bjarni Jónsson, sem er í forsvari fyrir félagið Austurstæti 22 hf. sem á og leigir út húsið þar sem skemmtistaðurinn Pravda var en húsið gjöreyðilagðist í brunanum, sagði ótímabært að svara því hvort ráðist verði í endurbyggingu. „Það þarf að byrja á því að meta tjónið og síðan skoðum við okkar mál. Það er auðvitað hræðilegt að horfa upp á þetta gerast. Við erum tryggð en það er ekki ljóst enn þá hvernig þessi mál fara. Það er alltof snemmt að reyna að meta tjónið til fjár."

magnush@frettabladid.is

ÞÓRÐUR VIÐ RÓSENBERG Þórður Pálmason, sem missti mikið af eigum sínum á staðnum Rósenberg í brunanum, sést hér fylgjast með slökkvistarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Andlitsmálning



Blöðrur

Ís fyrir börnin

Pylsur á grillinu

Jógvan

kl. 15.15

Skoppa og Skrítla

kl. 16.15

Hoppukastali

Kaffiveitingar

Fjölskylduhátíð

Opnum kosningaskrifstofu okkar í Reykjavík í dag, sumardaginn fyrsta, kl. 15.00–17.00 í Skógarhlíð 20 (Ýmir).

Allir velkomnir

Framsókn
Árangur áfram - ekkert stopp

B
2007

STÓRBRUNI Í REYKJAVÍK

STÓRBRUNI Í LÆKJARGÖTU Árið 1967 brunnu þrjú hús við Lækjargötu.

STÓRBRUNAR Í KVOSINNI Í TÍMANS RÁS

Það er langt síðan sögufræg hús í miðborginni hafa brunnið til kaldra kola eins og gerðist í gær. Það hafa þó orðið margir brunar á þessu svæði.

1915 Stærsti bruni í sögu Reykjavíkur varð í apríl 1915. Alls brunnu tíu hús við Hafnarstræti og Austurstræti til kaldra kola auk þess sem fjölmörg hús skemmdust. Tveir menn létu lífið í brunanum. Eftir brunann voru settar strangari reglur um byggingu húsa og meðal annars var bannað að byggja samfelldar timburhúsaraðir.

1944 Hótel Ísland við Austurstræti 2 brennur til kaldra kola.

1967 Sautján íbúar við Lækjargötu misstu heimili sín þegar þrjú timburhús brunnu til grunna. Hús Iðnaðarbankans við Lækjargötu 12 skemmdist verulega.

1977 Nokkur hús í Bernhöftstorfunni skemmast í bruna.

1986 Þak og ris hússins við Lækjargötu 14 stórskemmist í eldsvoða.

1998 Nýja bíó sem stóð við Austurstræti 22b (á lóðinni þar sem Iðu-húsið stendur nú) brennur til grunna. Einn slökkviliðsmaður var hætt kominn í brunanum og húsið

HÚSINU BJARGAÐ Slökkviliðsmönnum tókst að bjarga húsinu við Lækjargötu 2 þegar kviknaði í því síðast.

við Lækjargötu 2 (sem brann í gær) var í hættu. Ári áður, 1997, kom einnig upp eldur í húsinu en eigandi hússins náði að slökkva eldinn sjálfur áður en illa fór.

2004 Eldur kom upp á veitingastaðnum Kebab-húsinu við Lækjargötu 2 (sem brann í gær). Slökkviliðinu tókst að bjarga húsinu og þótti það mikil mildi. Húsið skemmdist nokkuð í brunanum.

Í LJÓSUM LOGUM Húsið við Austurstræti 22 á sér merka sögu þótt lítið hafi verið eftir af upprunalegu útliti þess. Húsið var friðað árið 1990. Þar var áður bústaður stiftamtmanns auk þess sem prestaskóli var í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Menningarminjar urðu eldi að bráð

Húsin sem brunnu við Austurstræti 22 og Lækjargötu 2 eru með elstu húsum bæjarins. Sérfræðingar segja að menningartjónið sé ómetanlegt.

BRUNI „Það er skelfilega sárt að horfa upp á svona merkilegar minjar verða eldi að bráð. Þetta horn er eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og þessum húsum fylgir afar merkileg saga," segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur sem fylgdist með brunanum í miðborginni í gær.

Húsin tvö sem brunnu eru með eldri húsum bæjarins. Húsið við Lækjargötu 2 var byggt árið 1852 og var fyrsta hornhúsið sem byggt var í Reykjavík. Hitt húsið, við Austurstræti 22, er að stofninum til frá árinu 1801 og því eitt allra elsta hús landsins. „Ég leyfi mér að segja að þetta hús við Austurstræti sé einn merkasti sögustaður landsins," segir Guðjón en húsið var bústaður stiftamtmanns og þar var landsyfirréttur til húsa. Í húsinu var æðsti dómstóll landsins og árið 1809 bjó sjálfur Jörundur hundadagakonungur í húsinu. Prestaskóli var starfræktur í húsinu um áratuga skeið sem Guðjón segir að hafi verið fyrsti vísirinn að háskóla á Íslandi. Þá muna eflaust margir Reykvíkingar eftir Haraldarbúð en hún var rekin í húsinu frá árinu 1915.

Húsið við Lækjargötu 2 á sér einnig merka sögu. Þar rak Sigfús Eymundsson ljósmyndastofu og bókaverslun frá árinu 1871 og matsala stúdenta „Mensa Academica" var í húsinu frá 1921.

Magnús Skúlason, arkitekt og forstöðumaður húsfriðunarnefndar ríkisins, segir að tjónið sé ómetanlegt. „Það er skelfilega sorglegt að sjá svona byggingararfleifð fara upp í reyk," segir Magnús sem fagnar yfirlýsingum borgarstjóra um að húsin verði gerð upp í upprunalegri mynd.

thorgunnur@frettabladid.is

UTANKJÖRSTAÐASKRIFSTOFA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS
Valhöll, Háaleitisbraut 1, 2. hæð, 105 Reykjavík
Símar: 515 1735 og 898 1720, fax: 515 1717
Netfang: oskar@xd.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingis kosninganna 12. maí nk. er hafin.

Kosið er hjá sýslumönnum um allt land.
Í Reykjavík er kosið í anddyri Laugardalshallarinnar alla daga kl. 10.00 - 22.00.

Erlendis er kosið í sendiráðum Íslands og hjá mörgum ræðismönnum. Einnig er kosið á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum skv. sérstökum auglýsingum þar um.

Munið að hafa skilríki meðferðis.

Utankjörstaðaskrifstofan veitir allar upplýsingar og aðstoð við kosningu utan kjörfundar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins www.xd.is og á upplýsingavef dómsmálaráðuneytisins www.kosning.is

Sjálfstæðisfólk!
Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, t.d. námsfólk erlendis.

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Elstu hús Reykjavíkur

Á reitnum sem afmarkast af Pósthússtræti, Austurstræti, Lækjargötu og Skólabrú eru mörg sögufræg hús. Húsaröðin við Lækjargötu 2, Austurstræti 20 og 22 er ein elsta varðveitta götumynd borgarinnar og með helstu kennileitum bæjarins.

AUSTURSTRÆTI 20

Eitt elsta hús bæjarins að stofninum til frá 1805. Húsið var embættisbústaður sýslumanns og flutt inn tilhöggvið frá Svíþjóð. Veitingastaðirnir Hressingarskálinn, Ömmuhús og Gott í gogginn eru í húsinu sem er friðað.

AUSTURSTRÆTI 22

Byggt á árunum 1801 til 1802. Húsið var upphaflega bústaður stiftamtmanns en síðar var prestaskóli í húsinu. Húsið er friðað og nú er þar veitingastaðurinn Pravda.

AUSTURSTRÆTI 22

Söluturninn Fröken Reykjavík.

LÆKJARGATA 2

Með eldri húsum bæjarins, reist árið 1852 og að líkindum fyrsta hornhúsið sem reist var í Reykjavík. Sigfús Eymundsson ljósmyndari átti húsið og var það jafnan kallað Eymundsenhús. Í dag eru í húsinu veitingastaðirnir Café Ópera, Café Rósenberg og Kebabhúsið. Lagt hefur verið til að húsið verði friðað.

LÆKJARGATA 2A

Hér stóð áður Nýja bíó, byggt árið 1920, fyrsta kvikmyndahús landsins. Húsið skemmdist afar illa í bruna árið 1998 og var rifið. Nýtt hús var reist á grunni þess árið 2000. Þar er verslunin Iða.

LÆKJARGATA 4

Hér stóð áður tvíflyft timburhús sem var flutt í Árbæjarsafn árið 1988. Nú er þar nýlegt íbúðar- og verslunarhúsnæði.

PÓSTHÚSSTRÆTI 11

Hótel Borg, byggt árið 1930 og teiknað af Guðjóni Samúelssyni. Húsið er friðað.

PÓSTHÚSSTRÆTI 9

Skrifstofuhúsnæði. Kaffihúsið Kaffibrennslan.

PÓSTHÚSSTRÆTI 7/AUSTURSTRÆTI 16

Stórhýsið á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis var byggt af á árunum 1916 til 1917. Áður stóð verslunarhús á lóðinni sem brann árið 1915. Í dag eru skrifstofur og veitingastaður í húsinu.

AUSTURSTRÆTI 18

Verslunarhúsnæði. Hér er bókabúðin Eymundsson til húsa.

SEÐIL, SEÐIL, SÍVAH VAH

VAH OG KAUPI SVONA BÍL

Seðillinn styttir þér leið í bílafjármögnun

Avant Seðillinn er nýjung sem gerir fjármögnun bifreiðakaupa einfaldari og fljótlegri en nokkru sinni fyrr. Þú fyllir út umsókn á avant.is og færð svo sendan Seðil í pósti eftir nokkra daga.

Seðillinn er staðfesting á að þú fáir hagstætt bílalán hjá Avant. Þú ferð einfaldlega með hann á næstu bílasölu og kaupir svona bíl. Þægilegra getur það varla verið!

Avant er nýtt fyrirtæki á sviði bílafjármögnunar sem byggir á traustum grunni Sjóvá fjármögnunar.

AVANT
Styttu þér leið

ENNEMM/SIA/NM27039

EKKI BRÁÐ HÆTTA Olíuslikja lá yfir fjörunni í Sandgerði í gær. Helgi Jensson, starfsmaður Umhverfisstofnunar, sagði bráða mengun ekki fyrir hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Olíuslikja lá yfir Hvalsnesfjöru í gær:

Beðið með hreinsun

HVALSNESFJARA Olíublautir fuglar sáust í Hvalsnesfjöru í gær, þar á meðal dauður fýll sem talið er að hafi drepist af öðrum orsökum. Helgi Jensson, verkefnisstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að ekki sé um bráða hættu að ræða. Beðið verði með að hreinsa fjöruna þar til á morgun, föstudag, þar sem dagurinn í dag er frídagur.

Ríkharður Friðriksson, starfsmaður Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, gekk fjörur í Sandgerði í gær að beiðni Umhverfisstofnunar til að kanna umfang olíumengunarinnar. Hann sagði að olíuslikja lægi yfir en aðeins einn olíublautur fýll hefði fundist.

Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, segir að smurolía hafi farið undan vélinni í sjóinn þegar Wilson Muuga var dreginn af strandstað í fyrrakvöld. Búast megi við að um nokkur tonn af smurolíu geti verið að ræða.

Wilson Muuga liggur nú við bryggju í Hafnarfjarðarhöfn. Guðmundur segir að hreinsa þurfi vélarbotninn og dæla upp smávegis af sjóblandaðri olíu. Meira verði ekki gert í bili. Mestar líkur séu á því að siglt verði með skipið til viðgerða eða niðurrifs á ódýrum stað austarlega við Svartahaf. „Ég á ekki von á því að strákarnir hérna geti ráðið við þetta," segir hann.

Vinna við að ganga frá tækjum og björgunarbúnaði hófst á strandstað í gær. **- ghs**

KRÓNAN
fyrst og fremst.

...í sumar!

27% afsláttur

1299 kr. kg.
Krónu lambagrillsneiðar þurrkryddaðar

1398 kr. kg.
Móa kjúklingabringur

40% afsláttur

899 kr. kg.
Grísakótilettur í Las Vegas marineringu

Gleðilegt sumar!

299 kr. pk.
Krónu pylsur 10 stk í pakka

399 kr. pk.
Grillborgar með brauði 4stk

89 kr. stk.
Egils Mix 2 lítrar

Ómissandi á grillkjötið!

149 kr. stk.
Hunts grillsósur 4 tegundir

Krónubrauð
99 kr./stk.

3 pokar í pakka
Pop Secret örbylgjupopp
139 kr./pk.

Góu tvenna
349 kr./pk.

Goran Bregovic
– fjör fyrir brúðkaup og jarðarfarir
Laugardalshöll 19. maí Miðaverð: 4.900 / 5.900
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



actavis

Goðsögnin Goran Bregovic ásamt 40 manna stórhljómsveit og kór leikur ómótstæðilega tónlist frá Balkanskaga.

Goran Bregovic samdi meðal annars tónlistina við kvikmyndirnar Underground, Arizona Dream og Time of the Gypsies. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Vorblóts. Sjá nánari upplýsingar og myndbrot frá 200 þúsund manna tónleikum Goran Bregovic í Montreal sl. sumar á **www.listahatid.is**.

„Strengjasveit, karlakór, harmónikkuleikarar, búlgarskar söngkonur, rafmagnsgítarar og heil lúðrasveit! Allt þetta saman og áhorfendur ærast af gleði."
- New York Times, 2006

„OLÉ, GORAN !!! Næstum þrjár klukkustundir af heitum tilfinningum, ógnarkrafti, litadýrð, ástríðu, framandleika og töfrum."
- El Pais

Glæsilegur 68 síðna dagskrárbæklingur Listahátíðar í Reykjavík 2007 kominn út!

Fáðu þér eintak í verslunum Hagkaupa, listasöfnum, kaffihúsum og víða um land.

Miðasala

Miðasala á viðburði Listahátíðar í Reykjavík 2007 fer fram á **www.listahatid.is** og í síma 552 8588, alla virka daga frá kl. 10 til 16. Miðasala á tónleika Goran Bregovic er einnig á www.midi.is.

10.–26. maí
Listahátíð í Reykjavík 2007
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

KAUPÞING ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um aðskilnað ríkis og kirkju:

Meirihlutavilji fyrir aðskilnaði

SKOÐANAKÖNNUN 57,2 prósent þjóðarinnar eru fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 42,8 prósent eru því mótfallin og er munurinn marktækur.

Ef litið er til afstöðu fólks eftir kyni segjast 62,0 prósent karla vera fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju. Aðeins rétt rúmur meirihluti kvenna, 51,6 prósent, segist hlynntur aðskilnaði.

Ef litið er til afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það segist myndu kjósa er marktækur munur á afstöðu þeirra sem myndu kjósa Frjálslynda flokkinn, Samfylkingu og Vinstri græn. Meirihluti stuðningsfólks allra flokkanna þriggja er fylgjandi aðskilnaði. 69,6 prósent þeirra sem styðja Frjálslynda flokkinn, 62,8 prósent þeirra sem styðja Samfylkingu og 70,7 prósent þeirra sem styðja Vinstri græn segjast hlynnt aðskilnaði ríkis og kirkju. Þá er marktækur munur á afstöðu þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa og segjast 56,2 prósent þeirra vera fylgjandi aðskilnaði þessara tveggja stofnana.

Tæpur meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins, 51,5 prósent, er fylgjandi aðskilnaði, en tæpur minnihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokkins, 49,7 prósent, segist andvígur aðskilnaði ríkis og kirkju. Hringt var í 800 manns laugardaginn 14. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju? 75,1 prósent tók afstöðu til spurningarinnar. - ss

ERTU FYLGJANDI EÐA ANDVÍG(UR) AÐSKILNAÐI RÍKIS OG KIRKJU?

ALLIR	
Fylgjandi	57,2%
Andvíg(ur)	42,8%

Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 14. apríl 2007

Byssumaðurinn hafði sýnt þess greinileg merki að eitthvað alvarlegt væri að:

Vakti óhug meðal nemenda

BANDARÍKIN, AP Margir nemendur og nokkrir kennarar við Virginia Tech-háskólann höfðu haft áhyggjur af Cho Seung-Hui, hinum 23 ára gamla nemanda sem framdi fjöldamorð í skólanum á mánudaginn. Sumir óttuðust að hann ætti eftir að fremja einhver voðaverk.

„Við vorum alltaf að grínast með að við værum bara að bíða eftir að hann gerði eitthvað, bíða eftir að frétta af einhverju sem hann hefði gert," sagði Stephanie Derry, ein af skólasystrum hans. „En þegar ég fékk símtal um að það hafi verið Cho sem gerði þetta, þá fór ég bara að gráta, ég veinaði og grét."

Cho hafði verið kærður til lögreglu fyrir að leggja tvær skólasystur sínar í einelti og árið 2005 var farið með hann á geðsjúkrahús vegna þess að talin var hætta á að hann fremdi sjálfsvíg. Cho stundaði nám við enskudeild skólans og skrifaði bæði leikrit og ljóð sem vöktu óhug meðal samnemenda hans og kennara. Textarnir voru ofbeldiskenndir, þóttu barnalegir og fullir af heift. Öllum sem þekktu hann var ljóst að eitthvað mikið var að.

„Ég veit við erum að tala um ungmenni," segir Nikki Giovanni, einn af kennurum hans við enskudeild skólans, „en það var einhver illska í þessum dreng."

ÞÚSUNDIR MEÐ KERTI Minningarathöfn um hina látnu var haldin í Virginia Tech-háskólanum í Blacksburg á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hún segir að margir nemenda sinna hafi hætt að mæta vegna þess hvernig Cho hagaði sér. Hún fékk því framgengt að hann var rekinn úr tímunum en annar kennari, Lucinda Roy, tók þá að sér að kenna honum í einkatímum.

„Hann var svo fjarlægur og einmana," sagði Roy. „Það var næstum eins og að tala út í tómið, eins og hann væri ekki á staðnum. Hann var með sólgleraugu og dró hattinn svo langt niður að það sást varla í andlitið." - gb

200.000 KR. KAUPAUKI
Vindskeið, heilsársdekk og 16" álfelgur.*

Verð frá 2.590.000,-
Subaru Forester með 2.0 lítra vél og 158 hestöflum.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

*Á meðan birgðir endast.

Dr. Þorsteini I. Sigfússyni, eðlisfræðiprófessor við HÍ, veitt verðlaun:

Fær tíu milljónir rúblna

VÍSINDI Dr. Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor við Háskóla Íslands, hlýtur alþjóðlegu orkuverðlaunin, Global Energy International Prize, í júní næstkomandi.

Verðlaunin eru veitt fyrir rannsóknir Þorsteins á sviði orkumála og hljóða upp á tíu milljónir rúblna, eða um 26 milljónir íslenskra króna. Þorsteini var tilkynnt þetta formlega í rússneska sendiráðinu í gær, en það verður svo Vladimír Pútín Rússlandsforseti sem afhendir honum þau í sumar.

Þorsteinn sagðist við athöfnina vera afar hrærður vegna viðurkenningarinnar. Hann hafi heyrt fyrir nokkrum dögum að hann stæði eftir til úrslita ásamt fjórum öðrum, en upphaflega komu um hundrað vísindamenn til greina.

„Þetta eru verðlaun sem ég veiti viðtöku fyrir hönd hins breiða hóps Íslendinga, sem í gegnum árin hafa staðið að rannsóknum á endurnýjanlegum orkugjöfum. Mér finnst ég standa á öxlum mikilmenna í þeim efnum og það er mér heiður að taka við þessum verðlaunum," sagði Þorsteinn.

Viktor Tatarintsev, sendiherra Rússlands á Íslandi, sagði Þorstein vísa veginn til framtíðar fyrir sambræður sína. Rannsóknir hans væru afar mikilvægar fyrir Rússland, sem og heiminn allan. „Að vera olíu- og gasauðugt land er eitt, en það er ekki hægt að treysta á það til allrar framtíðar. Endurnýjanleg orka er framtíðin." - kóþ

VERÐLAUNIN TILKYNNT Skálað var Þorsteini til heiðurs við hátíðlega athöfn í rússneska sendiráðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nítján ára piltur ákærður:

Sigldi stolnum bát í strand

DÓMSMÁL **Nítján ára piltur hefur verið ákærður fyrir líkamsárás, eignaspjöll, nytjastuld og umferðarlagabrot í Héraðsdómi Reykjaness.**

Piltinum er meðal annars gefið að sök að hafa ráðist á mann í slagtogi við óþekktan mann, slegið hann með hafnaboltakylfu og misþyrmt með öðrum hætti þannig að hann hlaut mikla áverka af.

Þá er hann ákærður fyrir að hafa stolið bátnum Gísla KÓ10 úr Kópavogshöfn og siglt honum í strand í Skerjafirði. Þess er krafist að pilturinn verði dæmdur til refsingar. - þsj

Bolungarvík-Hnífsdalur:

Gerð jarðganga hefst á árinu

STJÓRNMÁL Það líður að því að gerð jarðganga milli Bolungarvíkur og Hnífsdals verði boðin út.

STURLA BÖÐVARSSON

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að eftir útboð geti framkvæmdir hafist fljótlega; vonandi í vetur.

Áætlað er að gangagerðin kosti á sjötta milljarð króna.

Í vegaáætlun til 2010 sem samþykkt var á lokadögum þingsins í mars er gert ráð fyrir göngum milli Bolungarvíkur og Hnífsdals og að því stefnt að gerð þeirra verði lokið árið 2010. - bþs

MIKILVÆGT ÖRYGGISTÆKI Lífslíkur einstaklinga í hjartastoppi minnka með hverri mínútu frá því að hjartað stöðvast og þar til björgunaraðgerðir hefjast.

Securitas fær hjartastuðtæki:

Hefur þegar bjargað lífi

ÖRYGGISMÁL **Sjálfvirk hjartastuðtæki hafa verið sett í nokkra af útkallsbílum öryggisvarða Securitas á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru oft fyrstir á vettvang þegar slys eða óhöpp verða og því þótti brýn ástæða til að útbúa bíla með þessum tækjum. Nú þegar hafa tækin bjargað mannslífi.**

Tækið sem Securitas hefur fest kaup á nefnist Samaritan AED. Það sendir rafstraum í gegnum hjartað og getur komið því í eðlilegan takt. Heilbrigðisyfirvöld um allan heim hafa mælt með fjölgun slíkra tækja enda sannað að þau auka lífslíkur þeirra sem fá hjartastopp. Nú þegar hafa Samaritan AED tækin verið sett í sjúkrabifreiðar, sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, skip, lögreglubíla, íþróttamiðstöðvar og víðar. - þo

JAPAN

Borgarstjóri skotinn Borgarstjóri japönsku borgarinnar Nagasaki, Iccho Ito, var skotinn fyrir utan lestarstöð í borginni á þriðjudag, í miðri kosningabaráttu, og hann lést af sárum sínum í gær. 59 ára gamall maður sem tengist glæpaklíkunni Yamaguchi-gumi var handtekinn á staðnum. Hann játaði á sig verknaðinn.

120 1886 2006

Ekki alveg fyrstur
orð eru til alls fyrst
og þess vegna segir almanakið
Sumardagurinn fyrsti
þó reyndin kunni að vera
allt önnur
og ekkert sumar í nánd.

Þannig má varast
allt þjófstart . . .
með dumbum hvelli
og sumarið kemur aldrei
á undan sjálfu sér.

Þórarinn Eldjárn
f. 1949. Rithöfundur

Sumar fyrs

GOTT FÓLK McCANN

Grýlukertin lengjast
enn um sinn
nærast á sultardropum
teygja sig fingralöng
yfir mörkin
á skjön við
fjórskiptan
taktinn
en glóa svo
skyndilega
eins og pípuorgel
í vorsól.

RDAGURINN
TI

Eilíft undur
undur gaman.
Frjósa sundur
þíðna saman.

Íslendingar,
gleðilegt sumar

Á hverjum hátíðisdegi býður Landsbankinn listamanni
að deila með okkur hugrenningum sínum.
Þórarinn Eldjárn á orð dagsins.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

„ORÐRÉTT“

Þar fór töfralausnin

„Atvinnulíf á Vestfjörðum verður ekki byggt upp í einu vetfangi né heldur með töfralausnum.“

ÚR SKÝRSLU NEFNDAR UM UPPBYGGINGU ATVINNULÍFS Á VESTFJÖRÐUM

Morgunblaðið 18. apríl.

Nei, þarna er hún

„Stöðin kostar marga, marga milljarða og jarðgöng upp á 20-30 milljarða til allra staða væri varla vandamál.“

ÚLFAR B. THORODDSEN, FORSETI BÆJARSTJÓRNAR VESTURBYGGÐAR, UM ÁHRIF OLÍUHREINSUNARSTÖÐVAR Á VESTFIRÐI

Fréttablaðið 18. apríl

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? DANÍEL ÞORSTEINSSON Í HLJÓMSVEITINNI SOMETIME

Of þungt popp fyrir Einar Bárðar

„Ég hef verið á fullu að taka upp efni með hljómsveitinni minni, Sometime, fyrir plötu sem kemur væntanlega út í júlí ef allt gengur vel,“ segir Daníel Þorsteinsson tónlistarmaður. Auk hans skipa Diva De La Rósa, Curver, DJ Dice og Oculus bandið, sem hefur verið starfandi í tæplega eitt og hálft ár.

Platan hefur hlotið titilinn Supercalifragilisticexpialidocious(!), sem er vísun í samnefnt lag úr kvikmyndinni Mary Poppins. Hún mun innihalda fimmtán lög sem voru samin frá 2005 til ársloka 2006 og Daníel hefur að undanförnu verið að dunda sér við útsetningar. „Tónlistina mætti í grófum dráttum flokka sem elektró popp undir ákveðnum áhrifum strauma frá níunda áratugarinum. Reyndar líka þess fimmta, sem markast af söngstíl Rósu. Þetta er þó alls ekki hefðbundið popp og ég er til dæmis fullviss um að Einari Bárðarsyni þætti það heldur þungt fyrir sinn smekk.“

Daníel vill heldur ekki meina að lagasmíðar Sometime séu neitt í líkingu við tónlist hljómsveitarinnar Maus, sem hann var trommuleikari í á sínum tíma. „Alls ekki. Þá sömdu allir meðlimirnir tónlistina saman. Nú sem ég lögin á hljómborð og útset þau. Rósa kemur síðan með söngmelódíuna og textana. DJ Dice bætir hljóðum inn á og gefur lögunum meiri vídd. Curver og Oculus setja síðan punktinn yfir i-ið. Ég er hæstánægður með samstarfið og útkomuna.“

LANDAFRÆÐI:

LANDIÐ UNDIR JÖKLUNUM

Jöklar þekja 10-11 prósent af Íslandi. Minnstu jöklarnir eru í skálum eða hlíðum fjalla, nokkrir meðalstórir jöklar þekja einstök fjöll en stærstu jöklarnir ná yfir geysistórt land. Þeir eru líka þykkir, 200-900 metrar og ísinn kannski 1000-2000 ára gamall. Stóru hveljöklarnir eru fimm á Íslandi: Vatnajökull, Langjökull, Hofsjökull, Mýrdalsjökull og Drangajökull. Undir öllum þessum jöklum, nema Drangajökli, eru stórar eldstöðvar.

SJÓNARHÓLL

OLÍUHREINSUNARSTÖÐ Á ÍSAFIRÐI

Umhverfisþáttur-inn skoðaður

MÁR SVEINBJÖRNSSON
Hafnarstjóri í Hafnarfirði.

„Ég tel að þarna geti hugsanlega verið tækifæri og finnst alveg sjálfsagt að skoða þessa hugmynd mjög vel, ekki síst mengunarþáttinn. Mér finnst ekki hafa komið nógu vel í ljós hvaða orkugjafa þeir nota. Þeir segjast nota miklu minna rafmagn en álver. Ég hef sjálfur grun um að það hljóti að vera dálítið af eldsneytinu sem þeir eru að hreinsa og þá erum við farin að tala um brennslu á jarðeldsneyti sem mér finnst vera neikvætt þannig að mín skoðun er sú að það eigi að skoða þetta mjög vel og alls ekki að kasta þessu frá sér því að þarna eru verulega góð tækifæri til atvinnusköpunar og verðmætasköpunar en skoða eigi umhverfisþáttinn mjög vel,“ segir Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri í Hafnarfirði.

Nammibúð fyrir fornleifafræðinga

Forvörslu við landnámsskálann við Aðalstræti er nú að mestu lokið en fornleifafræðingar þurftu að leggja höfuðið í bleyti og grípa til nýstárlegra aðferða til að bjarga honum frá glötun. Gestir og gangandi geta litið við á Landnámssýningunni í dag og kynnt sér hvernig að var staðið og hvernig til tókst.

PER THORLING HADSUND OG JANNIE AMSGAARD EBSEN Verkefni af þessari stærðargráðu reka ekki oft á fjörur fornleifafræðinga en þau segja forvörslu landnámsskálans hafa verið afar lærdómsríka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skálinn, sem fannst syðst við Aðalstræti árið 2001, er um 1100 ára gamall, frá þeim tíma þegar menn námu fyrst land í Reykjavík. Torfið í honum var því komið vel til ára sinna og mátti við litlu hnjaski án þess að brotna niður og verða að dufti. Því var ljóst að til að varðveita skálann varð að finna leið til að koma í veg fyrir niðurbrot torfsins. Í þeim tilgangi var fyrir þremur árum leitað til Per Thorling Hadsund og Jannie Amsgaard Ebsen, forvarða við Nordjyllands Historiske Museum. Eftir að hafa brotið heilann um hvernig best væri að varðveita skálann komust þau að nýstárlegri lausn sem ekki hefur verið notuð við varðveislu torfrústa áður svo vitað sé.

„Þetta var mikil áskorun,“ segir Per. „Við þurftum að finna leið til að styrkja torfið en litur rústarinnar þyrfti að vera sem næst óbreyttur og bindiefnið að vera nógu gljúpt til þess að raki jarðlaganna undir rústinni gæti gufað upp í gegnum torfið.“

Eftir margar tilraunir með ýmis bindiefni datt Per niður á lausnina: efni sem ber hið þjála heiti tetraethylsilikat og hefur verið notað um árabil til forvörslu höggmynda og húsa úr steini. „Það hafði hins vegar aldrei áður verið notað á torf og við vissum því ekki hvort það myndi virka,“ segir Jannie. „En eftir mýmargar tilraunir sýndist okkur að það myndi bera árangur. Ómeðhöndlað torf molnar við lítið átak en eftir að hafa verið úðað með tetraethylsilikat er það mjög hart,“ segir hún og réttir blaðamanni grjótharðar kleinur, klósettpappír og viskustykki sem hafa verið úðuð með efninu til að sýna fram á áhrif þess.

Bindiefninu var úðað á skálann í þremur umferðum og lauk þeirri síðustu fyrir skemmstu og forvörslu skálans því að mestu lokið, en hún var ekki með öllu hættulaus. „Bindiefnið er ekki baneitrað en við notuðum það í svo stórum skömmtum að við þurftum að klæðast eiturefnabúningum og vera með súrefnisgrímur meðan á vinnu stóð. En torfið er hættulaust eftir að það hefur harðnað.“

FORVÖRÐUR VIÐ STÖRF Aldrei er of varlega farið þegar tólf þúsund lítrar af tetraethylsilikat eru í spilinu og forverðir klæddust því hlífðargöllum og báru súrefnisgrímur.

Að sögn Per og Jannie reka verkefni á borð við þetta ekki oft á fjörur fornleifafræðinga, til að mynda er það mjög dýrt og óalgengt að menn vilji kosta miklu til við varðveislu torfbæja. „Þetta er mikil vinna og tetraethylsilikat er mjög dýrt,“ segir Jannie. „Hver lítri kostar um þúsund krónur og við höfum notað um það bil tólf þúsund lítra. Í ljósi þess hversu merkilegur þessi skáli er og hversu mikið menningarlegt gildi hann hefur fyrir íslensku þjóðina voru menn reiðubúnir að kosta miklu til. En mér þykir ólíklegt að við eigum eftir að taka þátt í jafn viðamiklu verkefni í náinni framtíð.“

Per bætir við að fyrir fornleifafræðing sé þetta næstum eins og að vera krakki í sælgætisbúð. „Þetta hefur verið skemmtileg vinna og lærdómsrík, til dæmis höfum við gert margar tilraunir með þetta bindiefni og uppgötvað nýja möguleika þess sem eiga líklega eftir að nýtast í fornleifafræði. Og ekki síst ánægjulegt að fá að taka þátt í að varðveita jafn merkilega fornleif og þessi skáli er.“

Skálinn hefur verið til sýnis á Landnámssýningunni 871+/2 frá því í fyrra. Ókeypis er á sýninguna í dag og munu fornleifafræðingarnir flytja fyrirlestra á ensku um forvörsluna. Fram að þessu hafa hátt í 30 þúsund manns séð sýninguna sem var á dögunum tilnefnd til evrópsku safnaverðlaunanna, European Museum of the Year Award, fyrir árið 2008.

bergsteinn@frettabladid.is

Rífur upp matseldina

» Microplane rifjárnin voru þróuð fyrir trésmiði en fljótt spurðist út að þau henta afar vel til matargerðar. Þau eru frábær til að rífa meðal annars engifer, múskathnetur og súkkulaði. Rifjárnin fást í mismunandi grófleikum.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Nýtt happdrættisár – enn glæsilegri vinningar!

768 skattfrjálsar milljónir í peningum á árinu

6x Lexus GS 300

+ 6,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

6x Harley V-ROD

+ 3 milljónir í bakpokann
á tvöfaldan miða!

Smáralind um helgina
Vinningarnir verða til sýnis í Smáralindinni um helgina

Miðasala hafin á das.is

Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn.
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Opið um helgina í aðalumboðinu
Tjarnargötu 10, kl. 12:00 - 18:00.

Hringdu núna í síma 561 7757 - Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35362 04/07

Gleðilegt sumar!



NÓATÚN

Alltaf glæsilegt úrval

af ferskum ávöxtum og grænmeti!

NÓATÚN

verði ykkur að góðu!

Svona erum við

> Meðaltal verðvísitölu botnfiskaflans



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: LÍNUÍVILNUN

Strangar reglur fyrir smábátasjómenn

Línuívilnun nýtist sjómönnum á dagróðrabátum sem veiða þorsk, ýsu og steinbít. Ívilnunin felst í því að sjómenn fái ákveðið hlutfall, sextán prósent, umfram það sem reiknast til aflamarksins.

Ívilnunin er bundin ákveðnum skilyrðum sem fram koma í fimm liðum í reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins um þessi mál.

Hver eru skilyrðin?

Í fyrsta lagi þarf línan sem notuð er við veiðarnar að hafa verið beitt í landi og óheimilt er að hafa önnur veiðarfæri um borð. Í öðru lagi verður bátur að koma til löndunar í höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða úr þeirri höfn. Í þriðja lagi þarf sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins að vera virkt. Í fjórða lagi þarf skipstjórinn á bátnum að tilkynna um upphaf og endi veiðiferðarinnar. Í fimmta lagi þarf skráningin á aflanum í landi að vera með þeim hætti, að fram komi að landbeitt lína hafi verið notuð í tilteknum róðri samkvæmt upplýsingum frá skipstjóra. Þessar upplýsingar þarf að skrá inn í upplýsingakerfið Lóðs.

Eru reglurnar umdeildar?

Smábátaeigendur hafa ítrekað kvartað yfir því að önnur grein reglugerðarinnar geti verið til þess fallin að skapa óöryggi. Kvartanirnar byggjast á því að bátaeigendur freista þess að flýta ferð sinni aftur til heimahafnar, hvernig sem viðrar, til þess að missa ekki ívilnunina og þar með verðmæti. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu rannsakar Rannsóknarnefnd sjóslysa nú hvort þessi regla hafi haft áhrif á ákvarðanatöku sjómanna er slys varð úti fyrir mynni Ísafjarðardjúps 14. mars síðastliðinn. Þá létust tveir sjómenn á bátnum Björgu Hauks 127 ÍS; Eiríkur Þórðarson og Unnar Rafn Jóhannsson. Í því tilviki var styttra til hafnar í Súgandafirði en þeir ákváðu að halda til hafnar í Ísafirði enda hefðu þeir misst ívilnunina samkvæmt reglunum.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu að hann myndi beita sér fyrir breytingum á reglunum ef það væri til þess fallið að auka öryggi sjómanna.

SPURT & SVARAÐ

VIKA BÓKARINNAR

Ótvírætt gagn

Vika bókarinnar er hafin. Aldrei hafa bækur verið jafn aðgengilegar og nú eða úrvalið jafn mikið. Fjórar nýjar bækur eru gefnar út á landinu að meðaltali í hverri viku. Kristján Bjarki Jónasson er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Hvers vegna vika bókarinnar?

Vika bókarinnar er framlenging á degi bókarinnar og á að minna á gildi bóklesturs og það ótvíræða gagn sem fólk hefur af því að lesa.

Hvað gagn er það?

Rannsóknir hafa sýnt, sérstaklega hjá börnum og unglingum, að lestrarskilningur er grundvöllur námshæfni, jafnvel í stærðfræði. Skilningur á efni er jú forsenda þess að fólk nái tökum á efni. Þetta hangir svo saman við móðurmálsþekkingu, sem eykst með lestri. Þekking á móðurmáli skiptir svo

KRISTJÁN BJARKI JÓNASSON
Formaður Félags íslenskra bókaútgefanda

meginmáli þegar læra á önnur tungumál.

Hvernig getur maður virkjað áhuga á lestri?

Samvera barna með bókum, jafnvel löngu áður en þau læra að lesa, skiptir miklu máli. Það þarf ekki að lesa lengur fyrir börn en í tíu mínútur á dag til að það skili sér ríkulega til þeirra. Fullorðið fólk ætti líka að hafa í huga að aldrei hefur verið jafn auðvelt að nálgast bækur, þær hafa aldrei verið jafn ódýrar og fjölbreyttar. Í einni bók má finna ómælda þekkingu, vitneskju og skemmtun.

NÝJAR VÖRUR DAGLEGA Úr fjölmörgum tegundum er að velja þegar skammbyssa er keypt í Bandaríkjunum. Þarna eru nokkar þær vinsælustu til sýnis á ársþingi National Rifle Association, sem haldið var í St. Louis um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hey!

Spæni og hör færðu
í Húsasmiðjunni Ögurhvarfi*
ásamt úrvali af öðrum vörum fyrir hestamanninn

* Hestavörur fást einnig í völdum verslunum um land allt

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Umræða vakin úr dvala

Fjöldamorðin í Virginia Tech-háskólanum á mánudag hafa enn á ný vakið upp umræðu um byssueign í Bandaríkjunum. Litlar líkur þykja þó á því að sú umræða verði hávær í kosningabaráttunni næstu misserin.

Skotárásir í skólum virðast vera algengari í Bandaríkjunum en víðast hvar annars staðar. Voðaverk af því tagi vekja jafnan óhug og mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Í hvert sinn sem slíkt gerist fer einnig af stað umræða um byssueign í Bandaríkjunum. Sú umræða er þegar komin á fullt skrið, bæði innan Bandaríkjanna og utan þeirra.

Strax daginn eftir voðaverkin voru margir leiðarahöfundar í evrópskum dagblöðum snöggir að varpa skuldinni á það hve frjálslega Bandaríkjamenn umgangast byssur. Samtök bandarískra byssueigenda, National Rifle Association, með hinn aldna leikara Charlton Heston í fararbroddi, eru gerð meðsek hinum 23 ára gamla Cho Seung-Hui sem varð bæði sjálfum sér og 32 nemendum og kennurum að bana, vopnaður tveimur skammbyssum sem hann átti í litlum vandræðum með að útvega sér með löglegum hætti í Virginíuríki.

Viðkunnanlegur kaupandi

Aðra byssuna keypti Cho í byssubúð í bænum Roanoke hinn 13. mars og greiddi fyrir með kreditkorti sínu, en hina fékk hann hjá veðlánara í Blacksburg hinn 9. febrúar.

„Hann var viðkunnanlegur og snyrtilegur háskólastrákur," sagði John Markell, eigandi búðarinnar í Roanoke, í viðtali við AP-fréttastofuna. „Við seljum ekki byssu ef við höfum minnsta grun um að eitthvað sé bogið við kaupin."

Samkvæmt lögum Virginíuríkis er litlar hömlur lagðar við vopnakaupum. Heimilt er að kaupa sér byssu einu sinni í mánuði.

Talið er að um 600 til 700 milljón byssur séu til í heiminum, og er þá átt við smærri vopn á borð við skammbyssur og riffla, en ekki þungavopn. Þriðjungurinn af öllum þessum byssum er í Bandaríkjunum, og má af því ráða hve mikla áhersla Bandaríkjamenn leggja á að vopnvæðast.

Vísað í stjórnarskrána

Talsmenn byssueignar vísa jafnan í 2. viðauka bandarísku stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um rétt almennings til að bera byssur:

„Þar sem vel skipulagt landvarnarlið er nauðsynlegt fyrir öryggi frjálsra ríkja skal réttur þjóðarinnar til að eiga og bera vopn óskertur látinn."

Viðaukinn er ekki langur, eins og sjá má, en merking hans hefur þó vafist fyrir mörgum og sýnist sitt hverjum. Til dæmis er deilt um hvort með orðalaginu „réttur þjóðarinnar" sé átt við „rétt einstaklinga" til að eiga og bera byssur, eða hvort þar sé átt við stærri heildir, hópa eða samtök einstaklinga, og þá væri viðaukinn skilinn sem svo að hann kveði á um rétt ríkjanna til þess að halda uppi skipulögðum hersveitum.

Ráðandi viðhorf í Bandaríkjunum, jafnt meðal stjórnmálamanna sem almennings, virðist hins vegar vera að byssueign falli undir almenn mannréttindi. Hver maður þurfi að hafa ótvíræðan rétt til að geta varið sig fyrir árásum.

Málsvarar óheftrar byssueignar hafa jafnvel sagt fjöldamorðin í Blacksburg einmitt vera gott dæmi um það hve afdrifaríkar afleiðingar það geti haft að leyfa fólki ekki að bera byssur til að verja sig. Ef nemendur, eða í það minnsta kennarar, hefðu haft leyfi til að bera byssur á skólalóðinni hefði verið hægt að bjarga mörgum mannslífum. Cho hefði einfaldlega verið skotinn niður áður en hann hefði náð að valda jafn miklu tjóni og raun varð á.

Litlar líkur á breytingum

Umræða um útbreiðslu byssueignar hefur reyndar ekki verið áberandi í stjórnmálum í Bandaríkjunum svo árum skiptir. Satt að segja hefur vart verið minnst á þetta mál af neinni alvöru allan þann tíma sem George W. Bush hefur verið Bandaríkjaforseti, og ólíklegt þykir að það muni breytast mjög á næstunni þótt fjöldamorðin í Virginia Tech verði vafalaust til þess að málið skjóti upp kollinum af og til í kosningabaráttunni næstu misserin.

„Þetta mál er að mestu leyti farið af dagskrá," er haft eftir stjórnmálafræðingnum Robert J. Spitzer í veftímaritinu Salon.

Demókratar hafa lengst af lagt mikla áherslu á að herða reglur um byssukaup. en veruleg breyting hefur orðið þar á. Núna „hlaupa þeir eins og fætur toga burt frá þessu máli og vilja ekki hengja hatt sinn á það," segir Spitzer.

Harry Reid, leiðtogi þingmeirihluta Demókrataflokksins í öldungadeild Bandaríkjaþings, hvetur til þess að voðaverkin á mánudag verði ekki til þess að menn flýti sér um of að setja strangar reglur.

„Ég held að við ættum að hugsa um fjölskyldurnar og fórnarlömbin en ekki velta vöngum yfir þeim átökum sem búast má við í framtíðinni um lagasetningu," sagði Reid nú á þriðjudaginn. Aðrir leiðtogar demókrata hafa tekið undir þetta.

FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Opinn dagur!

Í Háskólanum á Bifröst, fimmtudaginn 19. apríl frá kl. 14 – 17.

Boðið verður upp á leiðsögn um háskólaþorpið, skemmtun fyrir börnin og kaffi og vöfflur.

- Allar deildir háskólans kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi og bjóða umsækjendum og öðrum áhugasömum upp á viðtöl við deildarforseta, námsráðgjafa og kennara.
- Stjórnendur skólans ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra við þá sem vilja.
- Kennslufræði háskólans verður kynnt en fámennir verkefnahópar, nálægð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í tengslum við atvinnulífið skapar skólanum mikla sérstöðu.
- Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða nemendagarða verður til sýnis.
- Nemendur kynna nám og daglegt líf á Bifröst.
- Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis þar á meðal líkamsræktarsalir, heitir pottar, kaffihús og lestraraðstaða.
- Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg kynna starfsemi sína.
- Á meðan foreldrar skoða svæðið geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu.
- Boðið verður upp á kaffi, kakó, vöfflur og ís.
- Allir gestir fá frímiða í Hvalfjarðargöngin til baka.

Allir velkomnir

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

Svona erum við

> Kostnaður við rekstur ökutækja sem hlutfall af meðalneyslu heimilanna.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR MATARGÚRÚ

Rykfrakki á slikk

„Ég gerði æðislega góð kaup um daginn," segir Sólveig Eiríksdóttir matargúrú sem jafnan er kölluð Solla á Grænum kosti. „Þannig var að ég var búin að sjá svona rykfrakka eða kápu, eins og allar konur eru í þessa dagana, í London. Hann var æðislega flottur en kostaði 35 þúsund krónur. Ég lét ekki slag standa en þegar ég kom til landsins sé ég einn mjög svipaðan í Vero Moda. Sá kostaði 3.500 krónur og því finnst mér ég hafa grætt mismuninn. Ég man ekki eftir að hafa átt flík sem ég hef notað jafn mikið.

Verstu kaup Sollu tengjast einnig fatabúðum. „Í einni ónefndri búð í Reykjavík keypti ég mér einu sinni peysu á 30 þúsund krónur. Ég hafði hugsað mikið um hana áður en ég keypti hana og var búin að sannfæra mig um að hún væri vel þess virði. Ég kæmi til með að eiga hana alla ævi og nota mikið þar sem hún væri svo klassísk.

Ég fór eiginlega aldrei í hana. Geymdi hana ónotaða inn í skáp árum saman án þess að vita hvað ég ætti að gera. Að lokum gaf ég tengdamóður minni hana og hún er sem betur fer ótrúlega ánægð með hana."

HÚSRÁÐ

SÍTRÓNUR Í ÖRBYLGJUNA

■ *Milli þess sem plötusnúðurinn Kitty Lapka skankar skífum mallar hún gulrætur og þrífur eftir ketti.*

„Þau húsráð sem hafa gagnast mér best í gegnum árin eru þessi: Þegar maður meðhöndlar gulrætur og fleira grænmeti fær maður stundum bletti á hendurnar sem erfitt er að ná af. Ef maður nuddar hendurnar með ósoðnum kartöflum fara þeir af. Til að ná katta- og hundahári af fötum og mublum virkar rakur gúmmíhanski jafnvel og hárfinnur. Og síðast en ekki síst: Sítrónur sem farnar eru að harðna verða lungamjúkar og safaríkar aftur ef þeim er stungið í örbylgjuofn í fimmtán sekúndur."

■ **Endurvinnsla**

Sorpa minnir á bylgjupappann

Sorpa hefur undanfarið minnt neytendur á að skila bylgjupappa í endurvinnslu. Á heimasíðu Sorpu kemur fram að árlega falla til um 4 milljónir af pitsukössum árlega. Reikna má með að á hverju ári falli til um 20.000 tonn af bylgjupappa á höfuðborgarsvæðinu. Með því að flokka þessar umbúðir frá öðrum úrgangi má draga verulega úr því magni úrgangs sem fer til urðunar.

Bylgjupappinn er þannig gerður að hægt er að endurvinna hann aftur og aftur. Neytendur eru því hvattir til þess að skila honum á endurvinnslustöðvar.

■ **Verðlækkanir**

Meirihluti hunsar verðlækkanir

Meira en helmingur veitingahúsa og mikill meirihluti mötuneyta, eða sjötíu prósent þeirra, hafa ekki lækkað verð hjá sér. Gert var ráð fyrir því að verðlækkanir yrðu eftir 1. mars þegar virðisaukaskattur á matvöru lækkaði.

Viðskiptaráðherra bað um að Neytendastofa hefði eftirlit með því hvort lækkanirnar skiluðu sér til neytenda. Stofan sendi bréf til veitinga-, kaffihúsa og mötuneyta sem ekki lækkuðu verð og hvatti til að breyting yrði þar á. Í 53 prósentum tilvika bárust ekki svör frá veitingahúsum eða þau kváðust ekki ætla að lækka verð. Neytendastofa getur ekki beitt fyrirtækin viðurlögum vegna þessa. Neytendasamtökin hyggjast þó birta nöfn þeirra fyrirtækja sem hafa óbreytt verð á vefsíðu sinni.

■ **Húsnæðislán**

Nýr lánskostur fyrir fólk í húsnæðisleit

Boðið er upp á nýja tegund húsnæðislána frá og með deginum í dag hjá Glitni. Helmingur lánsins er verðtryggður í íslenskri mynt en hinn helmingurinn óverðtryggt lán í lágvaxtamyntunum jenum og svissneskum frönkum. Vextir eru 4,5 prósent miðað við hámarksveðsetningarhlutfallið 80 prósent, sem er sama hlutfall og á verðtryggðum lánum.

Í tilkynningu frá Glitni segir að með lánum sem þessum sé verið að koma til móts við þann vaxandi hóp viðskiptavina bankans sem hafi áhuga á að fjármagna húsnæði með erlendum lánum án þess að taka of mikla gengisáhættu.

Reykhyltingar ´67

Okkar tími er kominn!

Með komandi vori eru liðin 40 ár síðan við vorum útskrifuð úr gagnfræða- og landsprófi frá Reykholtsskóla í Borgarfirði.

Er ekki tími til kominn að hittast?

Maggnús Víkingur Grímsson á land við Flúðir í Hrunamannahreppi sem nefnist "Laufskálabyggð". Þar hefur hann ákveðið að efna til útihátíðar helgina 21.-22. júlí ´07, sér-hannaða fyrir okkur Reykhyltinga, nægt pláss fyrir tjöld, hjólhýsi og þess háttar, maka, börn og jafnvel barnabörn, eftir því hvað hver vill.

Samkomutjald, útisalerni, flatbökusala, glens og gaman.

Auk þess mun Maggnús fljúga útsýnisflug með þá sem þess óska ef veður leyfir, engan glannaskap.

Í undirbúningsnefnd eru:

Fyrir landsprófið:		sími
Stefán Magnús Böðvarsson	stebo@visir.is	899 1726
Stefanía Ólafsdóttir	stella@grindavik.is	6607319
Fyrir gagnfræðinga:		
Maggnús Víkingur Grímsson	maggnus@laufskalar.is	893 65 99
Einar Axelsson	einarax@simnet.is	899 2478
Þorvaldur Aðalsteinsson	gudrid@simnet.is	893 3269

Látið nú heyra frá ykkur, til einhvers af nefndarfólkinu, því við verðum jú að vita þátttöku.

Byrjið strax að rifja upp skemmtisögur og Sturlungar, byrjið nú að æfa nokkur lög t.d. I´m on an Island og Undir bláhimni.

Fara yfir heimild þrátt fyrir síhringikortin

Hægt er að fara yfir úttektarheimild þó að síhringikort séu notuð og geta korthafar lent í því að fara á „FIT". Þetta gerist þegar færslur tefjast í níu daga, til dæmis vegna bilunar. Börn og unglingar mega ekki stofna til skulda.

GETA FARIÐ Á „FIT" Fólk sem á debetkort sem er síhringikort getur ekki treyst því að það fari ekki á „FIT" í bankanum eins og margir kynnu að halda.

Hægt er að fara yfir úttektarheimild á reikningum þegar debetkort sem eru síhringikort eru notuð þó að slíkt eigi ekki að geta komið fyrir. Notendur slíkra korta geta lent í því að greiða svokallaðan FIT-kostnað upp á minnst 750 krónur nema þeir mótmæli við bankann.

Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, kannast við að kvartað sé yfir því að börn og unglingar sem hafi síhringikort fari yfir á reikningum sínum vegna þess að kortin hringi ekki inn og séu látin greiða „FIT"-kostnað.

„Þegar fólk fær svona kort fyrir börnin sín gengur það út frá því að alltaf sé kannað hvort til sé innistæða. Fólk telur sig vera að tryggja sig fyrir því að unglingar fari fram yfir og svo er ekki hægt að treysta á það," segir hann og bendir á að kostnaðurinn geti verið himinhár, til dæmis þegar dagvextir leggjast ofan á. „Hreint okur," segir hann.

„Síhringikortin virka þannig að það er alltaf hringt eftir heimild og féð tekið frá þannig að korthafinn getur ekki farið yfir á reikningnum. Sérstaklega gildir þetta um debetkort fyrir börn og unglinga sem eru ófjárráða. Þau mega ekki stofna til skulda en mega ráðstafa sínu sjálfsaflafé og gjafafé," segir Ragnar Már Vilhjálmsson, vörustjóri hjá Glitni.

Halla Leifsdóttir, deildarstjóri hjá Visa Íslandi, segir að síhringikort hringi alltaf inn en færslur geti tafist. Ef þær skili sér ekki inn á níu dögum, til dæmis vegna bilunar í tækjabúnaði, geti korthafinn fengið hina fráteknu peninga aftur inn á reikninginn sinn, eytt þeim óvart og farið á „FIT".

Reglur bankanna eru mismunandi. Ragnar segir að Glitnir rukki ekki „ófjárráða krakka um nein færslugjöld eða „FIT"-kostnað. Þessir aðilar séu allir án þjónustugjalda. „Ef upp koma tilfelli um slíkt þá undantekningarlaust leiðréttum við slíkan kostnað," segir hann.

Anna Bjarney Sigurðardóttir, forstöðumaður hjá Landsbankanum, kannast við vandamálið með síhringikortin og segir að þegar slíkt gerist sé málið skoðað og leyst með sanngjörnum hætti.

Friðrik Halldórsson, forstöðumaður hjá Kaupþingi, kannast við vandamálið með síhringikortin en segir að það sé löngu liðin tíð hjá Kaupþingi. **ghs@frettabladid.is**

Verð á umfelgun á stálfelgum er hæst hjá N1 en lægst hjá Vöku:

Munar 1.200 krónum

Umfelgun á venjulegum fólksbíl með 13-15 tommu dekk á stálfelgum er ódýrust hjá Vöku og dýrust hjá N1. Hjá Vöku kostar umfelgunin 4.800 krónur en hjá N1 kostar hún 6.090. Munurinn nemur 1.290 krónum eða um fjórðungi af kostnaðinum við umfelgunina hjá Vöku.

Fréttablaðið kannaði nýlega kostnaðinn við umfelgun á sjö stöðum á landinu: Vöku, Pitstop, Gúmmívinnslunni Akureyri, Bílkó, Dekkjaverkstæði Grafarvogs, Dekkjaáttunni og N1. Umfelgunin var næstódýrust hjá Pitstop og næstdýrust hjá Dekkjaáttunni.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, rifjar upp að hæsta verð á samskonar umfelgun hafi verið 5.800 krónur samkvæmt verðkönnun ASÍ, sem gerð var síðasta haust, og það hafi verið innan N1-keðjunnar. „Ég hefði átt von á að því að þeir sem voru með hæsta verðið í haust myndu halda í við sig en svo virðist ekki vera," segir Runólfur. Hann telur bersýnilegt að neytendur geti sparað í umfelgun með því að skoða framboð. „Það munar umtalsvert um 1.200 krónur."

Lögreglan hefur heimild til að sekta bíleigendur fyrir nagladekk frá 15. apríl. Runólfur segir að hefð sé fyrir því að bíða fram að mánaðamótum þar sem aðstæður geta verið með þeim hætti að nagladekkja sé þörf. Sektin nemur 5.000 krónum á dekk. **- ghs**

VERÐKÖNNUN Á UMFELGUN

Kostnaður við umfelgun á venjulegum fólksbíl með 13"-15" dekk á stálfelgum

	Verð
Vaka	4.800
Pitstop	4.885
Gúmmívinnslan Akureyri	5.317
Bílkó	5.390
Dekkjaverkstæði Grafarvogs	5.752
Dekkjaáttan	5.890
N1	6.090

www.lyfja.is

CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

Kaupauki 6 hlutir!

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

- 7 day scrub cream 30 ml
- DDML gula kremið 15 ml
- Superdefense rakakrem 7ml
- CS augnskuggi super shimmer
- CS varalitur blushing coral
- Clinique happy perfume spray

* Á meðan birgðir endast

Eru varir þínar eins ásjálegar og þær gætu verið?

Prófaðu nýja töfrasprotann
Full Potential Lips

Gefðu þeim aukna fyllingu

- Mild þrívirk efnasamsetning gerir varirnar þrýstnari og fyllri á augabragði.
- Áhrifin vara í allt að 6 klukkustundir.
- Með áframhaldandi notkun örva peptíðin í efninu eigin kollagenframleiðslu húðarinnar og stuðla að sléttari áferð og skýrari útlínum.
- Töfrasprotinn er þægilegur í notkun eins og allt annað frá Clinique og fæst í 10 frábærum litum sem gera varirnar þrýstnar og fallegar.

Garðatorgi, Laugavegi, Lágúmlia Setbergi, Smáralind, Smáratorgi, Spönginni, Borgarnesi, Egilsstöðum, Höfn og Reyðarfyrði.

LYFJA
- Lifið heil

Fíton/SÍA

N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR **N1** VERSLANIR **N1** BÍLAÞJÓNUSTA **N1** FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

MERKI UM GOTT SUMAR

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Við höfum 115 afgreiðslustaði um land allt, þjónustustöðvar, verslanir, hjólbarða- og smurþjónustu ásamt öflugri fyrirtækjaþjónustu. Við óskum landsmönnum öllum gleðilegs sumars. **N1 – Meira í leiðinni**

WWW.N1.IS

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 7.831 **+0,25%** **Fjöldi viðskipta:** 476 **Velta:** 6.030 milljónir

MESTA HÆKKUN

Atlantic Petrol.	+0,73%
Landsbankinn	+1,46%
Mosaic	+1,19%

MESTA LÆKKUN

Össur	-1,59%
Eimskipafélagið	-1,16%
Icelandair	-0,37%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,51 +0,00% ... Actavis 78,00 +0,00% ... Alfesca 4,70 +0,00% ... Atlantic Petroleum 695,00 +3,73% ... Atorka 6,95 +0,73% ... Bakkavör 69,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 34,00 -1,16% ... FL Group 29,90 +0,00% ... Glitnir 27,00 +0,00% ... Kaupþing 1.085 +0,00% ... Landsbankinn 34,70 -1,16% ... Marel 73,30 +0,96% ... Mosaic Fashions 17,00 +1,19% ... Straumur-Burðarás 20,90 +0,00% ... Össur 124,00 -1,59%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Víkingabossinn Róbert Wessman
Tímaritið Economist lagði á dögunum heila síðu undir forstjóra Actavis, Róbert Wessman. Mun hann vera annar Íslendingurinn til að prýða dálkinn „Face value" á eftir íþróttaálfinum Magnúsi Scheving. Yfirskrift viðtalsins var „Viking boss - viking strategy". Í greininni er rekið hvernig Róbert reif upp lítið íslenskt lyfjafyrirtæki í fjárhagskröggum og breytti því eitt öflugasta samheitalyfjafyrirtæki heims. Fjallað er um stjórnunaraðferðir, framtíðarsýn og ekki síst áhugamál forstjórans. Economist er ekki fyrsta blaðið til að greina frá hraðaþörf Róberts. Þykir það lýsandi fyrir persónuleika hans hvernig hann tæmir hugann með því að bruna um á hraðskreiðum ökutækjum. Róbert keyrir Harley Davidson hjól sitt þegar vel viðrar. Nýverið prufukeyrði hann svo Formúlu 1-bíl. Það var „óviðjafnanleg tilfinning" sagði hann í viðtalinu við Economist.

Litlu fjárfestingarsjóðirnir
Talsvert ris hefur verið á fjárfestingarsjóðum, ekki síst bandarískum, síðustu vikurnar. Stærstu nöfnin hafa unnið að risayfirtökum bæði í heimalandinu og í Evrópu og virðist á stundum sem þau ætli að sópa flestum fyrirtækjum undir hatta sína. Bandarísku viðskiptatímaritið Fortune bendir á að það eru nær eingöngu stærstu fjárfestingarsjóðirnir vestra sem mesta umfjöllun fá í fjölmiðlum. Tímaritið bendir sömuleiðis á að yfirtökum yfir einum milljarði dala, jafnvirði um sjötíu milljarða íslenskra króna, hafi fjölgað úr tólf árið 2002 í áttatíu á síðasta ári. Fjöldi fjárfestingarsjóða stendur í öllu smærri yfirtökum á hverju ári, að sögn tímaritsins, sem bætir við að hvorki fleiri né færri en 1.700 fjárfestingarsjóðir séu nú starfandi í Bandaríkjunum. Fjárfestingargeta þeirra liggur í um 180 milljörðum dala, jafnvirði tæpra 12.000 milljarða íslenskra króna, sem er talsvert undir getu stærstu fjárfestingarsjóða vestanhafs.

MARKAÐSPUNKTAR...

Á fyrsta ársfjórðungi 2007 voru að meðaltali 3.500 manns án vinnu og í atvinnuleit eða tvö prósent vinnuaflsins. Atvinnuleysi mældist tvö prósent bæði hjá körlum og konum. Þetta sýna nýjar tölur frá Hagstofunni.

Breska pundið hefur ekki verið hærra gagnvart bandaríkjadal í fimmtán ár. Í Vegvísi Glitnis segir að styrking punds og evru sé mikið áhyggjuefni fyrir framleiðslufyrirtæki í Evrópu sem byggja afkomu sína á útflutningi.

Það sem af er ári hefur undirliggjandi velta á innlendum hlutabréfamarkaði verið sambærileg við veltuna 2006. Veltan var lítið minni í janúar og mars á þessu ári heldur en á síðasta ári en mun meiri í febrúar. Þetta kemur fram í Morgunkorni Greiningar Glitnis.

Kaupþing rætt á stórþinginu

Peter S. Gitmark, þingmaður Hægriflokksins á norska Stórþinginu og situr auk þess í fjárlaganefnd þingsins, hefur skrifað Kristinu Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs og leiðtoga Sósíalistaflokksins, bréf og krafið hana um ástæður þess að Kredittilsynet, norska fjármálaeftirlitið, vari við því að Kaupþing eignist meira en fimmtungshlut í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand.

Í bréfinu vísar Gitmark til skýrslu Fjármálaeftirlitsins sem lak til norska dagblaðsins Dagens Næringsliv í síðustu viku en þar kemur fram að Kaupþing skorti reynslu af tryggingarekstri, skorti eigið fé, sé of áhættusækið og viðkvæmt fyrir skakkaföllum í brothættu íslensku hagkerfi til að fara með meirihluta hlutafjár í Storebrand.

STOREBRAND Norskur þingmaður hefur óskað eftir ástæðum þess að norska ríkisstjórnin gefur Kaupþingi heimild til að fara með einungis 20 prósenta hlut í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand.

„Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar?" spyr Gitmark í bréfinu og gagnrýnir Björn Skorgstad Aamo, forstjóra eftirlitsins harðlega fyrir afstöðu eftirlitsins. Ríkisstjórnin fór að tilmælum eftirlitsins og setti þak á viðskipti Kaupþings við 20 prósenta hlut í Storebrand þrátt fyrir að bankinn hefði óskað eftir því að fá að fara með fjórðungshlut í fjármálafyrirtækinu. Bankinn fer nú með rétt rúman sautján prósenta hlut í Storebrand og er stærsti hluthafi félagsins.

Dagens Næringsliv segir í gær að Halvorsen muni svara bréfi þingmannsins eftir viku. **- jab**

Krónan ofmetin gagnvart dollar

Krónan er ofmetin og viðskiptahalli verður viðvarandi næstu ár. Á sama tíma árar vel fyrir hlutabréfamarkað, segir greiningadeild Kaupþings.

Hátt gengi krónunnar skýrist fyrst og fremst af ofmati á gengi hennar gagnvart Bandaríkjadal. Raungengi gagnvart bandaríkjadal er nálægt sjö ára jafnvægisgildi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu greiningardeildar Kaupþings banka.

Á fundi greiningadeildarinnar í gærmorgun kynntu Þóra Helgadóttir og Ásdís Kristjánsdóttir, sérfræðingar deildarinnar, úttekt sína á stöðu krónunnar. Þar kemur fram að viðskiptahalli verði viðvarandi næstu árin í ljósi vaxandi ójafnvægis þáttatekna, en undir þær falla laun, vextir og arðgreiðslur. „Slíkt ójafnvægi skýrist fyrst og fremst af erlendri skuldasöfnun íslenskra útrásarfyrirtækja. Hins vegar má velta fyrir sér hvort slíkt ójafnvægi sé áhyggjuefni sér í lagi ef litið er til íslensku krónunnar. Hátt raungengi krónunnar nú um stundir skýrist fyrst og fremst af ofmati íslensku krónunnar gagnvart dollara. Raungengi krónu gagnvart evru er hins vegar í kringum jafnvægi," segir í ritinu.

Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur greiningadeildar Kaupþings, fór yfir þróun og horfur í Kauphöllinni á morgunverðarfundi með fagfjárfestum í fyrradag. Hér hefur vöxturinn verið mestur, 20,7 prósent það sem af er árinu, en næst á eftir kæmi sænska kauphöllin með 10,1 prósents vöxt. „Enn er töluvert rúm fyrir hækkun á úrvalsvísitölunni og teljum við að hún endi kringum 8.500 stig í lok árs," segir hann. Í fyrri spá bankans var gert ráð fyrir að vísitalan færi í 8.000 stig. Hann segir þó ekki ólíklegt að einhverjar sveiflur kunni að verða. Góð uppgjör fjármálafyrirtækja og ytri vöxtur er það sem greiningardeildin segir að styðji við hækkun markaðarins.

Á FUNDI GREININGADEILDAR Ásgeir Jónsson forstöðumaður, Haraldur Yngvi Pétursson og Þóra Helgadóttir, sérfræðingar greiningadeildar Kaupþings banka.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þannig spáir greiningadeildin 75 prósenta hagnaðaraukningu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs frá sama tímabili í fyrra hjá þeim félögum sem afkomuspár bankans ná til og að hagnaður fjármálafyrirtækja aukist um 65 prósent.

Greiningadeildin er með þrjú félög í yfirvogun í umfjöllun sinni, en það eru Mosaic Fashions, Landsbankinn og Bakkavör. Spáð er 11 og 10 prósenta hækkun á gengi bréfa Bakkavarar og Landsbankans til tólf mánaða og 20,5 prósenta hækkun á gengi Mosaic Fashions. Þar spili inn í jákvæðar fréttir af breskum smásölumarkaði sem greiningardeildin telur að komi félaginu mjög til góða. **olikr@frettabladid.is**

Láta af samstarfinu

Tveir af stærstu sparisjóðum landsins, SPRON og BYR sparisjóður, hafa sagt skilið við hina sparisjóðina í sameiginlegum markaðsmálum undir heitinu „sparisjóðurinn". Samanlagt eru sparisjóðirnir tveir með um sextíu prósent af umsvifum sparisjóðanna.

SPRON hefur reyndar unnið undir eigin merkjum markaðslega séð um nokkurra ára skeið og BYR sparisjóður ætlar frá og með næstu áramótum að fara eigin leiðir þótt ekki liggi fyrir hvort það verði alfarið út úr markaðsmálum eða eingöngu auglýsingaþættinum.

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, segir að þetta sé að vissu leyti eðileg þróun þegar til verða jafn stórar einingar og Byr sem varð til með samruna SPH og SPV.

Þeir sparisjóðir sem eftir verða ætla að þjappa sér saman að sögn Guðjóns. „Það er jafnöruggt að þeir sparisjóðir sem eru fyrir utan þessa tvo munu enn þá frekar herða samstarfið markaðslega. Auðvitað má gera ráð fyrir að minni peningar fari í þessi mál í heildina." Hann bendir á að sameiginlega ráði þeir sparisjóðir sem eftir verða nálægt tíu prósentum af einstaklingsviðskiptum í landinu þannig að mikill kraftur á að vera til staðar.

Enn vinna sparisjóðirnir saman á mörgum sviðum. „Það er mikilvægt að átta sig á því að allir sparisjóðir í landinu eru aðilar að Sambandi sparisjóða og vinna náið saman að stórum og smáum hagsmunamálum, til dæmis aðlögun og innleiðingu Basel 2, sem er flókið bankaverkefni, og fræðslumálum sparisjóðanna," segir Guðjón. **- eþa**

Snillingurinn Goran Bregovic á Íslandi

ásamt 40 manna hljómsveit

Tvímælalaust einn af hápunktum Listahátíðar!

Tónskáldið og gítarleikarinn Goran Bregovic hefur verið einn helsti merkisberi balkanskrar tónlistar í tvo áratugi. Hann kemur hingað ásamt fjörutíu manna hljómsveit sem samanstendur m.a. af strengja- og lúðrasveit, harmóníkuleikurum, serbneskum karlakór og búlgörskum söngkonum. Goran flytur dagskrá sem nefnist „Fjör fyrir brúðkaup og jarðarfarir“ og hefur farið sigurför um heiminn undanfarin ár.

„Næstum þrjár klukkustundir af heitum tilfinningum, ógnarkrafti, litadýrð, ástríðu, framandleika og töfrum“
El Pais

Laugardalshöll, 19. maí kl. 21.
Miðasala á midi.is og í miðasölusíma Listahátíðar, 552 8588.

Actavis styrkir tónleika Goran Bregovic á Íslandi.
Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Vorblóts.

actavis

10.–26. maí Listahátíð í Reykjavík 2007 REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

Vorblót RITE OF SPRING

Actavis með á endasprettinum

Mestar líkur eru á að lyfjafyrirtækin Actavis og indverska félagið Torrent Pharmaceuticals berjist á endanum um kaup á samheitalyfjahluta þýska lyfjarisans Merck. Þetta segir bandaríska viðskiptatímaritið Forbes í gær sem telur að kaupverð geti numið allt að sex milljörðum dala, jafnvirði rúmra 392 milljarða íslenskra króna.

Fjárhæðir á borð við 360 til 450 milljarða króna hafa áður verið nefndar sem hugsanlegur verðmiði fyrir samheitalyfjahlutann.

Forbes segir verðið geta reynst of stór biti fyrir aðra mótbjóðendur, sem þó hafi stóra fjárfestingasjóði á bak við sig. - jab

Fasteignasalar gegn samdrætti

Danir eru hugsandi yfir horfum á fasteignamarkaði þessa dagana en sjaldan hafa jafn margar íbúðir verið til sölu. Spáð hefur verið verðlækkunum, sem þegar eru orðnar að veruleika, ekki síst á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu. Margir fasteignasalar hafa tekið upp bandarískar aðferðir til að selja fasteignir víðs vegar um landið.

Danska viðskiptablaðið Börsen bendir á að sala á íbúðamarkaði hafi dregist saman á svæðinu og sé af sem áður var þar eð margir haldi að sér höndum.

Í ljósi þessa hafi fasteignafélög á borð við Corell Ejendomme hætt við að auglýsa 42 nýjar leiguíbúðir með kauprétt-arákvæði. Margir veigri sér við því að festa sér fasteign af ótta við að markaðsverðmæti eigna þeirra eigi eftir að falla.

Blaðið segir marga fasteignasala í Danmörku hafa gripið til ýmissa ráða til að hleypa lífi í fasteignamarkaðinn. Þannig bjóði sumir flatskjái eða bifreiðar í kaupbæti með íbúðum eða húsum auk þess sem ýmiss annars konar góðgæti fylgir með kaupum á fasteignum svo sem líkamsræktarkort og utanlandsferðir.

Bent er á að þessi aðferð sé vel þekkt í Bandaríkjunum en það var fyrst í ár sem löglegt varð að freista neytenda með þessum hætti í Danmörku. - jab

GATA Í KAUPMANNAHÖFN Fasteignasalar hafa gripið til ýmissa ráða til að blása lífi í fasteignasölu í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Sensa selt Símanum

Síminn hefur gengið frá kaupum á öllum hlutabréfum í þjónustufyrirtækinu Sensa ehf. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Kaupverð er ekki gefið upp.

Í fréttatilkynningu Símans segir að kaupin séu liður í þeirri stefnu Símans að auka sérhæfða ráðgjöf og innleiðingu samskiptalausna. „Tækifærin sem skapast með samvinnu þessara félaga eru fjöldamörg og spennandi verður að fylgja þeim eftir," er haft eftir Sigríði Olgeirsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Símanum. Fyrri eigendur og stofnendur Sensa starfa áfram hjá fyrirtækinu. Engin breyting verður gerð á rekstrarforminu. - hhs

Ryanair stofnar félag

Micheal O'Leary, forstjóri írska lággjaldaflugfélagsins Ryanair, er sagður velta því alvarlega fyrir sér að stofna lággjaldaflugfélag sem muni sinna flugi á milli Evrópu og Bandaríkjanna á næsta ári. Ástæðan er samningur á milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um auknar heimildir flugfélaga til að fljúga álfanna á milli.

MICHAEL O'LEARY Forstjóri Ryanair er sagður hafa í hyggju að stofna nýtt lággjaldaflugfélag og taka þátt í verðstríðinu á flugleiðunum á milli Bandaríkjanna og Evrópu á næsta ári.

Mörg flugfélög sjá fram á verðstríð á flugleiðunum og spá því að farmiðaverð yfir hafið muni hríðlækka í kjölfarið.

Breska fréttastofan Sky segir að flugfélagið sem O'Leary íhugar að setja á laggirnar muni ekki fljúga undir merkjum Ryanair. Haft hefur verið eftir O'Leary, að verðmiðinn geti farið allt niður í sjö pund, jafnvirði rétt rúmra 900 króna. Markaðsaðilar telja verðið alltof lágt.

Talsverð samkeppni liggur þegar í loftinu því annað breskt flugfélag, Zoom Airlines, hefur í bígerð að fljúga daglega á milli Gatwick og John F. Kennedy flugvallarins í New York þegar samningurinn tekur gildi á næsta ári.

Gert er ráð fyrir því að fyrstu vélar Zoom Airlines fari í loftið undir lok júní á næsta ári og mun farmiðaverð liggja í 129 pundum, tæpum 17 þúsund íslenskum krónum. - jab

Nasdaq hefnir sín á LSE

Breska kauphöllin í Lundúnum (LSE) er sögð hafa hug á samstarfi við þýsku kauphöllina í Frankfurt og samnorrænu kauphallarsamstæðuna OMX, sem rekur kauphallir í Eystrasaltslöndunum og á Norðurlöndunum, þar á meðal hér. Ólíklegt er að af samstarfi LSE verði í bráð því stjórn bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq er sögð ætla að gera allt sem í hennar valdi standi til að koma í veg fyrir samstarf LSE við hlutabréfamarkaði á alþjóðlegum vettvangi.

Ástæðan fyrir þessu er andstaða Cörlu Furse, forstjóra LSE, gegn yfirtökutilboði Nasdaq á síðasta ári og í byrjun þessa árs. Furse fékk mikið lof fyrir afstöðu sína. Það virðist koma í bak hennar nú því Nasdaq tryggði sér tæpan 30 prósenta hlut í breska markaðnum á meðan yfirtökutilraununum stóð og mun nýta eignastöðuna til að hefna sín, að sögn breska blaðsins Financial Mail.

Nasdaq hefur leitað eftir samstarfi við kauphallir á meginlandi Evrópu síðastliðin tvö ár og er sagt hafa gert tilboð í OMX upp á 23 milljarða sænskra króna, jafnvirði 221 milljarðs íslenskra króna, í síðustu viku. Talsmaður OMX vísaði orðróminum á bug og sagði stjórnina eiga í viðræðum við nokkrar kauphallir um samstarf á ýmsum sviðum. - jab



FORSTJÓRI NASDAQ GEGN LSE Robert Greifeld, forstjóri Nasdaq, er sagður ætla að beita sér gegn samstarfi LSE við aðra hlutabréfamarkaði á alþjóðlegum vettvangi. NORDICPHOTOS/AFP

Allt fyrir bílinn – á afbragðsverði

50 til 80% afsláttur:

Loftsíur
Vindskeiðar
Lexusljós
Bassabox
Rúðuþurrkur
Hátalarabox
Álfelgur
Perur
Sport-stýri
Aukaljós
Spoiler Kit
Króm-stútar

rýmingarsala

aðeins í dag kl. 12–16

Kíktu á Kletthála 9 og gríptu tækifærið:
Alls kyns aukahlutir í fjölmargar tegundir bíla
– á hreint einstöku rýmingarverði.

ÁG MOTOR SPORT

ÁG Mótorsport – Kletthálsi 9

Frábær tilþrif á Háaleitisbraut

Við opnum nýja Olís-stöð kl. 14 í dag!

-5 kr. af eldsneyti

35% afsláttur af öllum réttum af grilli

Campingaz-grill 9900 kr.

Himinn og haf / SÍA

Í dag opnum við glæsilega Olís-stöð við Háaleitisbraut með öllu tilheyrandi. Renndu við og skolaðu af bílnum, nýttu þér 5 króna afslátt af eldsneyti, fáðu þér gott að borða á góðu verði eða hreinlega kipptu með þér gasgrilli á sértilboði!

OLÍS – við höldum með þér!

FJÓRFALDIR

ICELANDAIR **Vildarpunktar**

Krakkadagar

Í Hagkaupum

Söngvaborg skemmtir

Fimmtudaginn 19.apríl
Smáralind kl. 14:00 - 15:00
Kringlu kl. 15:30 - 16:00

Laugardaginn 21.apríl
Spöng kl. 15:00 - 16:00

Skoppa og Skrítla skemmta

Fimmtudaginn 19.apríl
Kringla kl. 13:00 - 14:00
Smáralind kl. 15:00 - 16:00

Crayola kallinn kemur

Fimmtudaginn 19.apríl
Kringla kl. 12:00 - 14:00
Smáralind kl. 14:30 - 16:30
Crayola glaðningur fyrir krakkana*

Chupa sleikjóar

Fimmtudaginn 19.apríl
Smáralind, Kringla, Skeifa
kl. 14:00 - 18:00

Föstudaginn 20.apríl
Smáralind, Kringla, Skeifa
kl. 15:00 - 19:00
Chupa glaðningur fyrir krakkana*

Tískusýning

Laugardaginn 21.apríl
Smáralind kl. 15:00 - 16:00
Tískusýning á vegum Smáralindar.
Hagkaups barnafatnaður m.a. til sýnis.

Cocoa-Puffs fuglinn mætir

Fimmtudaginn 19.apríl
Smáralind kl. 14:00 - 16:00

Föstudaginn 20.apríl
Spöng kl. 16:00 - 18:00

Laugardaginn 21.apríl
Kringla kl. 14:00 - 16:00

Krakkadagar

Tilboð á völdum vörum á krakkadögum.
Leitaðu að merkinu og láttu koma þér á óvart.

Gildir til 22. apríl eða á meðan birgðir endast.
* Glaðningar meðan birgðir endast

PROSTYLE
reiðhjól í úrvali

Vatnslitakeppni Hagkaupa

Bestu myndirnar verða valdar og notaðar á gúmmístígvél. Vinningshafar fá gúmmístígvél með myndinni sinni í verðlaun og gjafakort í Hagkaupum.

Skilafrestur fyrir hugmyndir er 1. maí. Kassar fyrir hugmyndir eru staðsettir á þjónustuborðum Hagkaupa.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ungar konur geta ekki búist við launajafnrétti meðan þær eru á vinnumarkaði.

Góður vilji en minni efndir

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Launajafnrétti næst á Íslandi árið 2070 ef þróunin verður áfram jafnhæg og hún hefur verið síðustu ár. Þetta er auðvitað óviðunandi en líka ótrúlegt miðað við hvað allir sem um málið tjá sig eru sammála um hversu ósanngjörn þessi staða er.

Flestir þeir sem ráðandi eru í samfélaginu, stjórnmálamenn og atvinnurekendur, eru sammála um að kynbundinn launamunur eigi ekki að viðgangast. Þegar hins vegar kemur að því að aðhafast er eins og flestir snúi sér undan og neiti að horfast í augu við það að það er ekki hægt að sitja með hendur í skauti og bíða þess að kynbundinn launamunur hverfi af sjálfu sér. Það er ótækt að ungar konur sem í dag eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum þurfi að horfa fram á kynbundinn launamun alla starfsævi sína og jafnvel alla starfsævi dætra sinna líka.

Vitað er um nokkrar leiðir sem hægt er að nota til þess að hraða þróuninni í átt til launajafnréttis. Þar má nefna afdráttarlausari viðurlög við að brjóta á konum á þann veg að þær hafi ekki sömu laun og karlar sem vinna sambærileg störf. Sömuleiðis hafa rannsóknir sýnt að launaleynd hefur óæskileg áhrif á launamun kynjanna. Þrátt fyrir þetta vilja margir þeirra stjórnmálamanna, sem þó segja kynbundinn launamun ótækan, ekki grípa til þeirra lagalegu úrræða sem virðast skila árangri.

Þetta er önnur hliðin á peningnum. Hin hliðin snýst um viðhorf í samfélaginu til þeirra starfa sem konur gegna nánast eingöngu. Upphaf jafnréttisbaráttu samtímans á áttunda áratugnum snerist að miklu leyti um að reyna að uppræta hugsunina um kvennastörf og karlastörf. Kyn átti ekki að skipta máli þegar kom að því hjá ungu fólki að velja sér nám og/eða starf. Vissulega var einnig rætt um að hin hefðbundnu kvennastörf væru vanmetin til launa en undirliggjandi var að sú þróun myndi eiga sér stað samhliða að laun jöfnuðust milli starfsgreina þegar aukið jafnvægi næðist milli kynja innan þeirra.

Hugarfarsbreytingin náði þokkalega vel til kvenna. Þannig hefur vígi karla fallið í hverri stéttinni á fætur annarri, einkum þó í þeim greinum sem krefjast menntunar. Á sama tíma hefur lítil hugarfarsbreyting orðið meðal ungra karla þegar kemur að því að velja sér starfsvettvang. Þeir eru enn sárafáir sem sækja í hinar hefðbundnu kvennagreinar, einkum umönnunarstörfin. Þau eru enn nánast eingöngu í höndum kvenna.

Á tyllidögum er iðulega dáðst að öllum þeim konum sem vinna hörðum höndum að því að annast veika og aldraða, að ekki sé minnst á allar þær sem kenna börnunum í leikskólum, grunnskólum og jafnvel framhaldsskólum. Þegar kemur að því að sýna virðingu fyrir þessum stéttum í launum er höfðinu stungið í sandinn. Þó er ljóst að það verður að leiðrétta laun þessara stétta sem bornar eru uppi af konum og það verður ekki gert öðruvísi en að hækka laun þeirra umfram laun annarra stétta. Það verður bara að takast á við afleiðingarnar, bæði efnahagslegar og aðrar.

Ráðamenn verða að sýna í verki að vilji þeirra stendur til þess að uppræta kynbundinn launamun. Orð eru til alls fyrst en þá má ekki sitja við þau tóm.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Er einhver heima?

Nú þegar kosningar eru að nálgast má búast við að sjá frambjóðendur hvar og hvenær sem er. Flestir þeirra reyna reyndar að ná til flestra á sem stystum tíma – að hámarka útbreiðslu boðskapar síns. Því er vinsælt að koma fram í fjölmiðlum og fara í vinnustaðaheimsóknir, helst á fjölmenna vinnustaði. Sumir kjósa þó persónulegri nálgun og má segja að Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingar, sé einn af þeim, en hann var á ferðinni í miðbænum í fyrrakvöld þar sem hann bankaði upp á heima hjá fólki til að bjóða því í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á laugardag í boði Samfylkingar.

En hvað fékk Yoko?

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var fljótlega mættur í sjónvarpsviðtöl í gær vegna stórbrunans á Lækartorgi. Fyrst var hann bara í jakkafötum, en í bol yfir skyrtunni til að kynna alþjóðlegu ungmennaleikana. Nokkru síðar var hann mættur í flíspeysu sem hann sagðist hafa fengið í jólagjöf frá Yoko Ono, ekkju Johns Lennon, en Yoko hefur nokkrum sinnum komið hingað til lands til að kynna Friðarsúluna í Viðey og koma henni á koppinn. En ef Yoko gaf Vilhjálmi flíspeysu, þá er nú kannski ekki úr vegi að spyrja; Hvað fékk Yoko Ono í jólagjöf frá Vilhjálmi?

Titringur um völlinn

Það er fátt sem vekur upp jafnmikinn titring milli landsbyggðar- og höfuðborgarþingmanna en umræðan um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Sá titringur kom meðal annars í ljós á borgarafundi Ríkisútvarpsins á Ísafirði þegar rætt var um samgöngumál. Pétur Gunnarsson, stórbloggari og framsóknarmaður, segir Birki Jón Jónsson framsóknarmann hafa vaðið í villu og svíma í þættinum með því að segja það skýra stefnu Framsóknarflokksins að flugvöllurinn í Vatnsmýrinni ætti að vera á sínum stað um alla framtíð og minnir á baráttuna fyrir flutningi flugvallarins á Löngusker fyrir ári og að ekkert sé í ályktunum flokksþingsins frá í maí um flugvöllinn.

svanborg@frettabladid.is

Við myndum stjórn

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Stjórnarmyndun

Ef leiðtogar stjórnarandstöðunnar birtu svohljóðandi sameiginlega yfirlýsingu nú strax í byrjun kosningarbaráttunnar, þyrftu kjósendur ekki að velkjast í vafa um valkostina í stjórnmálunum:

„Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa ákveðið að mynda nýja meirihlutastjórn, nái þeir tilskildum meiri hluta á Alþingi í kosningunum í vor. Stjórnarandstaðan gengur bundin til alþingiskosninga í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins. Við heitum því að mynda samhenta, hæfa og sterka ríkisstjórn að loknum kosningum, fáum við þingstyrk til að stjórna landinu næstu fjögur ár.

Höfuðatriðin í málefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar verða þessi:

Við myndum jafnaðarstjórn. Við ætlum að hverfa frá þeirri ójafnaðarstefnu, sem núverandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur markað. Við ætlum að draga úr ójöfnuði í samfélaginu með því að jafna aðstöðu launþega og fjármagnseigenda í skattalögum, meðal annars með hækkun skattleysismarka. Við ætlum að tryggja öldruðum, öryrkjum og öðrum, sem höllum fæti standa, betri og tryggari kjör. Við ætlum að blása til nýrrar sóknar í menntamálum á öllum skólastigum, því að góð menntun er lykillinn að betri og jafnari lífskjörum til langs tíma litið.

Við myndum græna stjórn. Við ætlum að endurskoða stefnuna í stóriðjumálum og taka ríkara tillit til landsins og komandi kynslóða en núverandi ríkisstjórn hefur gert. Ákvarðanir um einstök stóriðjuver hingað og þangað um landið snerta alla landsmenn og einnig óbornar kynslóðir og eru því sameiginlegt úrlausnarefni þjóðarinnar, en ekki sérmál einstakra byggðarlaga. Við ætlum að staldra við og marka framsýna stóriðjustefnu í sátt við landið. Við ætlum að stöðva uppblástur landsins með því að hefta lausagöngu búfjár og hrossa, svo að Ísland megi aftur verða grænt.

Við myndum frjálslynda stjórn. Við ætlum að taka stefnuna í sjávarútvegsmálum til endurskoðunar og snúa frá því rangláta og óhagkvæma fiskveiðifyrirkomulagi, sem núverandi ríkisstjórn hefur haldið til streitu í óþökk mikils hluta þjóðarinnar. Við ætlum að virkja ákvæði gildandi laga um sameignarhald þjóðarinnar á fiskimiðunum, bæði í orði og á borði. Við ætlum að standa vörð um frelsi einstaklingsins til orðs og æðis, frelsi með ábyrgð. Við ætlum að ýta undir heilbrigða samkeppni og uppræta okur með því að efla bæði fjármálaeftirlit og samkeppniseftirlit.

Við myndum lýðræðisstjórn. Við ætlum að loknum samningum við Evrópusambandið að leggja í dóm þjóðarinnar tillögu um aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar á Íslandi í stað krónunnar. Í öllum flokkum eru uppi öndverð sjónarmið um Evrópumálið. Það er skiljanlegt. Við munum takast á um þetta mál fyrir opnum tjöldum. Við heitum því að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Við ætlum að marka nýjar áherzlur í utanríkismálum og tryggja varnir landsins til frambúðar. Við ætlum að svipta hulunni af símahlerunum á fyrri tíð.

Við myndum velferðarstjórn. Við ætlum að standa vörð um velferð allra Íslendinga og efla félags- og heilbrigðisþjónustu, löggæzlu, samgöngur, menntun og menningu. Heilbrigði, öryggi, menntun og menning haldast í hendur og efla mannauðinn, mikilvægustu auðlind þjóðarinnar. Við ætlum að greiða fyrir nauðsynlegum framförum á öllum þessum sviðum með skipulagsumbótum og endurskipulagningu ríkisfjármálanna, bæði útgjalda og tekna, án þess þó að auka skattheimtu og umsvif ríkisins. Verkaskipting ríkisins, sveitarfélaga og einkageirans verður skoðuð vandlega.

Við myndum sterka stjórn. Við ætlum að veita viðnám gegn verðbólgu og vafasamri skuldasöfnun með styrkri og samræmdri fjármálastjórn og ýmsum skipulagsumbótum, svo sem fækkun ráðuneyta. Við ætlum að skera upp herör gegn hlutdrægni í embættaveitingum á vegum ríkisins og í einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Við ætlum að setja lög um rannsóknarnefndir á vegum Alþingis, svo að ljós reynslunnar megi lýsa upp leiðina til betri og gagnsærri stjórnsýslu.

Við lýsum eftir skýru umboði kjósenda til að hrinda þessum fyrirætlunum í framkvæmd.“

Biðlistar eftir hjúkrunarrýmum

ÁSTA MÖLLER

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

Samfylkingin kveinkar sér undan umræðu um ábyrgð flokksins á biðlistum eftir hjúkrunarrými í Reykjavík. Slík grein birtist hér á þessum vettvangi 17. apríl eftir Guðríði Arnardóttur, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Í 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að sveitarstjórnir eigi að stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf svo lengi sem verða má. Þá segir: „Jafnframt verði tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.“

Skv. lögum um málefni aldraðra skipa sveitarstjórnir í þjónustuhóp aldraðra, sem gerir m.a. tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu og metur vistunarþörf aldraðra.

Ábyrgð sveitarfélaga á að tryggja öldruðum stofnanaþjónustu þegar þeim brestur heilsa og þrek til sjálfstæðrar búsetu er því skýr. Þótt ríkið taki þátt í kostnaði við uppbyggingu öldrunarstofnana og greiðir stóran hluta af rekstrarkostnaði þeirra, er það á ábyrgð sveitarfélaga að meta þörf fyrir hjúkrunarrými. Þar liggja upplýsingar um þarfir íbúa fyrir samfélagslega þjónustu á hverjum tíma. Flest sveitarfélög landsins hafa gegnt þessari skyldu sinni með ágætum. Þegar á heildina er litið eru næg hjúkrunarrými hér á landi til að fullnægja þörf fyrir hjúkrunarrými fyrir aldraða. Þeim er hins vegar misdreift um landið. Skortur á hjúkrunarrýmum er fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Reykjavík.

Skv. lögum eiga sveitarfélög að leggja til 15% af byggingarkostnaði hjúkrunarheimila. Í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík brugðust borgaryfirvöld við skorti á hjúkrunarrýmum m.a. með byggingu Droplaugarstaða með 65% kostnaðarhlutdeild á árinu 1981 og Seljahlíðar með 100% hlutdeild á árinu 1986. Ekkert slíkt framtak átti sér stað í tíð R-listans til að bregðast við sama vanda. Hins vegar liggja nú þegar fyrir áætlanir um byggingu 400 hjúkrunarrýma á næstu árum að mestu á höfuðborgarsvæðinu.

Það er því ljóst að R-listinn sofnaði á verðinum í þau 12 ár sem hann sat við stjórnvölinn í Reykjavík. Því finnst mér ótrúlega djarft leikið af Samfylkingunni að slá upp auglýsingu um að flokkurinn vildi byggja 400 ný hjúkrunarrými á næstu 1½ ári, þegar meginhluti vandans er á ábyrgð þeirra sjálfra! Hverra er „vanrækslusyndin“? Ég spyr!

Höfundur er alþingismaður í Reykjavík.

Opnum kl. 12 í dag

3 hjóla golfkerrur

9.990 kr/stk.
Golfkerrur

Draumur allra stráka

9.990 kr/stk.
BMX hjól

Seldust upp í fyrra!

19.990 kr/stk.
Freestyle hjól Mongoose

Verð frá **6.990** kr/stk.
Barnahjól 2-5 ára 12" stelpu og stráka

9.990 kr/stk.
Barnahjól 4-8 ára 16" stelpu og stráka

29.990 kr/stk.
Grill 3 brennara - ósamansett

16.990 kr/stk.
Grill með gaskút - ósamansett



4.990 kr/stk.
Körfuboltastandur fyrir börn

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfélagar

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 19. apríl til 22. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Ríkislögreglustjóri og olíumálið

UMRÆÐAN
Olíumálið

Í nýlegu opnuviðtali Mbl. við ríkislögreglustjóra, Harald Johannessen, fer hann mikinn. Þar sakar hann m.a. kjörna fulltrúa á Alþingi um að vilja grafa undan trúverðugleika lögreglu og annarra stofnana ríkisins. Í ljósi stöðu ríkislögreglustjóra ber að taka ásakanir hans alvarlega. Í viðtalinu segist ríkislögreglustjóri hafa séð fyrir að ákærum á hendur einstaklingum í olíumálinu yrði vísað frá dómi. Málið hafi verið tekið til rannsóknar hjá lögreglu vegna þrýstings stjórnmálamanna og þeir þurfi nú – í ljósi niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar – að skýra aðkomu sína að umræðunni. Undir þetta sjónarmið var tekið í Reykjavíkurbréfi Mbl. Undirritaður hefur tekið þátt í opinberri umræðu um ríkislögreglustjóraembættið og olíumálið og tekur þessa beiðni eðlilega til sín. Mér er því bæði ljúft og skylt að verða við beiðni þeirra félaga – þ.e.a.s. ríkislögreglustjóra og Morgunblaðsins um frekari umræðu.

Hæstiréttur og ríkislögreglustjóri

Meirihluti Hæstaréttar segir í niðurstöðum sínum að málið hafi farið forgörðum í meðförum ríkislögreglustjóra. Skýrslum sem starfsmenn olíufélaganna gáfu Samkeppnisstofnun hafi ekki verið haldið nægilega aðgreindum við rannsókn málsins. Þar sem ríkislögreglustjóri hafi gert þessar skýrslur að gögnum refsimálsins hafi sakborningar ekki fengið sanngjarna málsmeðferð og rannsókn ríkislögreglustjóra taldist vera gölluð. Í ljósi þessa vísaði meirihluti Hæstaréttar málinu frá dómi. Niðurstaða Hæstaréttar er endanleg. Hin undarlega niðurstaða Hæstaréttar í málinu hefði getað verið ríkislögreglustjóra málsvörn, ef hann hefði ekki sagst hafa séð hana fyrir eins og hann segir í viðtalinu við Mbl. Í ljósi þessa er eðlilegt að gera ríkar kröfur til þess að vandað hefði verið sérstaklega til rannsóknarinnar. Það telur Hæstiréttur ekki hafa verið gert. Meirihluti Hæstaréttar byggir niðurstöðu sína um frávísun á túlkun ákvæða mannréttindasáttmála og stjórnarskrár um sanngjarna málsmeðferð. Túlkun meirihlutans á sér ekki fordæmi, svo vitað sé. Meginreglan við túlkun ákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu að þessu leyti hefur verið sú að yfirlýsing einstaklings fyrir stjórnvaldi, þar sem hann játar á sig brot, skuli ekki notuð í refsimáli ef hún er fengin fram með ólögmætum þvingunum. Hér er því lykilspurningin hvort játningar starfsmanna olíufélaganna fyrir samkeppnisyfirvöldum hafi verið knúnar fram með þvingunum. Eins og Eiríkur Tómasson lagaprófessor benti á í merku erindi var engri þvingun beitt gagnvart forstjórum olíufélaganna því þeir óskuðu eftir því að fá að gefa skýrslur. Í þessu tilviki höfðu olíufélögin beinan hag af samstarfi við stjórnvöld. Það gaf þeim vonir um lægri stjórnvaldssektir. Það var því ekki aðeins kristileg iðrun og samviskubit, sem kallaði á játningar, heldur ekki síður fjárhagslegir hagsmunir olíufélaganna. Það eru mannréttindi að einstaklingar fái af fúsum og frjálsum vilja létt á samvisku sinni með skýrslugjöf fyrir yfirvöldum. Skýrslugjöfin breytist í forréttindi ef hún hefur í för með sér lækkun sekta og niðurfellingu refsingar – einhverskonar afsláttartilboð ríkisins – tveir fyrir einn. Að sú frjálsa skýrslugjöf eigi þátt í því að refsimálið eyðilegðist stenst hvorki lögfræðilega né út frá heilbrigðri skynsemi. Hin fordæmalausa túlkun Hæstaréttar á mannréttindaákvæðum er því ákaflega ívilnandi fyrir fjársterka einstaklinga sem vilja stunda skaðleg efnahagsbrot.

LÚÐVÍK BERGVINSSON

Krafan er sjálfstætt lögreglu- og ákæruvald

Sjálfstætt og faglegt ákæru- og lögregluvald er hornsteinn refsivörslukerfisins. Sá sem fer með þetta vald verður að vera undir það búinn að mæta umræðu og gagnrýni um störf sín. Refsivörslukerfið er ekki einkamál fáeinna útvalinna. Það varðar allt samfélagið. Í áðurnefndu viðtali segir ríkislögreglustjóri að hann hafi frá upphafi talið vafasamt að hefja lögregluannsókn vegna olíumálsins. Ef það var fagleg niðurstaða embættisins átti embættið að standa á henni. Önnur niðurstaða er fráleit í ljósi kröfunnar um sjálfstætt og faglegt ákæruvald – breytir engu þó undiritaður sé henni ósammála. Það vekur því mikla undrun og furðu að þrátt fyrir þessa niðurstöðu embættisins skuli málið hafa verið þar til meðferðar á fjórða ár. Af viðtalinu verður ráðið að rannsóknin hafi hafist vegna þrýstings alþingismanna. Orð ríkislögreglustjóra eru áfellisdómur yfir embættinu, því þau verða ekki skilin á annan veg en þann að ríkislögreglustjóraembættið sé ekki nægilega sjálfstætt og faglegt – það sveiflist eftir tíðaranda hverju sinni og/eða viðhorfum og kröfum stjórnmálamanna. Við lestur viðtalsins vöknuðu óhjákvæmilega spurningar um réttmæti ásakana sakborninga í svokölluðu Baugsmáli. Þeir hafa lengi haldið því fram að rót þess máls megi rekja til viðhorfa stjórnmálamanna. Yfirlýsing ríkislögreglustjóra er vatn á þeirra myllu.

Sambærileg mál fái sambærilega meðferð

Í lýðræðisríki er krafan: Sömu leikreglur fyrir alla. Ef valdhafar eiga að öðlast trúverðugleika verða þeir að beita valdinu þannig að allir séu jafnir fyrir lögum. Sambærileg mál fái sambærilega meðferð. Trúverðugleika öðlast menn ekki af því að fylla brjóst sitt og ermar af heiðursmerkjum eða íklæðast skrautlegum búningum – annað og miklu meira þarf að koma til. Olíumálið laut að miklum hagsmunum og samráð félaganna olli sannanlega miklu tjóni. Fé var haft af almenningi, fyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum. Lögregluannsóknin birtist almenningi þannig að ekki væru til nægir fjármunir til að sinna henni, auk þess sem ríkislögreglustjóri dró lappirnar og virðist ekki hafa vandað sig. Á sama tíma fóru hundruð milljóna í rannsókn Baugsmálsins. Við þá rannsókn virtist aldrei skorta fé eða áhuga. Þrátt fyrir það er enn óljóst hverjir voru þolendur í því máli. Það er sjálfsögð og eðlileg krafa að sambærileg mál fái samskonar meðferð. Ella missa stjórnvöld tiltrú almennings.

Hæfni ríkislögreglustjóra og spurningar

Í upphafi vísaði ég til þess að ríkislögreglustjóri hefði sakað kjörna fulltrúa þjóðarinnar um að reyna að grafa undan trúverðugleika lögreglu og annarra ríkisstofnana. Hér er ríkislögreglustjóri að saka alþingismenn um að vega að stjórnskipun landsins. Þessi orð sín verður ríkislögreglustjóri að skýra frekar – ella teljast þau dauð og ómerk. Þá þarf ekki að koma á óvart, m.a. í ljósi orða ríkislögreglustjóra um ósjálfstæði embættisins og niðurstöðu dómstóla í mörgum erfiðum málum, sem embættið hefur haft til rannsóknar, að margir efist um hæfni og getu ríkislögreglustjóra til að stýra embættinu. Við lestur viðtalsins vakti sérstaka athygli mína að ekki var spurt augljósra spurninga. Leyfi ég mér að láta eftirfarandi spurningar fljóta með í þeirri von að ríkislögreglustjóri sjái sér fært að svara þeim á þessum vettvangi, auk þess sem hann skýri mun betur hvað felist í ásökunum hans á hendur kjörnum fulltrúum á Alþingi.

1. Hvernig stóð á því að rannsókn á olíumálinu stóð yfir í á fjórða ár, ef rannsóknaraðili var sannfærður um að engar forsendur voru fyrir rannsókninni?
2. Eru fleiri dæmi en olíumálið svokallaða um að sakamálarannsókn hafi hafist vegna utanaðkomandi þrýstings frá stjórnmálamönnum – ráðherrum og/eða alþingismönnum?
3. Hvaða nafngreindir stjórnmálamenn – alþingismenn/ráðherrar – höfðu þau áhrif að lögregluannsókn hófst?
4. Er ríkislögreglustjóra sætt í embætti eftir að hafa viðurkennt að utanaðkomandi áhrif urðu til þess að lögregluannsókn hófst gagnvart einstaklingum, þvert á faglegt mat embættisins?

Höfundur er alþingismaður.

Lampard
Rooney
Gerrard
Einar*
Ronaldo
*fyrir okkur hin

ÍSLENSKA SÍA.IS NAT 37268 04.2007

tab
ÍTALÍA

HEILIR STURTUKLEFAR

SÉR TILBOÐ!

MEÐ ÖLLU

80x80 eða 90x90



Sturtuhaus

Handsturta

Hitastýrð blöndunartæki

8 nuddstútar

Sæti

VERÐ FRÁ 77.900

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Fjölbreytt og réttlátt menntakerfi

UMRÆÐAN
Menntamál

ANDREA ÓLAFSDÓTTIR

Ef fólk er spurt hvað er þeim mikilvægast eða dýrmætast í lífinu myndu flestir foreldrar svara því að það séu börnin. Því er nú svo farið að allir foreldrar þurfa að senda börnin sín í skóla og að sjálfsögðu viljum við að þeim líði vel í skólanum ekki síður en að þau læri eitthvað gagnlegt. Eftir að báðir foreldrar fóru út á vinnumarkaðinn hefur þróunin orðið sú að börnin eru mestan tíma sólarhringsins í skólanum. Það er því ákaflega mikilvægt að skólakerfið sé sniðið að þörfum barnanna og taki mið af einstaklingnum ekki síður en heildinni. Við Vinstri græn viljum að innan skólakerfisins rúmist mismunandi straumar og stefnur svo að bæði börn og foreldrar geti valið það sem hentar þeim best. Það teljum við að best sé gert með því meðal annars að draga úr miðstýringu, fara nýjar leiðir í mati á námsárangri þannig að skólastarfið miðist ekki eingöngu við próf, ýta undir og taka vel á móti frumkvæði fagfólks og gefa þeim hugmyndafræðilegt frelsi innan skólakerfisins og leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám. Innan skólakerfisins þarf líka að vera bæði tími og rými fyrir mikinn leik og sköpun barna. Ekki veitir af að börn fái að vera börn og leika sér eins lengi og mögulegt er. Hvernig sjá Vinstri græn fyrir sér menntakerfi til framtíðar?

Fjölbreytni er góð – skólagjöld er mismunun

Mismunandi straumar og stefnur innan skólakerfisins gera það að verkum að hver og einn ætti að eiga auðveldara með að finna skóla við hæfi barna sinna og foreldrar geta þá valið hvað þeim finnst henta best. Innan hins opinbera menntakerfis þarf að vera rúm fyrir sjálfstætt framtak fagfólks og hugmyndafræðilegt frelsi. Þeir sjálfstæðu skólar sem nú eru reknir fá allir framlög frá hinu opinbera. Það þarf hins vegar að gera breytingar í kerfinu þannig að hægt sé að bjóða upp á hið sjálfstæða framtak fagfólks og mismunandi aðferðir innan kerfisins en afnema með öllu skólagjöld því þau eru eingöngu til þess að mismuna börnum. Við teljum að öll börn eigi að hafa þetta val, en ekki einungis þau sem koma frá efnaðri heimilum.

Breyttar áherslur – lýðræði, leikur og líðan

Í stefnuskrá Vinstri grænna í menntamálum kemur fram að við viljum afnema samræmd próf og opna fyrir nýjar leiðir í mati á skólastarfi og námsárangri. Einnig viljum við ýta undir einstaklingsmiðað nám í mun víðari skilningi þess heldur en eingöngu að það taki mið af því hversu hratt hver nemandi fer í gegnum hið hefðbundna námsefni. Að okkar mati þurfa börnin líka að hafa frelsi til þess að velja í auknum mæli um listir, íþróttir, handverk eða vísindi ef áhugi þeirra liggur á einu sviði framar öðru. Þar að auki teljum við að nemendur eigi að fá frelsi til að koma að mótun skólastarfsins í auknum mæli og læra lýðræðisleg vinnubrögð og gagnrýna hugsun.

Kjör og menntun kennara

Menntun og umönnun barna okkar er með verðmætustu störfum samfélagsins því þar er grunnurinn lagður að framtíðinni. Nauðsynlegt er að tryggja kennurum og fagfólki góð kjör og verður það að teljast góð langtímafjárfesting samfélagsins í heild. Að mati okkar Vinstri grænna þarf einnig að leggja aukna áherslu á símenntun kennara og rannsóknir í skólastarfi.

Auk þess sem hér er nefnt má líka bæta við að í menntastefnu okkar leggjum við áherslu á móðurmálskennslu fyrir börn innflytjenda auk menntunar í sjálfbærni og jafnrétti fyrir öll skólastig. Á framhaldsskólastiginu viljum við tryggja jafnrétti til náms þannig að landsbyggðin hafi aukinn aðgang að menntun og skólagjöld verði afnumin. Við teljum mikilvægt að tryggja jafnrétti til náms með því meðal annars að ungmennum á landsbyggðinni sé tryggður aðgangur að menntun til 18 ára aldurs. Einnig viljum við að ungt fólk geti fengið stúdentspróf af öllum námsbrautum, hvort sem um er að ræða verknám, listnám eða hinar hefðbundnu leiðir. Okkar stefna gengur út á að byggja góðan grunn fyrir framtíð landsins með góðri og fjölbreyttri menntun sem öll er metin að verðleikum. Kíkið á stefnuna á heimasíðu okkar vg.is.

Höfundur skipar 5. sæti á lista VG í Suðvesturkjördæmi.

Opið bréf til markaðsstjóra Vífilfells

UMRÆÐAN
Auglýsingar

KATRÍN ODDSDÓTTIR

Herferð Vífilfells fyrir Coke Zero brýtur íslensk landslög, en 18. grein laga um jafnan rétt og stöðu kynjanna segir: „Auglýsandi, og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“. Það þarf vart að útskýra hvernig herferð sem inniheldur eftirfarandi frasa brýtur þessi lög:

Af hverju ekki konur með zero skoðanir?

Af hverju ekki konur með zero bílpróf?

Af hverju ekki kynlíf með zero forleik?

Af hverju ekki 2 kærustur með zero afbrýðisemi?

Af hverju ekki kærustur með zero er ég feit í þessu?

Herferðin hlutgerir konur út frá fordómafullum staðalímyndum, svo ekki sé minnst á hversu lítillækkandi hún er fyrir karlmenn. Sóley Tómasdóttur hyggst kæra herferðina, en ég deili undrun hennar á því að það hafi ekki verið gert fyrr. Sjálf hef ég lagt fram kæru til Siðanefndar SÍA.

Snúum okkur að alþjóðalögum. Algeng skilgreining á hugtakinu hate speech er: Orðræða sem gengur út á að gera lítið úr, ógna eða hóta fordómafullum aðgerðum gegn manneskju eða hóp fólks vegna kynþáttar, kyns, aldurs, uppruna, trúar, kynhneigðar, fötlunar o.s.frv.

Herferð Coke Zero fellur undir þessa skilgreiningu þar sem inntak hennar gerir viljandi lítið úr konum. Þegar kæra hefur borist íslenskum dómstólum verður herferðin annaðhvort dæmd brotleg eða ekki. Ef hún verður dæmd sem brot er það klárlega staðfesting á því að hún flokkast undir ofanritaða skilgreiningu á „hate speech“.

Verði herferðin ekki dæmd brotleg (sennilega myndu lög um málfrelsi vera sterkust herferðinni til varnar) þá væri hægt að áfrýja til hæstaréttar. Ef sá dómstóll myndi einnig dæma Vífilfelli í vil, þá koma alþjóðalög til sögunnar því málinu mætti þá vísa til Evrópudómsstólsins. Tíunda grein Mannréttindasáttmála Evrópu segir m.a.:

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda...

2. Þar sem af réttindum þessum leiða skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum...

Ég bendi sérstaklega á orðalagið í grein 10.2 um verndun siðgæðis og réttinda þegna, en til þess hafa hin íslensku jafnréttislög einmitt verið sett. Talsvert mörg mál hafa farið fyrir Evrópudómstólinn útfrá þessari grein og ég tel að í þessu tilfelli myndi málið klárlega verða dæmt sækjanda í vil.

Þó að ofangreindur rökstuðningur sýni fram á að herferð Coke Zero sé mannréttindabrot samkvæmt Evrópulögum, þá brýtur hún einnig gegn fjölda annarra alþjóðlegra sáttmála og má þar helst nefna: Sáttmála Sameinuðu þjóðanna (málsgrein 2 í formála, grein 1, 13, 55 og 76), Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (greinar 1,2 og 7), Alþjóðlega sáttmálann um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (grein 2, 20 og 26) og Kvennasáttmálann (greinar 1, 2 og 5).

Mig langar einnig að skoða málið frá siðferðilegu sjónarhorni. Þú útskýrir í svari þínu að herferðin byggi á erlendri fyrirmynd og hef ég einmitt kynnt mér þá herferð (sérstaklega hér í Bretlandi þar sem ég bý). Í fyrsta lagi þá fer breska herferðin hvergi jafnlangt yfir strikið og sú íslenska (frasann „af hverju ekki konur með ZERO skoðanir“ hef ég t.d. hvergi séð annars staðar en á Íslandi). Í öðru lagi þá réttlætir uppruni herferðarinnar ekki innihald hennar. Hvert land hefur ákveðin lög og sem betur fer er Ísland framarlega á merinni hvað varðar jafnréttislög. Herferðin brýtur íslensk lög, algerlega óháð því hvernig hún hefur gengið erlendis (en víða hefur henni verið mótmælt).

Í svari þínu við kvörtun minni segir þú: „Herferðin á að vera góðlátlegt grín um hvernig lífið væri ef það væri aðeins einfaldara og er þema herferðarinnar hvernig góðir hlutir gætu verið betri ef þeim fylgdu engar afleiðingar“. Samkvæmt þessu má skilja staðhæfinguna „af hverju ekki konur með ZERO skoðanir“ sem svo að skoðanir séu þær slæmu „afleiðingar“sem fylgja þeim annars „góða hlut“ konum.

Þarf ég virkilega að útskýra nánar fyrir þér Stefán af hverju þessi herferð er ólögleg, siðlaus og markaðsleg sjálfsmorðstilraun? Væri betra að láta hér við sitja og sættast á þá staðreynd að landið okkar er komið lengra en svo á hinni þróunarlegu mannréttindabraut en að slík aðför að einhverjum þjóðfélagshóp líðist? Eða finnst þér kannski að ennþá lengra mætti ganga: „af hverju ekki kynlíf með ZERO samþykki?“ er þessi staðhæfing líka góðlátlegt grín? Af hverju ekki?

Ég er viss um að þú ert greindur og vel gerður maður Stefán og ég hvet þig til að gera einn einfaldan hlut. Sestu niður og lestu „góðlátlega grínið“ um konur sem er í þessari herferð og segðu mér á hvaða tímapunkti þú hlærð mest.

Höfundur er meistaranemi í mannréttindum við University of London.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Ríkisrekin karlremba

Margrét Schram skrifar um kjör aldraðra:

Ég er að pæla í af hverju stjórnvöld loka augunum gjörsamlega fyrir þeirri staðreynd að háaldrað fólk er hluti af samfélaginu, sem á sinn rétt til lífsgæða eins og aðrir? Getur svarið falist í því að meirihluti hinna háöldruðu er konur? Já konur! Konur, sem hafa unnið störf sín í hljóði, sinnt fjölskyldu, heimili og oft öldruðum ættingjum. Þær hafa ekki eytt tíma sínum í að sleikja frímerki til að innvígjast í stjórnmálaflokk.
Háaldraðar konur í dag eiga trúlega ekki mikla inneign í lífeyrissjóðum og eru nánast réttlausar, sem úrhrök í kerfinu, þegar ellin tekur yfir. Þær hafa ekki verið innmúraðar í frístunda- og hagsmunafélög karlanna eða ríkisrekna karlrembu þar sem menn fá jafnvel eftirlaun áður en þeir láta af störfum. Lengi hefur verið morgunljóst að leggist megakarl inn á sjúkrahús þá er óðar búið að betrumbæta staðinn, komin sundlaug eða jafnvel drög að nýju sjúkrahúsi. En aldraðar ósjálfbjarga konur geta átt sig! Engar úrlausnir, engin hjúkrun, engin aðhlynning, ekkert sem bíður þessa aldurshóps sem gerir honum fært að njóta réttmætra lífsgæða. Er þetta ástand ekki enn ein birtingarmynd kvenfyrirlitningar sem er að finna víða í samfélaginu, allt frá lögum þess til orðræðu forsætisráðherra?

ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

Mikil litagleði virðist ætla að verða í sumartískunni í ár og mæla spekúlantarnir með því að fólk sé ófeimið við að blanda sterkum litum saman.

Nú stendur yfir sýning á verkefnum nemenda í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands í Saltfélaginu, Grandagarði 2. Til sýnis eru kollar sem nemendurnir hönnuðu í samkeppni á vegum hönnunarfyrirtækisins Vitra.

Heilsuakademían og Dansskóli Birnu Björns býður upp á dansnám í Egilshöll dagana 4.-29. júní. Unnur Birna Vilhjálmsdóttir mun kenna sumarnámskeið í freestyle, djassballett og hip hop. Nánar á www.heilsuakademian.is.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 19. apríl, 109. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.43	13.27	21.13
Akureyri	5.20	13.12	21.06

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Frímann Sigurðsson furðar sig á því hversu fáir einstaklingar sjái um að móta tískustefnur á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tískunni stýrt af fáum

Frímanni Sigurðssyni finnst að Íslendingar mættu vera sjálfstæðari í fatavali sínu.

„Ég man fyrst eftir því að hafa heillast sérstaklega af tískunni tíu ára gamall, þegar mamma mín sneri aftur frá Kýpur með joggginggalla handa mér. Það sem gerði útslagið var að þarna átti ég orðið buxur og peysu sem voru í sama lit og það þótti mér einstaklega gott mál," segir Frímann og hlær.

Í dag starfar Frímann meðal annars sem útlitshönnuður, en kýs þó að gefa sig ekki sérstaklega út fyrir það.

„Ég vil hvorki vera þekktur fyrir útlit mitt né kynhneigð því hvorugt segir neitt um það sem er á milli eyrnanna. Að stílisera þykir mér skemmtilegt því það er gaman að gera það sem maður gerir vel, en ég vil samt ekki endilega vera þekktur sem Frímann stílisti."

Um tíma starfaði Frímann í GK á Laugavegi og þar kynntist hann því hvernig þessi bransi virkar hérlendis.

„Í raun finnst mér ótrúlegt til þess að hugsa hvað það eru fáir sem stjórna því hvernig fólk klæðir sig hér á landi. Um tíma var þetta bara „Sautján-veldið" sem réði þessu en núna er sem betur fer komið aðeins meira úrval. Það breytir því þó ekki að Íslendingar eru mjög einsleitir í klæðaburði og þá mættu karlmennirnir sérstaklega vera sjálfstæðari í þessum efnum. Maður þarf ekki annað en bregða sér til Kaupmannahafnar eða Stokkhólms til að sjá allt aðra stemningu." *mhg@frettabladid.is*

TILBOÐSDAGAR MOTORMAX Á GÆÐAVÖGNUM

Lúxus-hjólhýsi
Dethleffs Camper LS 510 V
2.477.000
þú sparar 272.000
Dýrari og ódýrari gerðir einnig á tilboði.

Camp-let Concord tjaldvagn
629.000
þú sparar 70.000
Bjóðum einnig Apollo og Royal á tilboði.

Starcraft Roadstar pallhýsi
1.369.000
þú sparar 152.000
Getum einnig boðið nokkrar aðrar gerðir á tilboði.

Starcraft „off-road" fellihýsin
Starcraft RT11
1.599.000
þú sparar 191.000
Nokkur RT 10 einnig á tilboði.

Bjóðum fellihýsi, pallhýsi, hjólhýsi og tjaldvagna, 2006 árgerð, á einstöku verði á tilboðsdögum MotorMax 19. til 22. apríl.

Komdu í MotorMax og gríptu þetta tækifæri.

Takmarkað magn.

Opið í dag sumardaginn fyrsta.

MotorMax

Motor Max Reykjavík - Kletthálsi 13
Motor Max Egilsstöðum - Motor Max Akureyri
Opnunartímar: Fimmtud.: 10 - 16. Fös.: 9 - 18. Lau.: 10 - 16.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Agnimitra Paul einn fremsti hönnuður Indverja hefur vakið mikla lukku sem búningahönnuður í Bollywood. Núna hefur hún ákveðið að einbeita sér að tískuhönnun og kynnti nýverið haus og vetur 2007. www.agnimitrapaul.com

Fléttaðir leðurskór á pinnahæl frá Skór.is í Smáralind. Verð: 10.995 kr.

Brúnir „peep-toe" sandalar úr Bossanova í Smáralind. Verð: 6.300 kr.



Sumarið er tíminn

Skótískan í sumar einkennist af sandölum og háum skóm.

Hællinn fer hækkandi á skóm, auk þess sem sólinn er orðinn þykkari. Skór í anda sjöunda áratugarins verða áberandi og támjóir skór eru á útleið. Sandalar í rómverskum stíl verða í miklu úrvali. Þetta er fátt eitt af því sem búast má við af skótískunni í sumar. Gyllt, brons og silfur munu einnig njóta vinsælda og þá sérstaklega í stíl við hvíta kjóla. *- sig*

Vor- og sumartískan frá Balmain. Gylltir sandalar við stuttan kjól.

Gylltir og flatbotna sumarsandalar frá Bianco í Smáralind. Verð: 4.600 kr.

Ljósbrúnir flatbotna skór úr afar mjúku leðri frá Skór.is í Smáralind. Verð: 7.995 kr.

Dökkbrúnar töflur með hæl, frá Bianco í Smáralind. Verð: 4.600 kr.

SÍÐIR GALLAJAKKAR
str. 36-56
Rita
Bæjarlind 6 - s. 554-7030
Eddufelli 2 - s. 557-1730

Vorum að fá flottar vor- og sumartöskur frá White flirt, einnig nýjar vörur frá Adax og Monroe

Töskur og hanskabúðin ehf.

Traust og jákvæðni
ríkir hjá landsmönnum gagnvart Landspítala - háskólasjúkrahúsi samkvæmt nýlegri könnun Capacent Gallup.

Etanól er meðal annars búið til úr korni.

Etanól ekki heilsusamlegra

BIFREIÐAR KNÚNAR AF ETANÓLI ERU EKKI ENDILEGA BETRI FYRIR HEILSUNA.

Bifreiðar drifnar áfram af etanóli gætu haft verri áhrif á heilsu manna en þær sem ganga fyrir bensíni. Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn Stanford-háskóla í Kaliforníu sem greint er frá á fréttavef BBC.
Tölvulíkan var sett upp til að líkja eftir andrúmsloftinu árið 2020. Þar var tekið tillit til hitastigs, sólarljóss, skýja og rigningar miðað við tvenns konar aðstæður. Í annarri tilrauninni var reiknað með að allar bifreiðar væru knúnar af bensíni en í hinni óku allar bifreiðar með E85 sem er blanda af etanóli, 85 prósent, og bensíni, fimmtán prósent. Kom í ljós að á sumum svæðum ykist ósonmagn í lofti ef allar bifreiðar væru knúnar af lífrænu etanóli. Þar með myndi dauðsföllum af völdum asma og annarra öndunarsjúkdóma fjölga til muna. www.bbc.co.uk

Rautt kjöt orsök brjóstakrabbameins

Tengsl eru talin vera á milli neyslu unnins rauðs kjöts og brjóstakrabbameins.

Breskir sérfræðingar mæla með því að fólk miði daglega neyslu á rauðu kjöti við 85 grömm.

Konur sem borða mikið kjöt, einkum og sér í lagi rautt eða unnið kjöt, eru líklegri til að fá brjóstakrabbamein, samkvæmt niðurstöðum nýlegrar breskrar könnunar.

Sérfræðingar við Háskólann í Leeds fylgdust með matarvenjum 35.372 kvenna á aldrinum 35 til 69 ára í átta ár. Rannsóknin leiddi í ljós að konur sem borðuðu kjöt í mestu magni voru mun líklegri en grænmetisætur til að fá brjóstakrabbamein fyrir eða eftir tíðarhvörf.

Mesta áhættan á brjóstakrabbameini var í hópi kvenna eftir tíðahvörf og virtist rautt og unnið kjöt ein helsta orsökin að mati rannsakenda. Konur sem borðuðu rautt kjöt voru 56 prósentum líklegri til að fá brjóstakrabbamein en þær sem slepptu því. Þær sem neyttu rauðs kjöts í mestu magni voru 64 prósentum líklegri til að fá brjóstakrabba en hinar.

Tengslin á milli kjötneyslu og brjóstakrabbameins reyndust ekki eins sterk í hópi kvenna fyrir tíðahvörf. Engu að síður voru konurnar tuttugu prósentum líklegri en grænmetisætur til að fá brjóstakrabba.

Óljóst er hvaða ástæður kunna að vera fyrir þessum tengslum. Getgátur eru uppi um að mettuð fita eigi hlut að máli.

Frá þessu er greint í The British Journal of Cancer. *- rve*

Hvað á barnið að borða?

NÁMSKEIÐ UM MATARÆÐI BARNA FRÁ SEX MÁNAÐA ALDRI.

Hinn 7. maí næstkomandi fer fram námskeið í Heilsuhúsinu um hvernig á að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn frá sex mánaða aldri. Farið verður yfir á hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær. Einnig verður kennt að meðhöndla og búa til rétti sem innihalda ávexti og grænmeti, heilt korn á borð við quinoa, hirsi, hafra og spelti, baunir eins og linsubaunir sem eru afar prótín- og járnríkar, kaldpressaðar olíur, möndlumauk, sesammauk og margt fleira.

Að sögn námskeiðshaldara, Ebbu Guðnýjar Guðmundsdóttur, nýtist þetta námskeið einnig vel þeim sem eru með eldri börn. Við lok námskeiðs fá nemendur veglegt uppskriftar- og fróðleikshefti.

Námskeiðið, sem hefst klukkan 20.00, kostar 2.500 kr. Skráning fer fram í síma 694 6386 og á netfanginu ebbagudny@mac.com *- mhg*

B&B Italia Síðan árið 1966 hefur húsgagnaframleiðandinn B&B Italia verið ofarlega á listanum yfir þá sem skara fram úr í smekkvísi en B&B hefur löngum langt sig fram um að skynja það sem koma skal og framleiða eftir því. www.bebitalia.it

NÝJUNG

Umhverfisvæn handklæði
úr lífrænt ræktaðri bómull

Ræktun á bómullinum og framleiðsla á þessum handklæðum er lífræn og án allra eiturefna. Allir ferlar eru vottaðir og bera merki Græna Svansins.

Góð vara sem gleður
bæði þig og umhverfið.

Sölustaðir: Heilsuhúsið, Maður Lifandi,
Egg, Fræið Fjarðarkaup, Heilsubúðin NLFÍ.

Olga, skálar Sigrúnar Ó. Einarsdóttur, fást nú í Kirsuberjatrénu.

Góð viðbót

Hönnun Kitschfríðar og Glers í Bergvík nú í Kirsuberjatrénu.

Kitschfríður og Sigrún Ó. Einarsdóttir hafa bæst í hóp þeirra listakvenna sem selja verk sín og hönnun í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu. Báðar eru þær þekktar fyrir einstaka hönnun sína. Kitschfríður fyrir litríkan og hugmyndaríkan fatnað og skart, og Sigrún fyrir handblásin glerverk undir vörumerkinu Gler í Bergvík.

Nýverið var rými Kirsuberjatrésins stækkað og búðin tekur því enn einn vaxtarkippinn með því að fá þessar listakonur til liðs við sig. *- keþ*

Litagleði og ríkt ímyndunarafl einkenna hönnun Kitschfríðar.

Vinsældir saumav

Saumavél er þarfaþing á hverju heimili, hvort sem lagfæra þarf fatnað eða sauma nýja flík, setja upp gluggatjöld eða búa til bútasaumsteppi.

Eftir nokkurra ára ládeyðu hefur vélsaumi vaxið fiskur um hrygg á allra síðustu tímum. Það gerðist eftir að fatahönnunar kom til sögunnar sem skólafag og alls konar útsaumsmynstur komust í tísku. Þetta staðfestir Hans Gíslason hjá Viðgerðarþjónustunni í Mosgerði 3 í Reykjavík sem hefur rekið saumavélaverkstæði síðan 1978. „Fjöldi stúlkna hefur gaman af að sauma á sig föt, enda margar að fást við fatahönnun, en á tímabili var það ekki fínt að heita saumakona.“

Hans selur bæði nýjar og notaðar saumavélar og er með umboð fyrir tegundirnar Necchi og Toyota. Þótt Toyotamerkið sé fremur sett í samband við bíla en saumavélar segir Hans þær

Ein gömul og glæsileg sem er í safni Pfaff.

Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega ráðgjöf við val þeirra og lagningu.

GÓLFEFNI
TEPPALAND
ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18

Ný sending af sængurfatnaði
Ný mynstur og nýjar gerðir
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

Hvað er að frétta?

Fréttir af fólki_

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

SUMARHÁTÍÐ
Á SUMARDAGINN FYRSTA

FJÖLDI TILBOÐA

TRÚÐURINN TRALLI FÆRIR
BÖRNUNUM SUMARGJAFIR

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

allt matur
Alla föstudaga

VÍSIR
www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Snoopy-lampinn
eftir ítalaska hönnuðinn Achille Castiglioni (1918-2002) sem hann bjó til árið 1967.

Rimini Blu heitir línan sem þessi fallegi fugl eftir Aldo Loni er úr. Loni var meistari í keramikgerð og Rimini Blu-línan þykir ægifögur en hana hannaði Loni á árunum 1957 til 1965.



véla fara vaxandi

hafa verið búnar til frá 1973. „Í framleiðslunni er byggt á mikilli reynslu en nýjungar eins og rafeindabúnaður og leiðbeiningarskjáir eru líka komnir til sögunnar," segir Hans. Hann kveðst selja allar notaðar Toyota-vélar með tveggja ára ábyrgð með flestum þeim aukahlutum sem fylgdu þeim nýjum.

Pfaff á Grensásvegi selur einnig saumavélar. Merkin eru Pfaff, Husqvarna og Singer, sem þekkt eru að gæðum. Úrvalið er mikið og verðið fjölbreytilegt. Að sögn sölumanns þar er talsvert um að saumavélar séu keyptar til fermingargjafa. *- gun*

Sýnishorn af saumavélasporum.

Vattsaumsvél sem lokar saumnum um leið og hún festir hann saman. Tvær gerðir fást í Viðgerðarþjónustunni á 31.900 og 39.900 krónur.

Royal Consul er aðallega skrautsaumsvél með 40 mismunandi sporum. Hún fæst í Viðgerðarþjónustunni í Mosgerði 3 og kostar 36.200 krónur.

Toyota alhliða heimilisvél. Verðið er 31.500 krónur í Viðgerðarþjónustunni.

Í Pfaff á Grensásvegi. Fremst er Husquarna Emereald 122 sem kostar 39.900. Næst er Pfaff 1538. Hún er með yfirflytjara sem þýðir að hún flytur efnið bæði með fætinum og undir. Kostar 69.900. Öftust er Pfaff 2056 tölvuvél sem þykir fín meðal annars í bútasaum og kostar 159.900 krónur.

FM957

Zúúber – morgunþáttur alla virka morgna frá kl. 7.00–10.00.

ELBA

Toppgæði á botnverði!

*Vorum að fá nýja sendingu frá ELBA og bjóðum nú þessi gæðatæki með **20-25% afslætti,** meðan birgðir endast.*
*Við bjóðum enn betur, því við veitum einnig **magnafslátt,** 3% af tveimur tækjum, 4% af þremur tækjum og 5% séu keypt 4 eða fleiri tæki samtímis.*
Auglýst verð miðast við staðgreiðslu.

Ofnar
Fjölvirkir 8 eða 9 kerfi

608-100	Hvítur eða svartur	59.900,-
608-100	Stál	63.200,-
608-800	Snertirofar	73.200,-
618-800	Alhreinsun	88.300,-
700-80	70 cm. br.	76.600,-
101-80	90 cm. br.	92.400,-

Gerð 918-100 2ja hólfa 99.900,-

Viftur & Háfar
Mikið úrval

Eyjuháfar



HMC-9624	66x90cm.	51.500,-
HMC-9664	65x90cm.	61.900,-

HMC-622	Útdregin	hvít	13.900,-
HMC-602	útdregin	stál	13.900,-

Veggháfar

HMC-6144	60 cm.	Stál	21.200,-
HMC-9144	90cm.	Stál	23.900,-

Helluborð
2ja eða 4ra hellu keramik

BETRI STOFAN

230-050	2-h.	Stálrammi	23.500,-
345-450	4-h.	Án ramma	30.700,-
345-442	4-h.	Án ramma	37.900,-
345-005	4-h.	Snertirofar	45.600,-
377-007	4-h.	70cm br.	49.400,-
377-006	4-h.	70cm Snr.	56.600,-

235-100	1 brennari		15.600,-
235-200	1 brennari		15.100,-
265-445	4 brennarar		28.300,-
375-545	5 brennarar		33.400,-
395-545	5 brennarar		36.300,-

Gaseldavélar
Fullkominn 7 kerfa ofn og 4ra eða 5 brennara gashelluborð, stál.

Stærð: BxDxH=100x60x90

106-EX870	1ofn		152.200,-
126-EX634	2 Ofnar		166.600,-

Stærð: BxDxH=60x60x85

66-EX348 Stál 79.900,-

Eldavélar
Keramikborð með 4 hraðhellum og fullkominn fjölvirkur ofn.

Stærð: BxDxH=100x60x90

106-EX939	1ofn		165.400,-
126-EX339	2 Ofnar		184.100,-

Stærð: BxDxH=60x60x85

66-W955	Hvít		69.900,-
66-EX396	Stál		89.900,-

Útsala af eldri gerðum
Bjóðum eldri gerðir af raf- og gashelluborðum o.fl. með a.m.k. 50% afslætti.

2ja ára ábyrgð - fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta

Opið:
Virka daga kl. 9-18
Laugardaga 10-15

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

Land rover Defender 110 44" breyttur en er á 38". Einn með öllu!! Verð 2.890.000 enginn skipti upplýsingar á bílasölu Austurlands í síma 471-3005 og 896-6434

Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21, 700
Egilsstaðir
Sími: 471 3005
www.austurland.is/bilasala

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

M-Benz Sprinter 308 Doka Diesel, 7 manna flokkabíll með palli árg 04/2004 ek 20 þ.km , allur sem nyr 5gira verð 2.950 með VSK.

VW LT Crafter 05/2006 (mód 2007) Nyja lagið ek 30 þ.km, Diesel ,5 gira verð 3.580 með VSK.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Lykilbílar ehf. bílasala

Subaru Impreza WRX, 05/2005 ek. 53 þ. km Verð kr. 2.590.000. Gott áhvílandi lán. Sjón er sögu ríkari. S. 848 7700.

Lykilbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 848 7700

Bílar til sölu

Dodge Durango árg. 2005, 5,7l. HEMI, 345 hö, svartur, 7 manna, dráttarb., leður ofl. Verð 3.500.000. Uppl. í s. 862 5411.

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýjir og nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Subaru Legacy 2002/10 ekinn 69900 km. Einn eigandi, 100 % þjónustubók. Auka sumardekk á 18" álfelg., vetrardekk á álfelg., bluetooth, spoiler. Verð 1300 þús. Engin skipti. S. 820 1250.

Til sölu Volvo XC90 T6, árg. 2003, sjálfskiptur, svartsans, ek aðeins 14 þ., 7 manna, leður, topplúga, 18" álfelgur, rafm. í öllu. Verð 4550 þ. Uppl. í s. 892 5005.

Til sölu Hyundai Tucson árg. 2004, ek. aðeins 23 þ., álfelgur, 5 gíra, toppeintak. Verð 2150 þ. Uppl. í s. 892 5005.

Til sölu Dodge Grand Caravan, árg. 2001, 7 manna, ekinn 65 þ. Mjög gott eintak, verð 1890 þ. Uppl. í s. 892 5005.

Toyota Hiace árg. 2005 4WD, disel, ek. 32þús, drk., auka sæti. Upll. í síma 6634836

Toyota Avensis station 06/2002., sjálfskiptur, vetrar og sumardekk. Ekinn 117 þ. Verð 1250 þ. Sími 5861991/8251212

Tilboð
Toyota Corolla G6 árg. '98. Ekinn 200 þ. Nýsk. '08. Ný dekk, topplúga og ný tímareim. Verð 320 þ. stgr. Uppl. í s. 617 6029.

Land Rover Discovery (Windsor SE) árg. '06. Ek. 24 þ. km. Ásett verð kr. 5.950 þ. Tilboð kr. 5.290 þ. Aukahl. Þrískipt sóllúga, krókur, varadekk á álfelgu, tímastillt miðst. S. 896 3489.

Santa Fe '05. Ek. 26 þ. V. 2.480 þ. Tilboð 2.190 þ. Ath. ódýrari. S. 821 8415.

Cherokee Hemy árg. '05. Ek. 41 þ. Low profile dekk með krómfelgum fylgja. Verð 4.250 þ. Uppl. í s. 899 7720 eða 846 4682.

Sumarpakki
Pajero, 98 árg., 2.5 disel turbo, 5 gíra beinskiptur, nýtt hedd, ný tímareim. Mikið endurnýjaður bíll. Fellihýsi fylgir með!! Verð 1.150 þús. kr. Uppl. í s. 868 5922.

VW Caddy, hvítur. Árg. '01. Ek. 93 þ. Ný tímareim, ný kúpling, nýjar bremsur, í góðu standi. Verð 500 þ. Uppl. í s. 698 3553 & 820 2912.

Porsche 911 Carrera 4 (4x4) árg.90 ek: 169 þús.km. Frábært eintak. Verð 3.199. þús. Sími:897-1787.

Renault Kangoo '06, 1,5 diesel, ek. 16 þús. Stgr. verð 1.490 þ. Möguleiki á 100% láni. Uppl. í s. 891 8970.

Nissan Primera 2,0 l. Árg. '96-97. Ek. 159 þ. Verð 220þ. Uppl. í s. 844 0537.

Cherokee Jambore árg. '94, þarfnast smá lagfæringa. Tilboð óskast. S. 663 5130.

BMW 523 steptronic. Leður, topplúga, ssk. Árg. 12/'99. Ek. 110þ. 1.000þ stgr. Uppl. í s. 848 8183.

Kia Sportage '02. Ek. 82 þ. Yfirtaka á láni, afb. 23 þ. Uppl. í s. 891 9900.

Toyota Avensis '01, ek. 133 þús. Heilsársdekk. Verð 850 þús. S. 847 5971.

Toyta Carina '96, station, 2L vél. Ek. 150 þús. Í góðu ástandi. Ásett verð 380 þús. Tilboð 245 þús. S. 696 3742 & 865 8594.

Bronco '87 á „36 dekkjum. Þarfnast lagf. Tilboð. Toyota Foreigner '90 á „38 dekkjum. Verð 200 þ. Þarfnast lagf. Saab '94 CS9000, tjónaður að framan. Tilboð. Uppl. í s. 865 0172.

Nissan Almera 1,8 Lux. Ssk. Ek. 45þ. Árg. '03. Verð 1.050þ. S. 662 2001.

0-250 þús.

Peugeot vespa til sölu, árgerð 2005. Hjólið er 50cc og er verðhugmyndin 200 þ. Allar fleiri upplýsingar eru í síma 845 8800 (Ómar).

Ktm200exc 03' Ljósabúnaður fylgir hjól í toppstandi. Verð 380 þ. stgr. S. 825 7081.

Suzuki Rm125 crosser '04 excel felgur, nýr stimpill og cylender hjól í toppstandi. Verð 410 þús. stgr. S. 825 7081.

Nissan Sunny Wagon 4x4 árg. '96 til sölu. Ek. 141 þús. Dráttarkúla. Nýtt pústkerfi. Verð 150 þús. S. 691 3276, Dagbjört.

Mazda 323 GLX til sölu, ek. 127 þús. Vetrar og sumardekk. Verð 120 þús. Uppl. í s. 868 5922.

500-999 þús.

Tilboð! Micra 2004 á 790 þús.
Nissan Micra skr 06/04 ekinn 64 þús., beinskiptur, ný kúpling, nýyfirfarinn, Gangverð 1150 þús. Tilboðsverð 790 þús. stgr. Áhvílandi 630 þús., 160 þús. út og ca 13 þús. á mán. S. 898 2533.

VW Passat 1,6, árg. 04/99, ek. 134 þ. Gott eintak. Verð 590 þ. Uppl. 660 6214.

Toyota Avensis '99 Sjálfsk, E 134 Þ verð 600,000 S-8455007

1-2 milljónir

Skoda oktavia 4x4 turbo árg 01.94þ. km Einn með öllu.leður toppluga uppl.6176455

2007 Dodge Caliber. Vandaður og sparneytinn fólksbíll/jepplingur frá Kr. 1.995 þús. 7,4 lítrar pr.100km. Fæst með 4x4. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Til sölu KIA PICANTO skráður 2006 ek 1310 km vel með farinn. Útvarp/CDspilari, heilsársd. Enginn útborgun yfirtaka á einkaleigusamningi uppl. Ómar/Steinunn s. 5885035/8973429

Til sölu Glæsilegt eintak af BMW 735 árgerð '99. Fleiri upplýsingar í síma 662 2635.

2 milljónir +

Toyota Yaris 1.3 Sol nýskr. 02/04 bs. ek. 39 þús. km. Verð 1.250.000. Upplýsingar í síma 892 9772.

Toyota Landcr VX Sjálfsk, diesel,E 155 Þ Breyttur f 34" S-8455007

Toyota Avensis dísel árg. '05 ek. 39þús. Góður og vel með farinn bíll. 2.2 m áhvílandi. Uppl. í s: 864-6969

Mazda RX-8 2004 m. stærri vélinni. ekinn 61000km. léttur og skemmtilegur sportbíll Tilboð 2.690þus. Sími: 6960178

VW Passat árg. 2005, ek. 25 þús. 18" felgur. Möguleiki á 100% láni. S. 849 9605.

Bílar óskast

Kaupi bíla til niðurrifs. Uppl. í s. 820 7378.

Óska eftir VTI, GTI eða Turbo bíl. Uppl. í s. 848 8183.

Jeppar

Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790 þús., Nýr 2007 frá 4.390 þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Isuzu Trooper 3000 '00 disel ssk. Ek. 132 þús. 7 manna. Upph. af VDO á 35" dekkjum, dráttarkr., litað gler og NMT sími. Mjög vel með farinn dekurbíll. Sjón er sögu ríkari. S. 899 1055.

Kia Sorento Luxery dísil árg. 2006, ekinn 38 þús., sjálfskiptur, leður, topplúga, dráttarbeisli og fl. Ásett verð 3.450.000. Uppl. í síma 893 3887.

Topp TOUAREG V6
Topp TOUAREG V6 Ekinn 42 þ. Nýskr. 11.'04. Xeon ljós, grátt leður. Rafm. og minni í sætum, topplúga ofl. Kr. 3.990 þ. Uppl. í s. 698 6987.

Toyota Land Cruiser VX '00, ek. 120 þús. 33" dekk, leður, sólarlúga o.fl. Verð 2,3 millj. S. 824 0242.

Pallbílar

Ford F150 frá 1.750 þús.! Ford 350 og Dodge RAM 3500 4x4 dísel með engum hraðatakmarkara frá 3.190þús. Nýjir og nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Sturtupallar á ameríska pallbíla. Sýningarpallur kominn. Uppl. í s. 898 5500.

sumarhús

FIMMTUDAGUR 19. APRÍL 2007

Líf og fjör í Fífunni

Auður Ottesen lofar herlegheitum á sýningunni Sumarhús og garður. BLS. 4

Velkomin í Rangárþing eystra

AFÞREYING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
EINSTÖK NÁTTÚRA
MENNINGARVIÐBURÐIR

Upplýsingamiðstöðin á Hvolsvelli
Hlíðarvegi 14, 860 Hvolsvöllur
Sími: 487 8043
Netfang: tourinfo@hvolsvollur.is
Heimasíða: www.rangarthingeystra.is

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segir gróðursetningu við sumarbústaði alltaf vera að aukast enda séu bústaðir í dag ekki lengur byggðir í skógarlendum eða kjarri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ánægjuleg vinna sem veitir mörgum lífsfyllingu

Skógrækt við sumarbústaði hefur aukist mikið síðustu ár og Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segir að um níutíu og fimm prósent sumarbústaðaeigenda gróðursetji tré við bústaði sína.

„Skógrækt hefur aukist gífurlega og nánast allir sem eru með bústaði eru að rækta í kringum sig. Fólk er að bæta skjólið við bústaðina og skilyrðin og koma sér upp svona reitum. Þetta er ekki bara puð, fólk fær líka lífsfyllingu og ánægju af að vinna þetta og rækta á sínum lendum," segir Brynjólfur.

Ástæðuna fyrir því að svo margir eru farnir að stunda ræktun við sumarbústaði sína telur Brynjólfur vera staðsetningu bústaðanna. „Áður var fólk að byggja bústaði í skógarlendum og einhverju kjarri en núna er það liðin tíð.

Það sem býðst í dag er yfirleitt lönd þar sem enginn trjágróður er til staðar og því þarf fólk að byrja á byrjuninni hvað það varðar."

Brynjólfur segir að sumarbústaðaeigendur séu mjög hugmyndaríkir þegar kemur að vali á trjátegundum. „Það er kannski dálítið misjafnt eftir landshlutum hvaða tegundir eru vinsælastar en í dag nota menn mjög fjölbreytta flóru af trjám og runnum. Framboðið er orðið miklu meira og þekkingin líka og fólk er farið að notfæra sér það," segir hann.

Þeir sem vilja fræðast meira um gróðursetningu og trjárækt geta farið inn á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, www.skog.is, þar sem hægt er að finna ýmsar upplýsingar. „Svo erum við að fara af stað með gróðursetningarnámskeið í maí sem getur verið gott fyrir þá sem ætla að fara að rækta upp landið sitt," segir Brynjólfur.

emilia@frettabladid.is

Loðvíðir er ein af þeim tegundum sem boða komu vorsins.

Í barrskógum má oft sjá rjúpnaspor en rjúpan heldur oft til í þeim og leitar þar skjóls.

Berjarunnar verða sífellt vinsælli og hér er verið að uppskera af hunangsvið.

Á vorin spretta vorlaukar víða í skógum.



FERÐASÝNINGIN 2007 >> GOLF 2007 >> SUMAR 2007

3 UNDIR SAMA ÞAKI

STÓRSÝNING FÍFAN KÓPAVOGI 20.-22. APRÍL 2007

Dagskrá

SVIÐIÐ
Laugardagur:

11:00 Keppnin Blómaskreytir 2007
13:00 Hestateymingar fyrir börnin
14:00 Verðlaunaafhending um útilistaverk
14:30 Línudans
15:00 Hestateymingar fyrir börnin
16:30 Línudans
17:00 Verðlaunaafhending Blómaskreytir 2007

Landsleikur á Ferðatorgi – Yfir 100 vinningar

Sunnudag:

13:00 Hestateymingar fyrir börnin
14:30 Línudans
15:00 Hestateymingar fyrir börnin
16:30 Línudans

Landsleikur á Ferðatorgi – Yfir 100 vinningar

GOLFSVÆÐI
Laugardag og sunnudag:

13:00 Heimsmeistari í Trick Shot Show
14:00 Landsliðsæfing í golfi
16:00 Heimsmeistari í Trick Shot Show

Chip-keppni

SMÁRASKÓLI
Laugardagur:

Golfíþróttin
– sóknarfæri ferðaþjónustunnar?

13:00 Setning, Jón Ásgeir Eyjólfsson forseti GSÍ / Golf á Íslandi-sóknarfæri

13:15 Rob Holt CEO Ryder Cup Wales 2010 /Mikilvægi stórviðburða í golfi fyrir ferðaþjónustuna í Wales.

13:45 Jón Karl Ólafsson, CEO Icelandair /Er golf á Íslandi eitthvað sem við getum selt?

„Það eru nú að vísu 42 ár síðan ég byrjaði, sagan nær aðeins lengra aftur,“ segir Garðar Guðmundsson, stofnandi Íþróttafélagsins Gróttu á Seltjarnarnesi. 40 ár eru liðin frá stofnun félagsins um þessar mundir og verður afmælinu fagnað með hátíðardagskrá í Íþróttahúsi Seltjarnarness í dag.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Garðar smalaði saman drengjum á Seltjarnarnesi til að spila fótbolta á kvöldin fyrir rúmum fjörutíu árum. „Ég setti upp auglýsingu í Melabúðinni um að ég ætlaði að stofna félag og það voru 127 strákar sem skráðu sig. Svo var ég bara með þessum strákum úti á túni á hverju einasta kvöldi að spila, frá því að vinnu lauk og fram að miðnætti,“ segir Garðar. „Þetta er auðvitað allt breytt í dag, nú er Grótta stórveldi með fína aðstöðu til íþróttaiðkunar.“

Garðar viðurkennir að árangurinn á knattspyrnuvellinum mætti vera betri en segir félagið bæta það upp á öðrum sviðum. Hann getur þó stært sig af prýðisgóðum árangri með Old boys-flokki félagsins sem hann þjálfar. „Við höfum ekki unnið neina titla en stöndum okkur alltaf vel. Árið í fyrra var okkar besta ár,“ segir Garðar, sem hefur alltaf jafn gaman af því að þjálfa. „Ég sleppi ekki höndunum af þessu. Það er þó orðið svo núna að ég tek bara eitt og eitt ár í einu.“

Hátíðardagskrá í tilefni afmælis Gróttu hefst klukkan 13 í dag með skrúðgöngu frá Sundlaug Seltjarnarness undir stjórn Lúðrasveitar bæjarfélagsins. Eftir það verður dagskrá í íþróttahúsinu þar sem meðal annars verða sýningar frá íþróttadeildum Gróttu. Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri og Bjarni Álfþórsson, formaður Gróttu, flytja ávörp og Íþróttamaður Gróttu verður heiðraður. Ýmislegt verður í boði fyrir yngri kynslóðina og allir fá kaffi og afmælistertu. Annað kvöld verður síðan hátíðarkvöldverður og diskótek í Félagsheimili Seltjarnarness. Upplýsingar um miðasölu fást á skrifstofu Gróttu.

hdm@frettabladid.is

GRÓTTUPABBI Garðar Guðmundsson stofnaði Gróttu fyrir fjörutíu árum og er jafnan kallaður Gróttupabbi.

GRÓTTUSTRÁKAR Fyrsti búningur Gróttu kom í júní árið 1967. Á myndinni eru frá vinstri Þráinn, Helgi og Skúli Skúlasynir.

50 ára

Kristján Zophoníasson

er 50 ára í dag, 19. apríl.

Hann tekur á móti gestum í dag að Grandagarði 8, Reykjavík, milli klukkan 17 og 20.

60 ára afmæli

Í tilefni af 60 ára afmæli mínu þann 23. apríl vil ég bjóða vinum og vandamönnum í kaffi laugardaginn 21. apríl frá kl. 15:00 í sal Hitaveitunnar í Njarðvík.

Fanney Elísdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

ÓKEYPIS Í SUND
AÐ LOKNUM HÁTÍÐARHÖLDUM!

Gleðilegt sumar Mosfellingar

og til hamingju með nýju íþróttamiðstöðina!

Í dag, Sumardaginn fyrsta, verður nýja íþróttamiðstöðin í Mosfellsbæ formlega vígð við hátíðlega athöfn.

Íþróttamiðstöðin er ein sú glæsilegasta hér á landi með inni- og útisundlaug, vaðlaug, heitum pottum, gufubaði og frábærum vatnsrennibrautum.

Markmið íþróttamiðstöðvarinnar er að veita gestum sínum fjölbreytta þjónustu til íþróttaiðkunar. Starfrækt verður líkamsræktarstöð í húsinu á vegum World Class og einnig verður þar nuddstofa. Heilsuakademían mun bjóða upp á námskeið fyrir börn og fullorðna í íþróttasal og sundlaug staðarins og er íþróttasalurinn jafnframt opinn til útleigu fyrir hópa og félagasamtök.

Í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar verður kaffihús og veitingasala.

Dagskrá Sumardaginn fyrsta í Mosfellsbæ

13:00 **Skrúðganga leggur af stað frá Kjarnanum**
13:30 **Skrúðganga kemur að Lágafellsskóla**
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti hópnum
13:40 **Vígsla íþróttamiðstöðvar**
Kynnir er Hafsteinn Pálsson,
formaður íþrótta- og tómstundanefndar
Ávarp: Stefán Þórarinsson, stjórnarformaður Nýsis hf.
Ávarp: Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar
Helgistund: Séra Ragnheiður Jónsdóttir blessar mannvirkin
Húsakynnin til sýnis eftir athöfn
14:15 **Gleði, grín og gaman og kaffisala í matsal Lágafellsskóla.**
Tívolí, hoppkastali og margt fleira
14:30 **Fjölskyldutónleikar í hátíðarsal Lágafellsskóla.**
Diddú ásamt Hljómskálakvintettinum.
16:00 **Hátíðarhöldum líkur við Lágafellsskóla.**
16:00 **Sumarsprell fyrir börn í Bæjarleikhúsinu við Þverholt.**

ÍSTAK · funkis · Linuhönnun verkfræðistofa · World Class Iceland · heilsuakademían · Mosfellsbær · NÝSIR

Tortryggnin í garð Írana eykst

Tortryggnin í garð Írana eykst og stöðugt verður meiri hætta á átökum þar sem samningaviðræður skila litlu. Íranar eru grunaðir um að reyna að koma sér upp kjarnavopnum og nýta sér stöðu sína til að verða leiðandi í Mið-Austurlöndum. **Sigurður M. Magnússon** er formaður Geislavarnanefndar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* ræddi við hann um kjarnorkuuppbygginguna í Íran.

Málefni Írana hafa verið í fréttum upp á síðkastið, ekki síst vegna bresku sjóliðanna fimmtán sem Íranar tóku höndum fyrir nokkru og hafa nú látið lausa. Sigurður M. Magnússon, formaður Geislavarnanefndar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, hefur fylgst með þessum málum og segir að Íran hafi orðið uppvíst að því að uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar séu um bann við útbreiðslu kjarnavopna. 189 ríki hafa undirritað samning þar að lútandi og er Íran eitt þeirra. „Íranar virða ekki þennan samning," segir Sigurður.

Markmiðið með samningnum er að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnavopna og gera samtímis öllum ríkjum kleift að hagnýta sér kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Samningurinn felur í sér að Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur víðtækt umboð til að fylgjast með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar. Þær fela meðal annars í sér að veita upplýsingar um alla starfsemi sem tengist kjarnorku og tilkynna um allar rannsóknir og þróunarvinnu þegar á hönnunar- og undirbúningsstigi.

SÉRÞEKKING Á GEISLAVÖRNUM

Sigurður M. Magnússon er kjarneðlisfræðingur með fræðilega kjarneðlisfræði sem aðalsvið og hagnýtingu kjarneðlisfræðinnar í læknisfræði og geislavarnir sem hliðarsvið. Í starfi sínu sem forstjóri Geislavarna ríkisins kemur hann að málum á alþjóðlegum vettvangi og gegnir formennsku í Geislavarnanefnd Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Geislavarnanefndin hefur það hlutverk að veita Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni ráðgjöf og ráðleggingar um öryggisstaðla vegna hagnýtingar geislunar og geislavirkra efna, hvort heldur er í læknisfræði, rannsóknum og vísindum, iðnaði eða kjarnorkuverum. Sigurður hefur því sérþekkingu sem er fágæt á Íslandi.

SIGURÐUR MAGNÚSSON Enginn treystir því sem Íranar segja vegna þess „hvað þeir draga lappirnar og hafa leynt miklu lengi. Inn í þetta blandast svo heimsmálin og ástandið í þessum heimshluta þannig að það er bara skelfileg tortryggni á báða bóga," segir Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tregir til að verða við kröfum

„Íran hefur rétt á því að hagnýta kjarnorkuna í friðsamlegum tilgangi eins og önnur aðildarríki. Brot Írana felst fyrst og fremst í því að hafa ekki sagt frá fyrirætlunum sínum. Árið 2003 kom í ljós að þeir höfðu kerfisbundið leynt upplýsingum um kjarnorkuuppbyggingu sína í tíu til tólf ár. Ef þeir hefðu veitt þessar upplýsingar á sínum tíma er spurning hvort þeir væru taldir vera að brjóta samninginn í dag. Til að gera illt verra hafa Íranar verið mjög tregir til að verða við kröfum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um upplýsingar og að heimila nauðsynlegt eftirlit," segir hann.

Starfsemi Írana á sviði kjarnorku er þess eðlis að þeir geta stigið skrefið til fulls og hagnýtt tæknina til þess að smíða kjarnavopn. „Þar stendur kannski hnífurinn í kúnni. Mikil tortryggni ríkir á báða bóga vegna þess að Íranar leyndu upplýsingum með kerfisbundnum hætti í langan tíma og þráast svo við að veita umbeðnar upplýsingar og heimila eftirlit. Síðan er þetta pólitískt því að ástandið í Mið-Austurlöndum spilar stórt hlutverk."

Þegar ríki brýtur ákvæði samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna ber stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar að grípa tafarlaust inn í og krefjast þess að fá umbeðnar upplýsingar. Ef þær eru ekki veittar á að vísa málinu til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Frá árinu 2003 hefur verið reynt að fá nauðsynlegar upplýsingar en án árangurs og því var málinu vísað til Öryggisráðsins á síðasta ári. Öryggisráðið hefur krafist þessara upplýsinga og að Íranar hætti tafarlaust þeirri starfsemi sem deilurnar snúast um en Íranar láta það sem vind um eyru þjóta.

Flókið mál að vinna sprengju

„Þeir hafa verið með yfirlýsingar mjög nýlega um að þeir hafi náð mikilvægum áfanga í auðgun úrans og séu farnir að geta auðgað úran í stórum stíl en það veit enginn hvert innihaldið í þessum yfirlýsingum er eða á hvaða stigi það er," segir Sigurður. „Íranar segjast hafa fullan rétt til að gera það sem þeir eru að gera og færa má rök fyrir því að svo sé. Það breytir hins vegar ekki því að þeim bar á sínum tíma skylda til þess að láta vita af því sem þeir voru að gera og leyfa Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni að hafa eftirlit með því."

Íranar eru með úran í jörðu og reyna nú að vinna úranið, auðga það þannig að hægt sé að nota það sem brennsluefni í kjarnaofna. Sigurður segir að stórt skref sé frá því að geta auðgað úran til notkunar sem brennsluefni í kjarnaofna í það að auðga úran í það miklu magni að hægt sé að nota það í kjarnasprengju. Íranar eigi mikið verk fyrir höndum þar til þeir eigi kjarnorkuvopn.

„Eitt er að geta auðgað úran í þeim mæli að hægt sé að nota það í sprengju. Annað er að búa til sjálfa sprengjuna og þannig búnað að hægt sé að framkalla sprengingu," segir hann. „Eitt er að geta gert tilraun við ákveðnar aðstæður sem hægt er að stjórna, annað er að vera með vopn sem hægt er að sprengja. Þriðja skrefið er síðan hvernig vopnið er flutt. Þróa þarf eldflaugar sem geta borið þessi vopn og síðan þarf að tengja saman eldflaugina og vopnið og geta sent flaugina með sprengjunni á skotmarkið og láta hana springa þar."

> Þeim hefur tekist að spila mjög vel á þá sundrungu sem er meðal ríkja heimsins. Bandaríkjamenn hafa verið herskáir en Evrópumenn mildari og viljað reyna samningaleiðina til þrautar.

Myndi setja allt í bál og brand

Sigurður bendir á að Íransforseti hafi dregið helförina í efa og talað um að þurrka Ísraelsríki af yfirborði jarðar. Þessi ummæli hafa skiljanlega valdið titringi. Ísraelsmenn óttast það sem getur gerst ef Íranar koma sér upp kjarnavopnum. Sigurður segir að fræðilega sé hægt að ráðast inn í Íran til að reyna að koma í veg fyrir að Íranar komi sér upp kjarnavopnum. Slík innrás myndi setja allt í bál og brand í þessum heimshluta.

Hann bendir á að Ísraelsmenn geti líka gert loftárásir á kjarnorkustöðvar í Íran en þær séu mjög dreifðar, lítið vitað um staðsetningu þeirra og fjölda og talið að þær mikilvægustu séu neðanjarðar. „Til eru sprengjur sem eru mörg þúsund kíló að þyngd og sérstaklega hannaðar til þess að bora sig ofan í jörðina og springa þar. Þessar sprengjur hafa Ísraelsmenn fengið frá Bandaríkjamönnum. Vitað er að þeir ráða líka yfir mjög öflugum flugher. Hins vegar er ekki einfalt að sjá fyrir sér að þeir geti framkvæmt aðgerð af þessu tagi þannig að hún takist," segir hann og bætir við að erfitt sé að sjá að hægt sé að leysa þetta mál með valdi.

Reynt hefur verið að leysa ágreininginn við Íranа með samningaleiðinni. Sigurður telur að Íranar hafi verið slungnir í þeim viðræðum og dregið stórveldin og Evrópuþjóðirnar á asnaeyrunum. „Þeim hefur tekist að spila mjög vel á þá sundrungu sem er meðal ríkja heimsins. Bandaríkjamenn hafa verið herskáir en Evrópumenn mildari og viljað reyna samningaleiðina til þrautar. Rússar hafa hins vegar dregið lappirnar, af því að þeir hafa selt Írönum mikið af því sem þeir þurfa í sín kjarnorkuver og hafa því hagsmuna að gæta."

Grunaðir um græsku

Klukkan tifar og tíminn vinnur með Írönum sem halda ótrauðir áfram kjarnorkuáætlunum sínum og færast stöðugt nær því að geta auðgað úran í svo miklu magni að þeir geti framleitt kjarnavopn. „Þeir segja sjálfir að þeir séu eingöngu að þessu í friðsamlegum tilgangi og að öll þeirra starfsemi miði að því að geta hagnýtt kjarnorkuna til rafmagnsframleiðslu. Hins vegar eru þeir grunaðir um græsku því óumdeilt er að þeir hafa brotið samninginn og uppfylla ekki skuldbindingar sínar," segir Sigurður.

Þó að Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hafi heimild til að ganga úr skugga um að engin önnur kjarnorkustarfsemi sé í Íran en Íranar hafa tilkynnt um þá hafa Íranar ekki undirritað þann hluta samningsins. Þeir hafa sent bréf til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar þar sem þeir segjast heimila eftirlit eins og þeir hefðu undirritað samninginn en þegar til á að taka hafa þeir ekki leyft það og því er umfangið á kjarnorkuáætlun þeirra ekki þekkt.

„Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar til að staðfesta að ekki sé önnur kjarnatengd starfsemi í landinu en Íranar segja frá. Enginn treystir því sem þeir segja vegna þess hvað þeir draga lappirnar og hafa leynt miklu lengi. Inn í þetta blandast svo heimsmálin og ástandið í þessum heimshluta þannig að það er bara skelfileg tortryggni á báða bóga. Hún stigmagnast og Íranar nota ástandið í pólitískum tilgangi, taka frumkvæði og verða leiðandi í sínum heimshluta," segir Sigurður M. Magnússon. ■

ÓTTI Í ÍSRAEL Ísraelsmenn óttast að Íranar komi sér upp kjarnavopnum. Sigurður bendir á að Ísraelsmenn geti gert loftárásir á kjarnorkustöðvar í Íran en þær séu mjög dreifðar, lítið vitað um staðsetningu þeirra og fjölda og talið að þær mikilvægustu séu neðanjarðar. Hér má sjá Írana brenna fána Ísraels.

Einstakt samspil náttúru og vísinda

til að viðhalda unglegri húð

Kynning á nýrri Blue Lagoon andlitslínu í Lyf & heilsu í Kringlunni dagana 19.–25. apríl.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keypt er vara úr nýju línunni.

Blue Lagoon húðvörurnar eru árangur einstaks samspils náttúru og vísinda og færa okkur áður óþekkta leið til að viðhalda unglegu yfirbragði húðarinnar.

Nýjustu vísindarannsóknir á náttúrulegum efnum úr jarðsjó Bláa Lónsins sýna einstaka virkni þeirra gegn öldrun húðarinnar. Rannsóknirnar voru unnar í samstarfi við Prof. Jean Krutmann, virtan sérfræðing í rannsóknum á öldrun húðarinnar og áhrifum umhverfis á hana.

BLUE LAGOON
ICELAND

Lyf & heilsa
Við hlustum!

OPIÐ Í DAG 12-18

Gleðilegt sumar

12.980 **7.980**

BRODWAY garðborð ál/tekk,þvermál 60 cm

BRODWAY garðstóll, ál/tekk

6.980 **4.980**

CAFE garðborð ál, þvermál 60 cm

CAFE garðstóll, ál/bast

19.980 **17.980**

SPRING barborð, járn/tekk,
H:110 þvermál 70 cm.

SPRING barstóll járn/tekk H:99

STAMPE garðborð, granít/króm,
þvermál 60 cm

CATTIE garðstóll, ál/svartur

14.980 **7.980**

PARIS garðborð, hvítt/ál
þvermál 70 cm

EIFEL garðstóll, ál/svartur

14.980 **9.980**

HÚSGAGNAHÖLLIN

SUMAR 2007

Garðhúsgögnin eru komin

SELMA
sólbekkur, svartur 19.980

PARIS garðborð, hvítt/ál L:180 B:90 H:72 cm 44.980 14.980
PARIS garðstóll, ál/svartur

PARIS sólbekkur, ál/svartur
PARIS framreiðsluvagn, hvítur/á, H:72 B:48 L:90 39.980 34.980

MARS garðstóll
ál/plast fæst rauður,
svartur, creme 6.980

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 OPIÐ sumardaginn fyrsta 12-18

JOSH GROBAN Var uppgötvaður af David Foster aðeins sautján ára gamall og hefur leiðin eiginlega bara legið upp síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Syng ekki bara fyrir miðaldra konur

Þrátt fyrir að vera aðeins 26 ára hefur **Josh Groban** afrekað meira en margur. Hann hefur sungið í Vatíkaninu og dúetta með söngvurum á borð við Barböru Streisand og Celine Dion. Þrátt fyrir þessa afrekaskrá segist Groban þó enn eiga sitt besta eftir. *Freyr Gígja Gunnarsson* lagði á sig krókaleið og hafði að endingu uppi á Groban á heimili hans í Los Angeles.

Umboðsmenn Grobans passa greinilega vel upp á skjólstæðing sinn því beita þurfti nokkrum brögðum til að ná sambandi við söngvarann. Að endingu hafðist það og söngvarinn reyndist vera spenntur fyrir komu sinni hingað til lands. Groban sagðist ætla að dveljast hér á landi í nokkra daga til að venjast tímamismuninum en hann kemur fram ásamt Gospelkór Reykjavíkur og sinfóníuhljómsveit. Groban ákvað að hefja heimsferð sína á Íslandi vegna allra þeirra góðu hluta sem hann hafði heyrt um landið hjá fólki í tónlistarbransanum. Og hann segist vera auðmjúkur yfir því hversu hratt seldist upp á fyrri tónleikana.

Enginn tími fyrir fjölskyldu

Groban býr einn í Englaborginni, á hvorki konu né börn en segist eiga hund. Það er erfitt fyrir hann að sinna fjölskyldulífi um þessar mundir en hann vonast þó til að eignast góða konu og börn fyrr en síðar. „Núna er ekki rétti tíminn," segir Groban. „Ég á sjálfur mjög góða foreldra sem hafa stutt vel við bakið á mér," bætir hann við en faðir hans er sonur pólskra og rússneskra innflytjenda en móðir hans af norskum ættum. „Það er hins vegar ekki ómögulegt að eiga fjölskyldulíf í þeirri stöðu sem ég er. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það að eiga fjölskyldu skiptir miklu máli fyrir manns eigin hamingju," segir Groban. „Og ég vonast til að sá tími renni upp, fyrr eða síðar."

Söngvarinn hefur heimsreisu sína hér á Íslandi. Við taka svo löng ferðalög á landi sem og láði, fjarri vinum og ættingjum þar sem oftar en ekki er dvalist á misgóðum hótelum. Groban segist hins vegar njóta þess að vera á ferðalagi, hann sé á þeim aldri þar sem ævintýrin eru rétt handan við hornið. „Ég byrjaði á þessum tónleikaferðalögum mínum fyrir þremur eða fjórum árum síðan en það var ekkert sjálfgefið að mér líkaði þetta líferni. Ég vonaðist hins vegar til þess enda eru ferðalög í kringum heiminn mikil guðsgjöf," segir Groban. „Ferðalögin víkka út sjóndeildarhringinn og ég er 26 ára þannig að þetta er akkúrat það sem mann á mínum aldri dreymir um að gera," bætir hann við og segist aldrei hafa velt því fyrir sér af hverju í ósköpunum hann er að þessu á annað borð þegar hann hvílir lúin bein á hótelherbergi. „Það getur gengið á ýmsu, bæði fyrir tónleika og eftir tónleika, en á þessum tveimur tímum sem ég stend á sviðinu er eins og allar áhyggjur séu á bak og burt," útskýrir Groban. „Skjól mitt á þessum ferðalögum er sviðið og þá tilfinningu sem maður fær við það að standa fyrir framan áhorfendur er ekki hægt að toppa. Hún er algjörlega einstök og allt verður þess virði."

Heldur öllu opnu

Groban var orðinn fjórtán ára þegar hann uppgötvaði að hann gæti sungið. Hinar illviðráðanlegu mútur voru þá að baki. „Strákar verða að bíða þar til unglingsárin eru að baki," grínast Groban með. „Ég komst síðan í kynni við David Foster sautján ára gamall og eftir það gerðust hlutirnir frekar hratt," segir Groban. „Þetta hefur verið mikið ævintýri en vonandi er framtíðin bara björt því mér finnst eins og ég eigi mikið eftir ógert í listinni," segir Groban. Hann viðurkennir að hann hafi alltaf dreymt um að standa á sviði en aldrei þorað að vona að sá draumur yrði að veruleika. „Þegar maður fær tækifærið grípur maður það. Og ég er ótrúlega þakklátur því fólki sem hefur veitt mér mín tækifæri," bætir hann við.

Þótt Groban hafi selt plötur í milljónum eintaka og verið tilnefndur til Grammy-verðlauna hafa engu að síður ófáir horn í síðu söngvarans. Segja tónlistina væmna og sérsniðna handa miðaldra konum. Groban segist vissulega hafa fundið fyrir því á upphafsárum sínum að konur á miðjum aldri væru í meirihluta á tónleikum hans en í dag komi fólk á öllum aldri. „Ég veit ekki hvernig þetta verður á Íslandi en þegar við erum að spila á þessum stóru tónleikastöðum í Bandaríkjunum eru áhorfendur af báðum kynjum," segir Groban en eilítið fát kemur á söngvarann og hann spyr af einskærri einlægni hvort það sé satt að bara konur hafi keypt miða á tónleikana hér á landi. Eftir að hafa verið fullvissaður um að þetta séu einungis gróusögur krefur hann blaðamann um tíu dollara ef einhverjir á hans aldri láti sjá sig í Laugardalshöllinni.

Tónleikahald mikilvægt

Groban segist ekki vilja skilgreina tónlist sína sem sígilda. Og hefur aldrei reynt að brjóta sér leið inn í óperuheiminn en segir að sín tónlist sé einhvers staðar á milli popps og sígildrar tónlistar. „Ég ber mikla virðingu fyrir sígildri tónlist og geri mér grein fyrir því að þar er krafist mikillar hæfni og hæfileika, ólíkt því sem mörgum þykir vera í poppinu," útskýrir Groban. „Á hinn bóginn býður klassíkin ekki upp á þær tilraunir sem mig langar að gera. Ég er mikill aðdáandi popptónlistar þegar hún er vel gerð og að því leytinu lýtur hún sömu lögmálum og aðrar listgreinar. Hið sama á við um klassíska tónlist, þar er alveg jafn marga lélega tónlistarmenn að finna eins og góða," segir Groban.

Groban var í tilraunaham þegar hann hóf að vinna að sinni nýjustu plötu, Awake. Fékk til sín upptökustjóra sem hann hafði lengi langað til að vinna með, þeirra á meðal Glenn Baillard sem hefur unnið með Alanis Morrisette og Dave Matthews Band, Herbie Hancock og Marius DeVries en hann hefur meðal annars verið Björk okkar Guðmundsdóttur innan handar. „Þetta er fólk sem hefur verið að vinna í þeim hluta tónlistargeirans sem er mjög ólíkur því sem ég hef verið að gera," útskýrir Groban og hann er þeim innilega þakklátur fyrir að hafa tekið tíma til að vinna með sér. „Nýjasta platan mín er því góð blanda af því sem ég hef hingað til gert og einhverju sem fólk hefur ekki heyrt frá mér áður," segir Groban. „Hún er því nokkuð fjölbreytt þó að auðvitað voni ég að hún hafi heildstæðan svip," bætir hann við.

Tónleikagestir í Laugardalshöll geta átt von á því að fá mikið fyrir sinn snúð um miðjan maí. Groban er annálaður fyrir mikla fagmennsku á sviði og gagnrýnendur hafa hælt honum á hvert reipi fyrir frammistöðu sína á tónleikum. „Sumir tónlistarmenn leggja ekki mikla rækt við aðdáendur sína og þeir um það. Mér finnst það hins vegar vera skylda mín að sinna þeim sem hafa gert mig að því sem ég er í dag og það eru aðdáendurnir. Mín tilfinning er sú að aðdáendur krefjast sífellt meira af sínum eftirlætistónlistarmönnum og mér finnst ekkert nema sjálfsagt að bregðast við þeirra kröfum." ■

LEIKARINN GROBAN

➜ Josh Groban hefur fengist við meira en bara tónlist því hann lærði leiklist samfara tónlistarnámi í Bridges-háskólanum. Frægastur er Groban þó eflaust fyrir leik sinn í lokaþætti sjónvarpsþáttaraðinnar um lögfræðinginn **Ally McBeal** árið 2001 en þar lék söngvarinn Malcolm Wyatt.
Sagan segir að **David E. Kelly** hafi séð Groban á styrktartónleikum fyrir krabbameinssjúka og hrifist svo af frammistöðu söngvarans að hann hafi ákveðið að búa til nýja persónu sem átti að birtast í einum þætti. Groban kom, sá og sigraði með laginu You Are You. Ekki stóð á viðbrögðunum eftir sýningu þáttarins því tölvupóstunum ringdi yfir framleiðendurna þar sem óskað var eftir því að Groban fengi að koma aftur fram í þáttunum.

KAUPÞING & Síminn eru stoltir bakhjarlar

Alþjóðaleikar ungmenna

Reykjavík 2007

20.-25. júní

KOMA SVO, KRAKKAR!

Kaupþing og Síminn eru stoltir bakhjarlar Alþjóðaleika ungmenna sem haldnir verða frá 20.-25. júní nú í sumar.

Þátttakendur í leikunum eru ungmenni á aldrinum 12-15 ára frá 30 löndum. Alþjóðaleikar ungmenna eru fjölmennasti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi og um tólf hundruð keppendur eru væntanlegir til landsins. Keppt verður í frjálsum íþróttum, sundi, knattspyrnu, handbolta, júdó, badminton og golfi.

Við væntum mikils af mótinu.
Gangi ykkur vel krakkar!

Síminn KAUPÞING

STJÓRNMÁLANNA

Nær allir bókstafir stafrófsins hafa verið notaðir til að einkenna lista stjórnmálahreyfinga fyrir alþingiskosningar frá árinu 1923. Nokkrar undantekningar eru þó. Ekki er hefð fyrir broddstöfum. Þá hefur enginn viljað notað stafina Đ, W, X, Y, Æ og Ö. Þar til nú hafa bókstafirnir F og H verið notaðir til að einkenna flestar hreyfingar, eða sex. *Svanborg Sigmarsdóttir* leit yfir stafróf stjórnmálahreyfinga og sá meðal annars að Framsóknarflokkurinn, Sósíalistaflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa allir notað sama listabókstaf.

Fyrir kosningar er mikilvægt fyrir stjórnmálahreyfingar að listabókstafir þeirra séu jafn vel kynntir og heiti flokkanna. Sérstaklega er mikilvægt fyrir flokkana að þeir sem kjósa utan kjörstaða þekki listabókstaf þess flokks sem á að kjósa.

Nær allir stafir í stafrófinu hafa verið notaðir til að einkenna stjórnmálaflokka en bókstafirnir eru greinilega misáhugaverðir fyrir flokkana. Enginn hefur til dæmis notað bókstafina Đ, W, X, Y, Æ eða Ö. Þá er ekki hefð fyrir því að úthluta broddstöfum sem listabókstaf.

Nær allir kjósendur vita nú fyrir hvað B, D, F, S og V stendur fyrir. En flokkar eins og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa ekki alltaf fengið þeim listabókstöfum úthlutað. Skýrist það meðal annars af því að fram til sumarkosninga 1942 var einungis listakosning í Reykjavík, en ekki í öðrum kjördæmum. Fram að þeim tíma var listabókstöfum í Reykjavík úthlutað í stafrófsröð eftir því hvaða stjórnmálaflokkar óskuðu fyrst eftir listabókstaf, en eftir 1942 komst meiri festa í úthlutun bókstafa. Það var ekki fyrr en með haustkosningum 1959 sem listakosning var í öllum kjördæmum, en frá 1942 til 1959 voru listakosningar í Reykjavík og sex öðrum kjördæmum.

Vegna þess að listabókstafir festust ekki í sessi fyrr en 1942 hafa til dæmis Framsóknarflokkurinn, Kommúnistaflokkurinn og Íhaldsflokkurinn allir verið merktir B. Þá hafa Sjálfstæðisflokkur, Sósíalistaflokkur og Framsóknarflokkur verið merktir C í einhverjum kosningum.

A Alþýðuflokkurinn hefur setið einn að listabókstafnum A fyrir alþingiskosningar. Sú breyting varð þó á árið 1991 að nafn flokksins var ekki lengur skráð Alþýðuflokkur, heldur Alþýðuflokkur - Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Síðast var boðið upp á listabókstafinn A í alþingiskosningunum 1995, en fjórum árum síðar bauð Alþýðuflokkurinn fram undir nafni Samfylkingar.

B Þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn bjóði nú fram undir listabókstafnum B hafa fjórir aðrir flokkar haft þennan listabókstaf á síðustu áttatíu árum. Fyrstur var Borgarflokkurinn sem bauð fram árið 1923. Þá þurfti að krossa við B til að kjósa Íhaldsflokkinn í kosningunum 1927. Næstur með listabókstafinn B var Kommúnistaflokkurinn árið 1931. Árið 1934 var komið að Bændaflokknum að bjóða fram undir B-inu og loks var Framsóknarflokknum úthlutað B-inu árið 1942.

Auk þessara fimm B-lista var boðið upp á BB-lista í Norðurlandskjördæmi vestra í kosningunum 1983, þegar fram kom sérframboð framsóknarmanna í kjördæminu.

C Bókstafurinn C er lítið notaður í íslensku, en fimm stjórnmálaöfl hafa notast við þennan listabókstaf. Þannig eiga Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Sameiningarflokkur alþýðu - sósíalistaflokkur, Bandalag jafnaðarmanna og Frjálslyndi flokkurinn (hinn fyrri) það sameiginlegt að bjóða fram undir þessum listabókstaf.

Fram til 1942 voru ekki fastar skorður á því hvaða listabókstaf stjórnmálahreyfingunum var úthlutað, heldur var það fremur eftir „fyrstur kemur, fyrstur fær“ reglunni. Eftir 1942 var það Sameiningarflokkur alþýðu - sósíalistaflokkur sem hlaut C-ið, allt til kosninganna 1953. Þrjátíu árum síðar kom listabókstafurinn C svo í hlut Bandalags jafnaðarmanna.

D Aðeins tvær stjórnmálahreyfingar hafa verið einkenndar með bókstafnum D. Fyrst var það Sjálfstæðisflokkurinn sem hlaut D-ið í kosningunum 1931. Í kosningunum 1934 til og með kosninganna 1937 varð Kommúnistaflokkurinn hins vegar á undan að óska eftir listabókstaf og hlaut D, á meðan Sjálfstæðisflokkurinn var þá einkenndur með E.

Sjálfstæðisflokkurinn var svo aftur merktur D í alþingiskosningum um sumarið 1942 og hefur haldið listabókstafnum síðan.

Đ Engin stjórnmálahreyfing hefur boðið fram undir bókstafnum Đ.

E Nýtt framboð mun bjóða fram með listabókstafnum E í kosningunum í ár. Það er framboð baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja. Framboðið sóttist eftir listabókstafnum A, en ekki þótti nægjanlega langt síðan A var vendilega merkt Alþýðuflokknum og var þeirri ósk því hafnað.

E hefur ekki verið valkostur í alþingiskosningum frá árinu 1991, þegar Verkamannaflokkur Íslands bauð fram undir þessum listastaf. Þá var Lýðveldisflokkurinn einkenndur með bókstafnum í alþingiskosningunum 1953, Framsóknarmenn í Árnessýslu kusu E í kosningunum 1946 og bókstafurinn einkenndi flokk þjóðveldismanna í sumar- og haustkosningum 1942. Þá var Sjálfstæðisflokkurinn einkenndur með listabókstafnum í kosningunum 1934 til og með 1937.

F er annar tveggja vinsælustu bókstafanna til að einkenna framboð til Alþingis. Nú tilheyrir hann Frjálslynda flokknum og hefur gert það frá árinu 1999.

Fimm aðrar hreyfingar hafa áður notast við bókstafinn og voru þrjár þeirra frjálslyndar. Frjálslyndir voru einkenndir með F árið 1991 og Samtök frjálslyndra og vinstri manna í kosningunum 1971 til og með 1978. Árið 1942 buðu hins vegar Frjálslyndir vinstrimenn fram undir F-inu. Þjóðvarnarflokkurinn fékk listabókstafinn í kosningunum 1953 til og með haustkosninga 1959 og Flokkur þjóðernissinna hafði listabókstafinn árið 1934.

G Líkt og Alþýðuflokkurinn með A-ið situr Alþýðubandalagið eitt að G-inu, reyndar undir tveimur heitum. Sem Alþýðubandalag, allt til kosninganna 1995, þegar boðið var fram undir heitinu Alþýðubandalag og óháðir.

H Bókstafurinn H er hinn tveggja vinsælustu listabókstafanna og hafa sex framboð boðið fram með hann sem einkenni.

Fyrst kom framboðið Utan flokka árið 1963, en einungis var hægt að kjósa það framboð í Austurlandskjördæmi. Þá stóð H fyrir Óháða lýðræðisflokkinn í kosningum 1967 og Óháða kjósendur í Vestfjarðakjördæmi árið 1978. Ári síðar, 1979, var það grínframboðið Hinn flokkurinn sem bauð fram undir merki H-sins. Heimastjórnarsamtökin voru svo einkennd með H árið 1991 og Húmanistaflokkurinn árið 1999.

I er með óvinsælli listabókstöfum og hefur einungis verið notað einu sinni til þessa; í kosningunum 1967 þegar Utan flokka í Reykjavík bauð fram. Listabókstafurinn I býðst þó aftur nú í maí þegar bókstafurinn stendur fyrir Íslandshreyfinguna.

J Tvisvar hefur J verið notað sem listabókstafur og ætti því að vera frekar auðvelt að fá þeim bókstaf úthlutað. Samtök um jafnrétti og félagshyggju notuðu stafinn fyrst árið 1987, en Þjóðvaki, með Jóhönnu Sigurðardóttur fremsta í flokki, bauð fram með þessum listabókstaf árið 1995.

K Fjórar stjórnmálahreyfingar hafa notast við listabókstafinn K. Ekki geta það talist líkar hreyfingar, því þarna eru á ferðinni annars vegar kristilegar hreyfingar og hins vegar kommúnistar. Kommúnistasamtökin, marxistarnir - lenínistarnir buðu fram undir K-inu árið 1974, en breyttu svo nafninu fyrir kosningarnar 1978 þegar boðið var fram undir heitinu Kommúnistaflokkur Íslands, marxistar - lenínistar. Rúmum tuttugu árum síðar þyddi kross við K atkvæði greitt Kristilegu stjórnmálahreyfingunni og fjórum árum síðar atkvæði til Kristilega lýðræðisflokksins.

L er greinilega listabókstafur óháðra frambjóðenda. Í kosningunum 1978 voru það Óháðir kjósendur í Suðurlandskjördæmi sem buðu fram undir merkjum þess bókstafs. Ári síðar var þar enn sérframboð í Suðurlandskjördæmi á ferðinni en hét þá Utan flokka.

M Þrjár hreyfingar hafa stuðst við listabókstafinn M. Tvær þeirra voru svæðisbundnar, Lýðræðisflokkurinn í Norðurlandskjördæmi eystra árið 1974 og Vestfjarðalisti, samtök stuðningsmanna Péturs Bjarnasonar, árið 1995. Árið 1987 var kross við M stuðningur við Flokk mannsins.

N Framboðin sem merkt hafa verið N eru þrjú. Fyrstur var Lýðræðisflokkurinn í Reykjavík árið 1974. Síðan leið hálf öld áður en bókstafurinn var aftur nýttur, þá undir merkjum Náttúrulagaflokks Íslands. Síðasta stjórnmálahreyfingin til að bjóða fram undir listabókstafnum N var Nýtt afl í kosningunum 2003.

O hefur einungis einu sinni verið notað, það var þegar Framboðsflokkurinn bauð fram árið 1971.

P Bókstafurinn P hefur einnig aðeins einu sinni verið valkostur í alþingiskosningum og það bara í Reykjaneskjördæmi þegar Lýðræðisflokkurinn bauð fram árið 1974.

Q Grínframboðið Sólskinsflokkurinn var stórhuga árið 1979 og vildi meðal annars draga landið suður á bóginn í sólina ef nægjanlega margir krossuðu við bókstafinn Q.

R Bókstafurinn R hefur tvisvar staðið fyrir Fylkinguna í alþingiskosningum. Í fyrra sinnið var það árið 1974 þegar Fylkingin - baráttusamtök sósíalsista bauð fram 1974. Í tveim kosningum þar á eftir, 1978 og 1979, var það Fylking byltingarsinnaðra kommúnista sem bauð fram með listabókstafinn R.

S Listabókstafurinn S hefur fjórum sinnum verið í boði, fyrst árið 1978 þegar stjórnmálahreyfing undir því skýra nafni Stjórnmálaflokkur bauð fram. Ári síðar var listabókstafnum úthlutað til hreyfingar utan flokka í Norðurlandskjördæmi eystra. Borgaraflokkurinn hlaut S í kosningunum 1987 og kross við S var einungis mögulegur í Suðurlandskjördæmi árið 1995, þegar Suðurlandslisti, listi utan flokka á Suðurlandi, bauð fram. Frá árinu 1999 hefur listabókstafurinn S hins vegar tilheyrt Samfylkingunni.

T Í þrígang hefur verið hægt að kjósa T, en ekki í öllum kjördæmum. Utan flokka, sérframboð sjálfstæðra í Vestfjarðakjördæmi, hlaut listabókstafinn í kosningunum 1983. Annað sjálfstætt framboð notaðist við T í síðustu alþingiskosningum þegar sjálfstæðismaðurinn Kristján Pálsson bauð fram undir nafninu Framboð óháðra í Suðurkjördæmi. Hann hafði óskað eftir að fá að bjóða fram undir listabókstöfunum DD, en fékk ekki. Árið 1991 tilheyrði T hins vegar Öfgasinnuðum jafnaðarmönnum.

U hefur einungis verið úthlutað Vinstrihreyfingunni - grænu framboði, sem nú býður fram undir listabókstafnum V.

V Árið 1978 gátu Óháðir kjósendur í Reykjaneskjördæmi krossað við V. Fyrir kosningarnar 1983 tilheyrði V hins vegar Samtökum um kvennalista og gerði til og með alþingiskosninganna 1995. Þetta árið mun Vinstrihreyfingin – grænt framboð notast við þennan bókstaf.

W Ekkert framboð hefur komið fram með listabókstafinn W.

X Enginn hefur boðið fram með listabókstafinn X, þó að slagorðið „X við X“ hljómi freistandi. Einsýnt þykir að X yrði aldrei úthlutað sem listabókstaf.

Y Enginn hefur boðið fram með listabókstafinn Y.

Z Eftir að Z var úthýst úr íslenskri stafsetningu hafa tvær stjórnmálahreyfingar notast við þann bókstaf sem listabókstaf. Fyrsta græna framboðinu, sem hét einungis Grænt framboð og bauð fram árið 1991, var úthlutað zetunni. Þá var hægt að kjósa Anarkista á Íslandi með því að krossa við Z árið 1999.

Þ er eini íslenski stafurinn sem hefur verið úthlutað sem listabókstaf. Árið 1987 var Þ úthlutað Þjóðarflokknum. Í kosningunum 1991 hét framboðið svo Þjóðarflokkur - Flokkur mannsins.

Æ Listabókstafurinn Æ hefur ekki verið notaður í alþingiskosningum.

Opið hús á glæsilegum eignum í Hveragerði í dag Sumardaginn fyrsta

Birkimörk 2-8. kl. 13 - 17

Glæsileg 155 fm raðhús, 3-5 herbergja með bílskúr sem skilast fullbúin án gólfefna. Baðherbergi, þvottahús og anddyri flísalagt.
Verð frá 26.9 milljónum

Dæmi um innraskipulag

- Frágenginn garður
- Sólpallur
- Upptekin loft
- Gólfhiti
- Glæsilegar innréttingar
- Glæsileg baðherbergi
- Tæki frá AEG

Kambahraun 56 kl. 13 - 18

210 fm. Einbýlishús.
Frábær staðsetning
Stórt hellulagt plan

Stór pallur
Glæsileg baðherbergi
Hallogen lýsing

Gólfhiti
Stór bílskúr
Arinn

Verð 41.900.000,- kr.

Byggingaraðili/söluaðili Byggbræður ehf.
Upplýsingar í síma 898-6174 Helgi eða 899-6985

Ótrúlegt verð

Dekkjastærðir

Fólksbíladekk

Stærðir	
155/70R13	4,499 kr.
165/70R13	4,799 kr.
175/70R13	4,999 kr.
175/65R14	5,499 kr.
185/65R14	5,599 kr.
17570R14	4,999 kr.
185/70R14	5,499 kr.
185/65R15	5,999 kr.
195/65R15	6,499 kr.
205/55R16	8,999 kr.
215/55R16	9,999 kr.
215/45R17	11,999 kr.
225/45R17	12,999 kr.
235/40R18	17,999 kr.

Jeppadekk

Stærðir	
205/75R15	9,499 kr.
30X9,50R15	13,499 kr.
31X10,50R15	14,999 kr.
33X12,50R15	16,999 kr.
35X12,50R15	17,999 kr.
265/75R16	15,499 kr.
265/70R17	15,999 kr.
35X12,50R17	26,999 kr.
285/65R18	31,999 kr.
35X12,50R18	33,999 kr.

Sendibíladekk

Stærðir	
195/70R15	9,999 kr.
225/70R15	10,999 kr.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

STUÐ MILLI STRÍÐA: Vandinn við verðandina

KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR HELDUR AÐ HÚN SÉ „EITTHVAÐ“

Fólk sem er aðeins minna en fullorðið er reglulega krafið svara við spurningunni um hvað það ætli að verða þegar það er orðið stórt. Nú á dögunum las ég frétt um að ungt fólk í dag setji helst stefnuna á að verða sérfræðingar, svona arkitektar, læknar og lögfræðingar sem mér finnst gott og blessað því ekki áttum við von á að komandi kynslóðir dreymi upp til hópa um að vinna í framleiðslu og ræstingum, eða hvað?

Það ætla jú flestir að verða „eitthvað“ og ekki bara ungt fólk heldur litar þessi verðandi allt okkar líf. Sem betur fer stefna flestir að því að bæta sig, okkur býðst fjöldi námsleiða og leiðbeininga í því hvernig við getum orðið betri og „eitthvað“ meira en við erum í dag. En það er bara eins og að við séum aldrei „tilbúin“.

Mér varð hugsað til þessa þegar ég sá leikritið Lífið – notkunarreglur hjá Leikfélagi Akureyrar um daginn. Í þessu leikriti Þorvaldar Þorsteinssonar fullyrðir persónan Bjalla að hún hafi aldrei orðið neitt… nema glöð og hamingjusöm. Hún er þó alveg jafn týnd og aðrar persónur verksins sem þó hafa nokkuð skýr hlutverk og verkaskiptingu en ráfa samt um í algjöru stefnuleysi. Boðskapur þessa gæti verið sá að ekki er allt fengið með því að vera „eitthvað“ og eru þau sannindi alls ekki ný undir sólinni.

Lengi var líka lagt blátt bann við því að fólk „héldi að það væri eitthvað“ og þá var stundum spurt: „Hver heldurðu eiginlega að þú sért?“ Þá stóð oftast á svörunum og gerir líklega enn þá. Ein afleiðing þessa eru heilu hjarðirnar af fólki með botnlitla minnimáttarkennd sem heldur áfram að spyrja hvort annað hvað það „haldi eiginlega að það sé“.

Þegar ég var að alast upp – og ég er jú að því enn þá – var ég líka spurð hvað ég ætlaði að verða. Líkt og margir af minni kynslóð yppti ég oftast öxlum og sagði: „Bara eitthvað.“ Nú er ég nokkuð viss um að vera orðin bæði glöð og hamingjusöm, nema með þessa mynd þarna af mér enda líkist hún mér ekki neitt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Grillkryddaðar svínakótelettur
Grillkryddaðar svínalærissneiðar
Svínahnakkasneiðar
kílóverð nú:
749 KR.
Merkt verð 998 KR.
Svínakótelettur
kílóverð nú:
1049 KR.
Merkt verð 1398 KR.
Svínalærissneiðar
kílóverð nú:
899 KR.
Merkt verð 1198 KR.
Grillkryddaður svínahnakki
bonus.is
Opið
10-18
Gleðilegt sumar!
VINSÆLUSTU LÆRIN Í BÓNUS!
-krydduðu lambalærin frá KF
Borgaðu eina Coca-Cola ZERO
-OG ÞÚ FÆRÐ TVÆR!
ERAN/Landlist
EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781 KR.
Bringur
íslenskar og ferskar
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 1864 KR.
2 fyrir eina!
Einiberjakryddað
LÚXUS
LAMBALÆRI
Einiberja
lambalæri
40%
afsláttur
við kassann
Ferskt lambafille
EKKERT BRUÐL
Hrásalat
Kartöflusalat
KF SALAT
98 KR.
350g
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
...fyrir góðan dag!
www.bonus.is
BÓNUS

Kl. 20

Hagfræðingurinn F. William Engdahl heldur kvöldfyrirlestur um alþjóðamál í ReykjavíkurAkademíunni. Erindi sitt byggir Engdahl á metsölubókinni „A Century of War: Anglo-American Politics and the New World Order“. Í bókinni rekur Engdahl víðtæk umsvif og áhrif alþjóðlegra olíufyrirtækja og þekktra fjármálamanna á sögu 19. og 20. aldar. Aðgangseyrir er 800 kr.

menning

menning@frettabladid.is

Fransmenn og fjölskyldufjör

Borgarbókasafnið fagnar Viku bókarinnar með fjölbreyttri dagskrá um alla borg. Í dag verður til dæmis efnt til fjölskylduhátíða á vegum safnsins í Árbæ og Grafarvogi auk þess sem heilmikið verður um að vera í Grófarhúsinu við Tryggvagötu. Þar verða Bókaverðlaun barnanna afhent og leikarar úr sýningunni Abbababb! líta inn og skemmta gestum. Á fyrstu hæðinni verður ennfremur opnuð sýning á verkum eftir nemendur í Myndlistarskólanum í Reykjavík.

Á sunnudaginn kl. 15 stendur safnið fyrir bókmenntagöngu um miðbæinn fyrir börn á aldrinum 5-11 ára þar sem rithöfundurinn og myndlistarmaðurinn Sigrún Eldjárn mun mæta og spjalla við göngufólk um kynni sín af Tjörninni.

ÆTLI ÞAU SÉU AÐ LESA FRANSKA BÓK? Í viku bókarinnar verður heilmikið húllumhæ fyrir alla fjölskylduna í Borgarbókasafninu.

Mánudagssíðdegið, á sjálfum degi bókarinnar, verður síðan með frönsku ívafi en þarlendar bókmenntir eru í öndvegi þessi misserin. Þá mæta rithöfundarnir Gerður Kristný og Sigurður Pálsson í Grófarhúsið og segja frá kynnum sínum af Frakkalndi. Þá syngur Sigríður Thorlacius frönsk lög við undirleik Steingríms Karls Teague. Dagskráin á mánudaginn hefst kl. 17.30.

> Ekki missa af …

vorlegum tónleikum á skemmtistaðnum **Hressó** í **Austurstræti** í kvöld. Þar leika stuðsveitirnar **Skátar** og hin nýstofnaða **Esja** auk þess sem hið ljúfsára hliðarsjálf Kristins Gunnars Blöndal, **Bob Justman**, kemur fram. Herlegheitin hefjast kl. 22.

SKRÍMSL OG SKRÍPILDI Elfar Logi Hannesson í hlutverki skrímslafræðingsins knáa. MYND/KÓMEDÍULEIKHÚSIÐ

Dularfullar skepnur

Kómedíuleikhúsið frumsýnir einleikinn Skrímsli í Baldurshaga á Bíldudal í dag. Mun þetta vera í annað sinn sem atvinnuleikhús frumsýnir á Bíldudal, en áður hefur Kómedíuleikhúsið frumsýnt þar einleikinn um Mugg.

Viðeigandi er að verk þetta sé frumsýnt á Bíldudal því Arnarfjörðurinn er sagður eitt mesta skrímslasvæði landsins en skrípildi hafa frá örófi alda sést reglulega í sjó og vötnum á Íslandi. Þetta eru dularfullar skepnur af ýmsum toga, mishættulegar víst en í leikritinu leitast skrímslafræðingurinn Jónatan Þorvaldsson, sem leikinn er af Elfari Loga Hannessyni, við að setja fram óvefengjanlegar sannanir fyrir tilvist þeirra hér á Íslandi.

Bílddælingar vinna nú að opnun sérstaks skrímslaseturs sem verður opnað á Bíldudal sumarið 2008. Það má því segja að frumsýningin sé eins konar upphitun fyrir opnun skrímslasetursins enda er stefnt að því að leikurinn verði sýndur þar í framtíðinni.

Höfundur og leikstjóri er Pétur Eggerz, tónlist er eftir Guðna Franzson og Marsibil G. Kristjánsdóttir gerir skrímslamyndir. Leikritið verður síðan sýnt í Möguleikhúsinu við Hlemm næstkomandi laugardag en verkið verður síðar sýnt í skólum og víðar um land.

VIKA BÓKARINNAR

Í BORGARBÓKASAFNI

Franskt vor í Borgarbókasafni og á **bokmenntir.is**, franskar bókmenntir í öndvegi

Sumardagurinn fyrsti, fimmtudagur 19. apríl

kl. 12 **Fjölskylduhátíð** í Árbæ
Töframaður, bókabíll, dans og margt fleira spennandi.
Ársafn, Hraunbæ 119

kl. 13 **Fjölskylduhátíð** í Grafarvogi
Sumarstarf Foldasafns, getraun, brandarabrunnur, myndasýning og fleira skemmtilegt.
Rimaskóli, Rósarima 11

kl. 14 **Fjölskylduhátíð** í Grófarhúsi og afhending **Bókaverðlauna barnanna**
Jón Víðis töframaður og atriði úr leikritinu Abbababb! **Grófarhús, Tryggvagötu 15**

Sunnudagur 22. apríl kl. 15

Bókmenntaganga fyrir börn og fjölskyldur.
Leiðsögn um söguslóðir nýlegra barnabóka. Gestur göngunnar er **Sigrún Eldjárn** sem spjallar og les upp.
Lagt af stað frá Grófarhúsi, Tryggvagötu 15

Dagur bókarinnar, mánudagur 23. apríl kl. 17.30

Franskt síðdegi
Gerður Kristný: *Með kvöldmatinn í kjöltunni og sólblóm í hjarta*, Sigurður Pálsson: *Úr einni götu í aðra.* Sigríður Thorlacius syngur frönsk lög við undirleik Steingríms Karls Teague. Kaffihúsastemmning með frönskum veitingum í boði safnsins.
Grófarhús, Tryggvagötu 15

www.borgarbokasafn.is

Sígauni með sinfóníunni

Guðný Guðmundsdóttir hefur verið konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands í rúm þrjátíu ár. Sjálf segist hún ekki hafa tölu á þeim tónleikum þar sem hún hefur leikið einleik með sveitinni enda er hún ekkert uptekin af því að telja.

GÆFA AÐ FÁ AÐ VAXA MEÐ SINFÓNÍUNNI Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari glímir við sígauna og bullandi rómantík á tónleikunum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðný leikur einleik í tveimur verkum á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á morgun og endurnýjar þar kynni af gömlum kunningjum. „Þetta eru hvorutveggja verk sem mér eru afar kær og hafa fylgt mér lengi,“ segir Guðný og útskýrir að verkin séu miklar andstæður og krefjist mjög ólíkra túlkana. Hið fyrra er Rómansa eftir tékkneska tónskáldið Dvorák, afar rómantískt eins og nafnið ber með sér. „Það verk er skrifað fyrir einleiksfiðlu og hljómsveit, afar ljúft og lagrænt en heilmikið drama og alvarleiki í bland,“ segir Guðný og áréttar að þar fái hljómsveitin einnig að njóta sín vel.

Hið síðara er virtúósastykki úr smiðju Maurice Ravel, verk sem flestir fiðleikarar vilja glíma við og kennt er við sígaunann. „Við vitum að sígaunar eru fantafiðlarar og það er mikil hefð í þeirra tónlist. Ravel átti það til að bregða sér í allra kvikinda líki, hann kom fyrir negrasálmum í sinfóníunum sínum og blús í fiðlusónötu. Þarna fer hann á kostum og skrifar verk líkt og fyrir sígauna. Þetta er þó ekki bara skemmtun og fjör heldur er líka að finna sorgleg blæbrigði í verkinu.“ Verkið er hratt og fjörugt undir lokin og reynir mjög á einleikarann sem þarf að munda boga sinn á ýmsa vegu sem ekki er algengt í öðrum verkum.

Guðný skellir góðlátlega upp úr þegar talið berst að þeim fjölda tónleika Sinfóníunnar þar sem hún hefur leikið einleikshlutverkin. „Ég einbeiti mér að núinu og er ekkert að telja,“ segir hún og kímir. Hún tekur fram að sér finnist það mikil gæfa að fá að hafa verið samferða sveitinni sem hefur vaxið og dafnað svo mjög. „Ég get ekki annað sagt. Það hafa auðvitað orðið miklar breytingar á hljómsveitinni frá því að ég hóf störf. Hún var nú alls ekki alslæm þegar ég byrjaði en hún hefur vaxið mikið og eiginlega sífellt meira með hverju árinu,“ segir hún að lokum.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30 annað kvöld. Á efnisskránni eru auk þess forleikur eftir Rossini og íslenskur frumflutningur á fyrstu sinfóníu Rakhmanínovs. Stjórnandi á tónleikunum er hinn marglofaði Owain Arwell Hughes. - khh

Til heiðurs merkisberunum

Djasshátíð Garðabæjar hefst í dag og stendur fram á laugardag. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin en hún heppnaðist með afbrigðum vel í fyrra. Í ár einskorðast dagskrá hátíðarinnar ekki við innfædda Garðbæinga heldur leita skipuleggjendur hennar víða fanga og beina kastljósi sínu til dæmis að yngstu og elstu djasstónlistarmönnunum sem tengjast bænum. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Sigurður Flosason tónlistarmaður og fyrrum bæjarlistamaður Garðabæjar.

Í dag verður boðið upp á tónleika í Urðarbrunni, hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Garðabæ þar sem Stórsveit Reykjavíkur leikur undir stjórn Össurar Geirssonar og Borgardætur syngja bæði sem einsöngvarar og tríó. Á morgun verða yngstu djasslistamenn Garðabæjar í fremstu röð á tónleikum í Tónlistarskóla Garðabæjar en þar kemur fram hljómsveitin Tepokinn og söngkonan María Magnúsdóttir. Á sama stað á laugardag verða síðan tvennir tónleikar, Jóel Pálson og kvintett hans leikur kl. 14 en síðan verða haldnir tónleikar til heiðurs merkisberum djasstónlistar í bænum, píanóleikurunum Árna Elfari og Ólafi Stephensen. Þar leiðir einn af fremstu djasspíanóleikurum þjóðarinnar og nýbakaður Garðbæingur, Agnar Már Magnússon tríó sitt og leikur lög sem tengjast fyrrgreindum köppum. Með honum leika trymbillinn Erik Qvik og kontrabassaleikarinn Þorgrímur Jónsson.

NÝJASTI DJASSLISTAMAÐUR GARÐABÆJAR Agnar Már Magnússon leikur ásamt tríói sínu til heiðurs merkisberum djassins í Garðabæ. MYND/SIGURÐUR JÖKULL ÓLASON

Ókeypis er á viðburði hátíðarinnar og er tónlistarunnendum bent á að sækja sér miða fyrirfram í útibú Glitnis við Garðatorg en einnig verður hægt að fá miða á tónleikastað. Það er menningar- og safnanefnd Garðabæjar sem stendur að hátíðinni og aðalstyrktaraðili hátíðarinnar í ár er Menningarsjóður Glitnis. - khh

Í dag er góður dagur til að nota ávísunina þína.
Gleðilegt bókasumar!

Þú hefur í höndum
ÞJÓÐARGJÖF til bókakaupa

KRÓNUR 1.000,–

KRÓNUR Eittþúsund 00/100

GILDISTÍMI 17. apríl til 7. maí 2007

Þjóðargjöf til bókakaupa

GLITNIR

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Þessi ávísun er gjöf til bókakaupa frá bókaútgefendum, bóksölum og Glitni.
Þú getur notað þessa ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Ávísunin gildir í bókabúðum og flestum útsölustöðum bóka þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 kr.

Þú getur notað eina ávísun fyrir hverjar 3.000 kr. sem þú verð til bókakaupa.
Af **12.000 kr.** bók færðu **4.000 kr. afslátt.** Sæktu fleiri ávísanir í næsta útibú Glitnis!

Bókin er besta sumargjöfin!

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

Framseldu ávísunina þína.
Þú gætir unnið bankabók frá Glitni með
10.000 kr. innstæðu!

Þjóðargjöfin er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. **Í Viku bókarinnar** fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til að auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. **Ávísunin gildir dagana 17. apríl – 7. maí 2007.**

GLITNIR

DAGUR BÓKARINNAR 23. APRÍL 2007 · WORLD BOOK DAY

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

DYNAMO REYKJAVÍK

CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir
Miðaverð kr. 2.500

SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Stórsveit Suðurnesja„Tenórinn" o. fl. góðir gestir
Miðaverð kr. 3.000

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Þri 24/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20
Síðustu sýningar

LADDI 6-TUGUR
Í dag kl. 14 UPPS.
Í kvöld kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30
Í dag kl. 17 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fös 20/4 kl. 20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS.
Fim 3/5 kl. 20 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20
Lau 12/5 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20 UPPS.
Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Sun 29/4 kl. UPPS.
Sun 6/5 kl. 20
Fös 11/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 14 UPPS.

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Mið 16/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS. UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 29/4 kl. 14:00 örfá sæti laus.og kl. 17:00.
Síðustu sýningar!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld fim. 19/4 nokkur sæti laus, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4 örfá sæti laus, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Lau. 21/4 örfá sæti laus, fös. 27/4, lau. 5/5. Umræður eftir sýningu með Jóhönnu Kristjánsdóttur 21/4 og Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.

Kassinn

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning í kvöld fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 örfá sæti laus, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 örfá sæti laus, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus. sun. 13/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.

Kúlan

MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Í dag fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.

Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Lau. 28/4 kl. 17:00 uppselt, þri. 1/5 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus.

Þjóðleikhúskjallarinn

LJÓTU HÁLFVITARNIR og TÚPÍLAKAR - Með skemmtilegustu hljómsveitum landsins!
Lau. 21/4 kl. 22:00. Miðasala við innganginn. Miðaverð kr. 1.500,-

LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR - Þetta mánaðarlega
Sun. 22/4 og fim. 26/4. Sýning hefst kl. 21:00. Miðaverð kr. 1.000,-

Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00
á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.
Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

16 17 18 **19** 20 21 22

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- ☐ 14.30 **Tónlistarfélag Mosfellsbæjar** heldur fjölskyldutónleika í **Lágafellsskóla** þar sem **Hljómskálakvintettinn** ásamt söngkonunni **Diddú** flytja fjölbreytta dagskrá í tilefni sumardagsins fyrsta. Aðgangur er ókeypis.
- ☐ 17.00 Tónleikar í **Dómkirkjunni í Reykjavík.** Söngkonan **Signý Sæmundsdóttir**, **Hjörleifur Valsson** fiðluleikari og orgelleikararnir **Marteinn H. Friðriksson** og **Úlrik Ólason** flytja fjölbreytta tónlist. Andvirði aðgöngumiða rennur í orgelsjóð **Frímúrarahúss Hafnarfjarðar.**
- ☐ 20.00 Sumartónleikar sönghópsins **VoxFox** verða haldnir í **Iðnó**. Á efnisskránni eru kunnuglegir slagarar úr ýmsum áttum **VoxFox** er sex manna sönghópur sem sérhæfir sig í flutningi tónlistar **án undirleiks**.
- ☐ 20.30 **Bubbi Morthens** heldur tónleika í **Fríkirkjunni** í **Hafnarfirði**. Húsið opnar kl 19.30. Bubbi mun spila bæði nýtt efni í bland við eldra. Miðasala verður við innganginn.
- ☐ 21.00 Tónleikar til heiðurs djasslistamanninum **Ahmad Jamal** á **DOMO** bar í Þingholtsstræti.
- ☐ Hljómsveitin **Sprengjuhöllin** heldur tónleika á **Mælifelli** á Sauðárkróki.

LEIKLIST

- ☐ 20.00 **Stúdentaleikhúsið** sýnir **Eximasjón** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.**

OPIÐ HÚS

- ☐ 14.00 **Háskólinn á Bifröst** verður með opið hús í tilefni af **sumardeginum fyrsta**. Gestir fá leiðsögn um háskólaþorpið og geta kynnt sér aðbúnað og fjölbreytt leiguhúsnæði sem og aðra aðstöðu. Áhugasamir geta spjallað við kennara og kynnt sér námið frekar.

UPPÁKOMUR

- ☐ 11.00 Sérstök dagskrá verður skipulögð fyrir yngstu gesti **Þjóðminjasafnsins** í tilefni af **sumardeginum fyrsta**. Huldustrákurinn Vöggur kemur í heimsókn, farið verður í leiki og boðið upp á listsmiðju. Tombóla verður í safnabúðinni og ókeypis inn allan daginn.

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason

20. apr fös. 9 sýning **kl. 20**
21. apr lau. 10 sýning **kl. 20**
26. apr fim. 11 sýning **kl. 20**
27 apr fös. 12 sýning **kl. 20**
28 apr lau. 13 sýning **kl. 20**

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Viðburðir Landnámsseturs í apríl

fi 19. apríl kl. 20 Mýramaðurinn **Laus sæti**
fö 20. apríl kl. 20 Mr Skallagrímsson **uppselt**
lau 21. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
su 22. apríl kl. 16 Mr. Skallagrímsson **uppselt**
má 23. apríl kl. 20 Brúðuleikhús Turak - **ókeypis aðgangur**
fö 27. apríl kl. 20 Mr. Skallagrímsson **uppselt**
lau.28.apríl kl 16 **aukasýning** Mr.Skallagrímsson **uppselt**
lau. 28. apríl kl. 20 Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su. 29 aprríl kl. 16 **aukasýning** Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su 29. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

SPJALDANNA Á MILLI
Halldór Guðmundsson

Lof smásögunnar

„Í rauninni er ég fremur jarðbundinn maður, en ég á tvo árganga af Populær Mekanik, sem ég skoða oft í einverunni á kvöldin og rakst þar á þessa bráðsnjöllu teikningu af vængjum sem ég svo smíðaði úr naumum efniviði. Dálítið síðan smíðinni lauk, en það var ekki fyrr en í haust að ég fór að nota þá að ráði.“ Á þessum orðum hefst smásagan Vængmaður eftir Gyrði Elíasson (úr safninu Bréfbátarigningin). Þetta er eins snjallt upphaf á smásögu og hugsast getur og hefur alla kosti formsins – smásagan hefur ekki tíma til að breiða úr sér eða draga upp mikla sviðsmynd og raða þar niður persónum, hún verður að grípa lesandann strax og koma sér að efninu. Í þessum tveimur málsgreinum höfum við kynnst bæði sögumanni og aðstæðum svo vel að okkur kemur ekki á óvart að frétta það í framhaldinu að það sé engin hollusta að fljúga eftir kvöldmat eða að vængmaðurinn kjósi helst að hafa Stjörnufræði Björns Jenssonar Latínuskólakennara með sér á fluginu.

Maxim Biller, merkilegasti núlifandi smásagnahöfundur Þjóðverja, segir í nýlegri grein að helsti kostur smásögunnar sé sá að hún taki lesandann alvarlega. Hún þykist ekki ætla að veita honum endurmenntun í mannkynssögu eða hagfræði eða birta honum heilan heim. Eitt tilsvar hér, höfuðhneiging þar, ein kæruleysisleg handahreyfing og ímyndunarafl lesandans hrekkur í gang. Strangt til tekið veit lesandinn eftir lestur smásögu minna en áður, ef eitthvað er, hún er enginn kvöldskóli. En góð smásaga er eins og leiftur, eitt andartak vitrast okkur örlögin einsog þegar tvinna er kippt í gegnum nálarauga svo notuð sé líking frá Kafka, og við vitum að lífið er eintóm örvænting eða bara gleði og hamingja, allt eftir því hvernig sagan hittir okkur fyrir.

Smásagan hefur vissulega ekki notið sannmælis á bókamarkaðnum. Útgefendur hafa litið hana hornauga, ef eitthvað er, smásagnahöfundur er í þeirra huga heftur skáldsagnahöfundur, smásagan innistæðulaus ávísun á heim sem eftir er að skapa. En í raun er þessu öfugt farið. Smásagan er óútfyllt ávísun á sagnabanka lesandans. Hemingway sagði eitt sinn að besta verk hans væri þessi smásaga: „Til sölu: Smábarnaskór, aldrei notaðir.“ Lesandinn býr til söguna, smásagnahöfundurinn réttir honum bara kompás og sendir hann út í heim, án þess að segja honum frá segulskekkjunni. Blaðið Guardian bað núna í vor nokkra höfunda að semja sögu í anda Hemingways og mátti hafa gaman af sumum tillögunum, einsog hjá David Lodge: „„Epli?“ „Nei.“ „Smakkaðu!“ „ADAM?“ „Ó Guð.““

Þetta eru æfingar, en grundvallarreglan er sú sama, lesandinn á leik. Biller segir að uppáhaldssaga sín sé eftir Charles Bukowski: George liggur drukkinn og órakaður í húsvagninum sínum og Constance kemur inn og segist hafa yfirgefið sinn prúða eiginmann, af því hann vildi aldrei horfa á hana nakta hvort sem er. George er almennilegur við hana í smástund, en lemur hana svo og leggur síðan lúinn höfuð hennar í kjöltu sér. Þegar hann er sofnaður fer hún aftur til prúða eiginmannsins og segir: Saknaðirðu mín, baby?

Smásagan læst ekki vera heill heimur, en hún hefur allan heiminn að baksviði og við sjáum hann í leiftri hennar. Við höldum af stað með vængmanninum, glerhiminninn tekur á móti okkur og það er gott að hafa stjörnufræðina í lúnum spjöldum til að glöggva sig á sjöstirninu og blaka vængjunum ofurhægt. Að fluginu loknu brjótum við vængina snyrtilega saman ofan í leðurkassa. Og getum alltaf tekið þá upp aftur og haldið af stað.

FAGNA SUMRI MEÐ SÖNG Nýstofnaður Kvennakór Háskóla Íslands heldur tónleika í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Á heimshornaflakki

Nýstofnaður Kvennakór Háskóla Íslands heldur tónleika í hátíðarsal skólans í dag og fagnar þar sumardeginum fyrsta með gleði og söng.

Yfirskrift tónleikanna er „Heimshornaflakk og heim með Jónasi“ en á efnisskrá þeirra eru lög frá ýmsum heimshornum og „Jónasarlög“ Atla Heimis Sveinssonar sem öll eru samin við ljóð Jónasar Hallgrímssonar.

Lög tónskáldsins endurspegla rómantík og trega Listaskáldsins og verða flutt við undirleik hljómsveitar. Heimshornaflakkið ber hlustendur síðan meðal annars til Ítalíu, Þýskalands, Finnlands og Kanada, ásamt Bolero-söng á Spáni og brúðarmarsi í Svíþjóð.

Kórinn skipa þrjátíu stúlkur en einsöngvarar úr röðum kórsins verða Berglind Ósk Ásbjörnsdóttir, Bryndís Erlingsdóttir, Erna Karen Óskarsdóttir, Hlíf Böðvarsdóttir og Kristrún Elsa Harðardóttir.

Stjórnandi á tónleikunum, sem hefjast kl. 17 í dag, er Margrét Bóasdóttir.

Microsoft®

Sérsniðinn viðskiptahugbúnaður fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki

Microsoft C5 er viðskiptahugbúnaður sem þróaður hefur verið sérstaklega til að uppfylla þarfir einyrkja og lítilla fyrirtækja. Með Microsoft C5 færðu góða og faglega yfirsýn yfir reksturinn án þess að fjárfesta í búnaði langt umfram núverandi þarfir starfseminnar. Microsoft C5 er samþættur Microsoft Office.

Grunneiningar Microsoft C5 eru:

- Fjárhagur
- Viðskiptamannaskrá
- Lánardrottnar
- Birgðir

Eftir því sem reksturinn stækkar bætir þú við Microsoft C5.

- Innkaupakerfi
- Verkbókhaldskerfi
- Pantanakerfi
- O.fl.

Vertu með reksturinn í öruggu og traustu umhverfi, sem þú getur treyst á í framtíðinni.

Kynntu þér málið frekar hjá Microsoft:
www.microsoft.is/dynamics/c5 eða í síma 510 6900.

Microsoft® C5

Hot Fuzz:
Breskt grín sem fær alla til að brosa út í annað. Frá sömu mönnum og færðu okkur hina ótrúlega skemmtilegu hryllingsgamanmynd Shaun of the Dead.

Little Miss Sunshine:
Varla þarf að taka það fram að þetta er ein af þeim myndum sem allir verða að sjá. Og nú er hún loksins komin á DVD fyrir þá sem misstu af henni í bíó eða vilja endurnýja fyrri kynni.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN SIGTRYGGUR BERG SIGMARSSON TÓN- OG MYNDLISTARMAÐUR

Vill endurgera Home Alone 2 með Corky

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?
The Illusionist.
Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?
Emanuelle in America með Laura Gemser.
Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?
Pink Flamingos og Clean, Shaven.
Hefur þú grátið í bíó?
Já, tvisvar. Á Dances with Wolves með Kevin Costner og Over the Top með Sylvester Stallone.
Uppáhalds íslenska persónan:
Helgi Skúlason sem Þór í myndinni Hrafninn flýgur.
Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:
Það er án efa Klaus Kinski.
Mesta hetja hvíta tjaldsins:
Dawn Davenport í Female Trouble, leikin af Divine.
Mesti skúrkurinn:
Frank Zito í myndinni Maniac leikinn af Joe Spinell.
Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?
Ég reyni að forðast vondar myndir en sú mynd sem olli mér mestum vonbrigðum nú nýlega var The Departed eftir Scorsese og ég slökkti á Little Miss Sunshine eftir tíu mínútur.
Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?
Það væri ramma fyrir ramma endurgerð af Home Alone 2 þar sem Chris „Corky" Burke fer með hlutverk Kevin litla, David Hess og Michael Berryman fara með hlutverk ræningjanna, ég færi með hlutverk pabba Kevins og Traci Lords léki mömmuna, DJ Musician sæi um sándtrakkið og Takashi Miike leikstýrði.

ÚR VERINU

Leikararnir **Matthew McConaughey** og **Penelope Cruz** eru sakaðir um að hafa tvöfaldað allan leikarakostnað við gerð kvikmyndarinnar **Sahara** en þetta kemur fram í dómsskjölum sem Los Angeles Times komst yfir. Höfundur bókarinnar, **Clive Cussler**, hefur höfðað mál á hendur forstjóra Crusader Entertainment, **Philip Anschutz,** en Cussler telur sig hafa verið svikinn við gerð handritsins og kvikmyndarinnar. Í dómskjölunum kemur fram að stórstjörnurnar tvær hafi eytt milljónum í vatnsflöskur, andlitsböð og annan lúxus.

Og leikstjóri myndanna um Köngulóarmanninn, **Sam Raimi**, er nú sagður liggja undir feld og íhuga að gera kvikmynd eftir sögunni **Hobbitinn** eftir **J.R.R Tolkien**. „Ef **Peter Jackson** væri sama og ég fengi tilboð frá **New Line Cinema** myndi ég hiklaust slá til. Ég elska bókina þótt hún sé vissulega barnvænni en hinar þrjár," sagði Raimi í viðtali við EW. Kirsten Dunst útilokaði síðan að leika í fjórðu myndinni ef Raimi sæti ekki við stjórnvölinn.

FBI í jákvæðu ljósi hvíta tjaldsins

Fáar stofnanir eru jafn samofnar bandarísku þjóðlífi og alríkislögreglan, FBI, og Hollywood hefur löngum hrifist af FBI þótt lítið sé um gagnrýni á hana.

Kvikmyndin Breach sem frumsýnd verður um helgina fjallar um föðurlandssvik innan FBI og þær eru ekki margar sem draga slík mál fram í dagsljósið. J. Edgar Hoover sem stofnaði FBI vissi sem var að kvikmyndirnar voru handhægt hjálpartæki til að viðhalda góðri ímynd FBI. Og má segja að sá árangur lifir enn góðu lífi í Hollywood.

Áróðursmeistarinn Hoover

Hoover hefur löngum þótt kynlegur kvistur í bandarískri sögu og gerði Bob Hoskins honum skemmtileg skil í kvikmyndinni um Richard Nixon þar sem forstjórinn birtist í líki hnýsins og afbrigðilegs manns. Hoover ákvað að færa út kvíarnar og gera á stofnuninni veigamiklar breytingar þegar Bandaríkin hófu hið svokallaða stríð gegn glæpum í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Stofnuninni tókst að elta uppi og drepa marga af frægustu glæpamönnum Bandaríkjanna, þeirra á meðal John Dillinger, Baby Face Nelson og George „Machine Gun" Kelly. Þegar seinni heimsstyrjöldin braust út fékk stofnunin síðar meir það hlutverk að koma í veg fyrir skemmdarverk óvildarmanna stórveldisins og hafði FBI meðal annars hendur í hári sex nasista sem hugðust fremja hryðjuverk á bandarískri grund. Þegar Kalda stríðið skall á var það síðan hlutverk FBI að elta uppi njósnara og sjá til þess að ekki lækju út mikilvægar trúnaðarupplýsingar til óvinanna í austri.

Hoover var ákaflega hrifinn af kvikmyndum og sökum valda sinna gat hann óspart beitt áhrifum sínum til þess að gera ímynd FBI jákvæða út á við. Hoover vildi nefnilega tryggja að bíómyndirnar drægju upp hetjuímynd af starfsmönnunum til að laða að unga drengi og að skilaboðin væru skýr: glæpir borguðu sig aldrei.

G-Men og Feds

Sama ár og FBI varð að raunverulegu birtist James Cagney í kvikmyndinni G-Men en þar má glöggt sjá þessi áhrif FBI. Þótt glæpamennir töldu sig hafna yfir lögin voru G-Men (starfsmenn FBI) reiðubúnir til að fórna lífi sínu og limum til að halda landinu öruggu og glæpalausu. Talið er að G-Men hugtakið sé komið frá sjálfum Machine Gun Kelly sem FBI náði undir lokin.

HOOVER Vissi vel af áhrifamætti kvikmyndanna og beitti áhrifum sínum óspart innan Hollywood til að ímynd FBI yrði hetjuleg og jákvæð.

En Hollywood náði sem betur fer að skjóta sér undan áhrifum FBI þótt vissulega séu þær vandfundnar myndirnar þar sem stofnunin verður fyrir harðri gagnrýni. Árið 1988 börðust þeir Willem Dafoe og Gene Hackman við Ku Klux Klan í Mississippi Burning en þar mátti glöggt sjá hversu mikið álit Bandaríkjamenn hafa á þessari stofnun, þrátt fyrir allt; Dafoe og Hackman voru reiðubúnir til að hætta starfsferli sínum ef það væri það sem þyrfti til að ná morðingjunum. Frægasti óvinur FBI er þó án nokkurs vafa sjálfur Hannibal Lecter sem Anthony Hopkins skapaði árið 1991 þegar hann lék sér að Clarice Starling eins og litlu lambi.

FBI lifir enn hinu ljúfa lífi í Hollywood þótt blikur séu á lofti um að það kunni að breytast. Stofnuninni hefur verið kennt um andvaraleysi í aðdraganda árásanna á Tvíburaturnana 2001 og kannski er það tímanna tákn að fyrst núna skuli í kvikmyndahúsum vera sýnd mynd sem fjallar um föðurlandssvik innan þessarar al-amerísku stofnunar.

freyrgigja@frettabladid.is

DON'T KILL ME G-MEN Kvikmyndin G-Men gerði James Cagney að óvini bandaríska ríkisins númer eitt þrátt fyrir að leikarinn sjálfur væri löghlýðinn borgari.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

The Hills Have Eyes 2

Framhald hinnar vinsælu hryllingsmyndar sem sló í gegn fyrir ári síðan. Hópur varðliða er sendur út í eyðimörkina til að æfa sig fyrir lokaprófið. Áður en um langt líður er lokaæfingin búin að breytast í hreina baráttu upp á líf og dauða.

Leikstjóri: Martin Weisz
Aðalhlutverk: Michael McMillian og Jessica Stroup

Breach

Mögnuð saga um Robert Hansen, starfsmann FBI, sem virtist vera sléttur og felldur á yfirborðinu. Undir niðri leyndist þó maðkur í mysunni og árið 2001 var það upplýst að Hansen hefði selt Rússum mikilvæg trúnaðarskjöl.

Leikstjóri: Billy Ray
Aðalhlutverk: Chris Cooper og Ryan Phillippe

Shooter

Leikstjóri Training Day og Mark Wahlberg sameina krafta sína í kvikmynd um leyniskyttuna Bob Lee Swagger sem nýtur sveitasællunnar eftir að hafa lokið her þjónustu. Þegar gamall hershöfðingi falast eftir kröftum hans og biður um að koma í veg fyrir morð á forseta Bandaríkjanna getur Swagger ekki skorast undan en margt fer öðruvísi en ráðgert var.

Leikstjóri: Antoine Fuqua
Aðalhlutverk: Mark Wahlberg og Danny Glover

NÓATÚN
Bestir í kjöti

Kjúklingur á hálfvirði!

Móa ferskur kjúklingur

NÓATÚN 2 fyrir 1

Gleðilegt sumar

Úr Fiskborði Nóatúns

SKÖTUSELSFIÐRILDI Í TÓMAT OG HVÍTLAUK **1.698** kr. pk.

Úr Kjötborði Nóatúns

47% afsláttur

GRÍSALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI **1.298** kr. kg

Nýtt Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar **90** kr. stk.

NAUTAFILLET SPJÓT MEÐ GRÆNMETI **569** kr. stk.

Nýtt Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar **300** kr. kg

LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN GRILLSPJÓT **2.698** kr. kg

EGILS APPELSÍN **129** kr. 2 l

MAARUD SNAKK **339** kr. 350 g

VOGA ÍDÝFUR **139** kr. stk.

Opið í dag sumardaginn fyrsta til kl. 21

Verði ykkur að góðu!

> Athugið …

… að meistarakokkurinn Fabrizio Moreno, frá veitingahúsinu virta Pepenero, er gestur La Primavera fram á sunnudag. Matseðill Moreno er stútfullur af klassískum réttum og því ómissandi fyrir sælkera.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR, LISTRÆNN STJÓRNANDI LISTAHÁTÍÐAR

Argentískt nautakjöt í uppáhaldi

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Ávaxtasafa og Earl Grey tes.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Það er argentískt nautakjöt í Buenos Aires og svo kjötsúpan hjá mömmu.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Já. Mér finnst kjúklinganaggar eins og að borða servíettur, sem ég borða einmitt ekki!

Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Það væri þá helst hvað allt hverfur á dularfullan hátt og skyndilega! Það er stórkostlegt leyndarmál sem engin skýring fæst á.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Earl Grey te er traustur vinur og svolítið súkkulaði með sakar ekki.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Lýsi. Og svo náttúrlega ávexti og osta.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Matarkyns væri það ab-mjólk og nóg af ostum.

Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?
Slöngukjöt sem ég fékk á Taívan, það var frekar ógeðslegt.

VÍNVIÐURINN
Einar Logi Vignisson

Koníak og klassavín í sumarbyrjun

Sumarið heilsar vináhugamönnum með áhugaverðum uppákomum. Tveir af vínvænustu veitingastöðum borgarinnar bjóða heim gestakokkum. Í samstarfi við vínframleiðandann Fonterutoli býður La Primavera hingað Fabrizio Marino yfirmatreiðslumann á veitingahúsinu Pepenero rétt utan Pisa. Matseðilinn er einkar lokkandi og með honum eru boðin gæðavín frá m.a. Fonterutoli og hinum stórkostlega hvítvínsframleiðanda í hlíðum Alpanna, Alois Lageder. Menningardagarnir franskt vor á Íslandi, Pourguoi pas, standa yfir og tveir matar- og vínviðburðir birtast okkur frá Frakklandi næstu daga. Siggi Hall fær til liðs við sig franska „Michelin" stjörnukokkinn Francis Chaeveau og býður matseðil með 7% vsk. Skýtur þannig á umræðuna um tregðu veitingahúsanna að lækka virðisaukaskattinn. Með matnum frá Provence er boðið upp á sérvalin frönsk vín.

Á mánudaginn geta svo vináhugamenn sest á skólabekk um síðdegisstund. Vínskólinn stendur þá fyrir koníaksnámskeiði, „Masterclass", í samstarfi við framleiðandann Camus sem átt hefur vinsælasta koníak hér á landi áratugum saman. Lesley Ellis, sem hefur starfað hjá Cognac Camus í meira en 30 ár, stýrir námskeiðinu sem haldið verður í Þingholti á Hótel Holti frá kl. 17 til 19.

Mun hún leiða þátttakendur í gegnum allt ferli koníaksgerðar ásamt því að skýra helstu reglur og flokkun koníaks. Einnig mun hún ræða markaðsstöðu koníaks á heimsmarkaði ásamt því að leiða áhugasama í gegnum smökkun á mismunandi gæðakoníaki frá Camus-húsinu. Það er stærsta koníakshúsið sem rekið er sem fjölskyldufyrirtæki og hefur Camus-fjölskyldan framleitt koníak allt frá árinu 1863. Camus er frægt fyrir flóknar blöndur og hefur verið ráðandi um langt árabil á heimsmarkaði hvað varðar sölu á hágæða koníaki ásamt fágætum sértegundum í kristal- eða postulínsumbúðum. Koníak hefur jafnan á sér hágæðablæ og ímyndin og framsetningin skiptir miklu máli. Á síðasta ári voru flöskur Camus-koníaks endurhannaðar. Eru breytingarnar umtalsverðar þótt fyrirtækið sé annars frekar íhaldssamt eins og vera ber um framleiðanda vöru þar sem halda þarf gríðarlega fast í hefðirnar. Koníaksneysla hefur breyst mikið síðari ár og framleiðendur hafa leitað nýrra markaða og breytinga á framsetningu.

Námskeiðsgjald er 2.000 kr. og fer skráning fram á vinskolinn@vinskolinn.is. Þetta er einstakt tækifæri til að smakka úrval vandaðra koníakstegunda og það fyrir verð sem jafngildir einu glasi!

Á BOTNINN HVOLFT:
Cognac er án efa fínasta brennda vín veraldar og dregur það nafn sitt af samnefndum bæ um 100 km norðaustur af Bordeaux í Frakklandi. Framleiðsluferli þess er langt og flókið og skýrir það að hluta hátt verð. Ýmsir aðrir búa til brandí eins og nágrannarnir í Armagnac en Cognac nýtur alltaf sérstöðu.

ÞJÓFSTART Orri Huginn Ágústsson leikari setti grillið út í garð fyrir mánuði síðan. Hann segist nánast vera matarpervert.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Matreiðir af miklum móð

Leikarinn Orri Huginn Ágústsson stundar eldamennsku eins og aðrir stunda golf. Hann sótti grillið inn í skúr fyrir mánuði.

„Matur er eiginlega aðalhobbíið mitt. Ég er nánast matarpervert," sagði Orri. Þó að hann hafi gaman af tilraunastarfsemi í eldhúsinu segir hann þó mikilvægt að hafa einfalda rétti sem mótvægi. „Þessar uppskriftir eru til dæmis bara einfaldur og fljótlegur matur, en samt til að gera vel við sig," sagði Orri.

Í sumar er hins vegar heljarinnar matarveisla á dagskrá, sem Orri segir útheimta margra daga eldamennsku. „Við erum tuttugu í hópi sem höldum nýársboð. Í ár frestaðist það af óviðráðanlegum orsökum og verður því að garðveislu í júlí í staðinn. Síðast þegar við héldum svona boð vorum við með tíu rétti á mann og elduðum í fjóra daga. En svo eldar maður ekki í tvo mánuði eftir það," sagði hann kíminn.

Fyrir leikara er ekki alls kostar auðvelt að sinna eldamennsku á kvöldin. „Við frumsýnum söngleikinn Gretti á sunnudaginn og ég hef ekki komist mikið í pottana í törninni." sagði Orri. „En ég sé fram á gósentíð eftir frumsýningu og þá getur maður leyft sér að gera einhverjar gloríur í eldhúsinu. Með hækkandi sól fyllist maður líka meiri móð og ég dró grillið út í garð fyrir mánuði síðan. Uppskrift eins og þessi er þægileg en pínulítið öðruvísi. Þetta er ekkert flóknara en formarinerað kjöt en mikið skemmtilegra," sagði hann.

Nautafillé í bjórmaríneringu
1 kg nautafillé, skorið í jöfn og falleg 200-250 g stykki
½ flaska af uppáhalds bjórnum þínum (skemmir ekki ef hann er millidökkur)
1 dl af uppáhalds bbq-sósunni þinni
salt og pipar

Meðlæti
4 bökunarkartöflur í álpappír
4 heilir rauðlaukar í álpappír
Mangó-jógúrtsósa
1 dós mangó jógúrt frá Biobú
1 msk. nýkreist límóna
1 tsk. fínt rifinn límónubörkur
1 rif hvítlaukur, fínt saxað
salt

Bökunartími kartaflnanna fer auðvitað eftir stærð en 45 mínútur eru þó yfirleitt nægur tími. Rauðlaukurinn má fara á grillið á sama tíma og kartöflurnar.

Kryddið steikur með salti og pipar eftir smekk. Blandið bjór og bbq-sósu saman í skál og marinerið kjöt í a.m.k. 30 mín. Það má flækja marineringuna með þurrkryddum og hunangi en hún er alveg nógu bragðmikil og góð svona einföld. Hitið grillið vel, látið kjötið á heita grindina í stutta stund á hverri hlið til að fá fallegar rákir og góða grillbragðið. Lækkið hitann aðeins og grillið í u.þ.b. 22-25 mínútur í heildina eða eftir smekk.

Innihaldi jógúrtsósunnar blandað saman í skál og borið fram. Sósan er frábær með bæði kartöflunum og kjötinu.

Til að væta kverkarnar er kjörið að bera fram meira af uppáhaldsbjórnum þínum, því ekkert á eins vel við þessa nautasteik eins og bjórinn sem hún er marineruð í.

OPIÐ HÚS - HVERAGERÐI
EINBÝLISHÚS AÐ REYKJAMÖRK 15
HÚSRÁÐENDUR BJÓÐA Í BÆINN, Í DAG, Á MILLI KL 14 OG 16

Eignin er 144,2 fm einbýli, þar af 30 fm í kjallara. Húsið er steinsteypt og hefur verið endurnýjað að hluta að innan. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, stofu, borðstofu, baðherbergi, þvottahús, búr, eldhús og forstofu. Baðherbergið er flísalagt. Eldhús með kirsuberjainnréttingu. Gólfefni flísar og parket. Ný miðstöðvarlögn. Eignarlóð. Staðsetningin er góð í grónu umhverfi, miðsvæðis í bænum. Eign sem gefur mikla möguleika svo sem viðbyggingu, bílskúr og fl. **Verð 25,6 millj.**

FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800
Grensásvegi 13, 2. hæð · 108 Reykjavík · Sími 570 4800

Tími kryddjurtanna nálgast

Nú er mál að fara að huga að matjurtagarðinum, ef einhverrar uppskeru á að vera að vænta í sumar. Svava Rafnsdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Blómavali, á ráð undir rifi hverju hvað varðar kryddjurtir.

„Basilíku má sá hvenær sem er. Hana hefur maður bara í eldhúsglugganum, því hún þolir illa að vera úti," útskýrði Svava. Í Blómavali má finna ágætis úrval kryddjurtafræja. „Við erum til dæmis með margar tegundir af basilíku. Það er ein venjuleg, önnur nettari, ein rauð, sítrónubasilíka, thaibasilíka og kanilbasilíka," sagði Svava.

Aðrar jurtir sem sóma sér vel í glugganum eru rósmarín, timjan, fáfnisgras og óreganó, að sögn Svövu. Úti þrífast hins vegar jurtir á borð við kóríander, steinselju, graslauk, dill, salvíu og piparmyntu. „Piparmyntan er æðislega flott í potti. Ég er alltaf með hana í stórum potti á veröndinni hjá mér, því hún verður svolítið um garðinn," sagði Svava.

Hún segir best að forrækta kryddjurtir inni við. „Svo fer maður með þær út í góðu veðri og inn yfir nóttina svo að þær venjist kuldanum. Það kallast að herða plöntuna." Að því loknu ætti jurtin að lifa sumarið af úti á verönd. Frekari leiðbeiningar má oftar en ekki finna á fræpokunum, en annars má leita þeirra hjá starfsfólki Blómavals eða á heimasíðu þess.

MEÐ PIPARMYNTU Í POTTI Svava Rafnsdóttir hjá Blómavali veit hvaða plöntur á að rækta hvar og er alltaf með ferska piparmyntu í potti á veröndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- sun

Sumardagurinn fyrsti

Opið 13:00 - 17:00.

Í tilefni dagsins fá allir kátir krakkar blöðrur og boðið verður uppá andlitsmálun. Heppnir viðskiptavinir geta auk þessa fengið óvæntan glaðning. Komdu í heimsókn og fagnaðu sumri með okkur.

Gleðilegt sumar 2007

NEXT

Kringlunni sími 551 3200

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Ferry biðst afsökunar

Söngvarinn Bryan Ferry hefur beðist afsökunar á jákvæðum ummælum sínum um nasista. Ferry sagði í viðtali að valdatími nasista væri „hreint frábær“.

BRIAN FERRY Talaði um aðdáun sína á Nasistum í nýlegu viðtali.

Brian Ferry, sem er fyrrum söngvari Roxy Music, lét ummælin falla í viðtali við þýskt dagblað. Þar talaði hann um aðdáun sína á verkum Leni Riefenstahl sem gerði áróðursmyndir fyrir nasista, og arkitektúr Albert Speer. Í viðtalinu, sem birtist í Welt am Sonntag, viðurkenndi Ferry einnig að hann kallaði hljóðver sitt í London „Führerbunker“.

„Ég biðst innilega afsökunar ef ummæli mín hafa móðgað einhvern. Þau voru eingöngu hugsuð út frá listrænu og sögulegu sjónarhorni. Eins og öðrum finnst mér nasistatíminn hræðilegur.“

PÓLITÍSK LIST Sigríður Hanna Sigurbjörnsdóttir hefur áður gert pólitísk teppi, og nú tekur hún formenn stjórnmálaflokkanna á vegg-teppið.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tekur formenn á teppið

Sigríður Hanna Sigurbjörnsdóttir tekur formenn stjórnmálaflokkanna á teppið í Ráðhúskaffi. Þar sýnir hún andlitsmyndir sínar af stjórnmálamönnunum.

„Þetta eru í raun og veru teppi sem eru strengd upp á ramma. Aðferðin kallast textíl collage. Þetta er straujað á og límt, ekki saumað eins og stóru teppin mín eru,“ útskýrir Sigríður. Hún hefur unnið að andlitsmyndunum í vetur og segir meiri vinnu felast í þeim en margan gruni.

Að sýningarstaðurinn sé Ráðhúskaffi segir Sigríður ekki bara hljótast af beintengingunni við stjórnmálin. „Þessi veggur er bara alveg rakinn fyrir þessar myndir, en auðvitað er þetta vel við hæfi svona í tilefni kosninganna,“ sagði hún. Sigríður segir verkin enda fjalla um það lýðræðislega frelsi okkar að fá að velja og kjósa.

Sviptingar í stjórnmálum undanfarnar vikur urðu til þess að auka álagið í vinnu Sigríður. „Það má segja að ég hafi verið alveg í spreng að klára myndina af Ómari,“ sagði Sigríður. Hún hefði gjarnan viljað sjá fleiri konur í formannsstöðum, en ekki eingöngu vegna jafnréttishugsjónarinnar. „Ég var orðin svo hundleið á þessum skeggjuðu köllum. Það er svo erfitt að ná skegginu góðu,“ sagði sposk. „En það var mikil áskorun fyrir mig að vinna þetta, að reyna að ná svipnum og örlitlu af karakter hvers og eins,“ sagði Sigríður. „Stundum tóku þeir völdin og útkoman varð allt önnur en ég ætlaði mér.“

Í gær voru liðin tvö ár frá því að Sigríður opnaði sína fyrstu sýningu, en listinni sinnir hún í tómstundum. „Þá sýndi ég tólf pólitísk teppi. Ég fjallaði um frelsi og kúgun kvenna,“ sagði Sigríður, sem hefur því markað sér ákveðna sérstöðu.

Aðspurð hvort hún óttist ekki að einhver gæti fallið þá freistni að kaupa mynd af formanni til að nota sem gólfmottu segist Sigríður vona að svo verði ekki. „Þetta eru nú veggteppi. Ég held við séum ekki svo illa innrætt,“ sagði hún og hló við. Sýningin stendur fram yfir kosningar.

ÁSKORUN Sigríður segir það hafa verið mikla áskorun að fanga bæði svip stjórnmálamannanna og örlítið af karakter þeirra. Verkin eru teppi sem strengd eru á ramma.

ÓTTARR PROPPÉ Í STUÐI Dr. Spock var hress að vanda á Aldrei fór ég suður.

Aldrei fór ég suður á allra vörum

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður sem fram fór á Ísafirði um páskahelgina hefur vakið mikla athygli út fyrir landsteinana.

„Það voru tíu eða ellefu erlendir blaðamenn hér á hátíðinni. Breskir, bandarískir, þýskir og einhverjir frá Skandinavíu líka,“ segir Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, einn aðalskipuleggjandi hátíðarinnar. „Þeir tóku fullt af viðtölum við tónlistarfólkið sem var að spila hérna. Við erum ekkert að borga listafólkinu þannig að það er mjög fínt að það sé smá tækifæri að spila hér.“

Koma blaðamannanna er þegar farin að skila sér. Veftímaritið Drowned in Sound, sem er eitt mest skoðaða tónlistartímaritið á netinu, fjallaði ítarlega um hátíðina í gær. Sérstaklega er blaðamaður hrifinn af Esju, nýstofnaðri hljómsveit Daníels Ágústs og Krumma úr Mínus, og ofurhljómsveitinni Dr. Spock með Óttarr Proppé fremstan í flokki. Auk þess talar hann fallega um Pétur Ben, Lay Low, Ampop og fleiri.

MUGISON Vill hafa hátíðina litla og heimilislega.

Aðrir blaðamenn sem komu voru meðal annars frá bresku blöðunum The Guardian og The Times og Musik Woche sem er eitt stærsta bransablaðið í Þýskalandi.

„Mér fannst reyndar skrýtið að hafa þessa blaðamenn þarna því hugmyndin á bak við hátíðina var alltaf að hafa hana litla og heimilislega,“ segir Mugison. „Þetta rétt slapp núna, þeir voru nógu fáir til að falla inn í hópinn.“ Blaðamaður Drowned in Sound er sammála Mugison og talaði sérstaklega um það að nálægðin við listafólkið, aldursbreidd áhorfendahópsins og vestfirsku böndin væru stór hluti af því sem gerði hátíðina svona frábæra.

- jar

NUDDPOTTA SÝNING

fimmtudag, föstudag & laugardag

FRÁBÆRT VERÐ
Á NUDDPOTTUM Í ÞRJÁ DAGA

Með pottunum fylgja tröppur, auka filter, lyftubúnaður fyrir lokið og heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu.

NUDDPOTTASÝNING Í LAGNADEILD BYKO

- VÖFFLUR OG KAFFI, FIMMTUDAG OG LAUGARDAG
- SÉRFRÆÐINGUR Á STAÐNUM
- ALLT AÐ 6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR, (EINUNGIS ÞESSA 3 DAGA)

GLÆSILEG NUDDPOTTASÝNING Í LAGNADEILD BYKO BREIDD, SKEMMUVEGI 2, BLÁ GATA

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Gott en slæmt

TÓNLIST

We Were Dead Before the Ship Even Sank

Modest Mouse

★★★

Sísta plata Modest Mouse til þessa en samt sem áður margslungin og heldur Modest Mouse enn í fremstu röð.

We Were Dead Before the Ship Even Sank – hér getur ekki verið um að ræða nokkra aðra sveit en Modest Mouse. Fyrsta lagið, March Into the Sea, er líka eins Modest Mouse-legt og lag getur hugsast orðið. Annað lagið, Dashboard, er síðan kennimerki hinnar nýju Modest Mouse sem er allt í einu farin að semja slagara sem fá ofspilun í útvarpi. Flott upphaf á plötu og sannar strax að Modest Mouse er eðalsveit. En síðan kárnar gamanið.

Platan á augljóslega að fylgja eftir vinsældum síðustu plötu, Good News For People Who Love Bad News, sem var óvæntur hittari og líklegast poppaðasta plata Modest Mouse til þessa. Þessi plata verður því miður að teljast sem slakur eftirbátur síðustu plötu. Innkoma Johnnys Marr (fyrrverandi gítarleikara The Smiths og 80's hetja) gerir lítið fyrir sveitina og ummerki hans eru ekki auðsjáanleg. Í fyrsta skiptið á ferlinum virðist Modest Mouse vera að reyna eitthvað og mistekst þannig. Ég get samt ímyndað mér að Modest Mouse hafi reynt ýmsa hluti áður en þá hljómuðu tónarnir svo áreynslulausir, svo yfirgengilega rökréttir þrátt fyrir ringlureiðina. Lög eins Fly Trapped In a Jar, Fire It Up og Education eru öll ekkert nema skugginn af sjálfum sér, hið síðastnefnda líklegast eitt versta lag sem komið hefur úr smiðju hljómsveitarinnar.

MODEST MOUSE Nýja platan er góð, en veldur samt vonbrigðum.

Plúsarnir við plötuna eru þó blessunarlega fleiri en mínusarnir enda eins framúrskarandi góð hljómsveit á borð við Modest Mouse vandfundin. We've Got Everything er líklegur slagari, Missed the Boat er melódísk ballaða, Florida er Modest Mouse á sínum besta degi og Steam Engine afslappað stuðlag. Þessi lög sanna að Modest Mouse hefur þetta enn alveg í sér og textar Isaacs Brock halda sveitinni ennþá í fremstu röð. Ég get samt ekki að því gert að platan We Were Dead Before the Ship Even Sank veldur vonbrigðum og er sísta plata Modest Mouse til þessa, ekki versta, því Modest Mouse er ófær um að gera lélegar plötur.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Ólöf og félagar leggja í hann

Tónleikaferð þeirra Ólafar Arnalds, Lay Low og Péturs Ben um landið hefst í kvöld. Fyrstu tónleikarnir eru á Egilsstöðum.

ÓLÖF ARNALDS Leikur á vel lukkuðum útgáfutónleikum plötunnar Við og við.

„Ég er mjög spennt yfir þessu öllu saman því það er lengi búið að vera draumur hjá mér að fara í svona tónleikaferð um landið. Ég hef spilað úti á landi aður en aldrei farið á svona túr," segir Ólöf Arnalds tónlistarkona sem ásamt þeim Pétri Ben og Lay Low mun gleðja eyru landsmanna á tónleikaferð hringinn í kringum landið. Þau munu spila á Egilsstöðum, Akureyri, Hrísey, Stokkseyri, Bolungarvík, Akranesi og enda svo á því að spila í Reykjavík.

„Ég hef komið á alla staðina nema Hrísey og hlakka mikið til að koma þangað. Staðurinn sem við spilum á þar er pínulítill og það verður ábyggilega bara fólkið sem býr þarna sem kemur og kannski nokkrir ferðamenn. Annars verður þetta örugglega allt mjög skemmtilegt."

Það er Rás 2 sem er bakhjarl ferðarinnar og tilgangur hennar er að að gefa tónlistaráhugafólki á landsbyggðinni tækifæri til að sjá og heyra fremsta tónlistarfólk landsins af yngri kynslóðinni í heimabyggð.

Bæði Pétur Ben og Lay Low spila með hljómsveitum sínum en Ólöf verður ein með kassagítar.

Öll hafa þau vakið mikla athygli fyrir nýútkomnar plötur sínar og þykja afar skemmtileg á tónleikum. Því er það mikill happafengur fyrir landsbyggðarbúa að eiga þess kost að sjá þau spila á tónleikum.

Nánari upplýsingar um tímasetningar og tónleikastaði má finna á heimasíðu Rásar 2, www.ruv.is/poppland.

Þá er viðtal við Ólöfu Arnalds í tengslum við nýútkomna plötu hennar Við og við í Fréttablaðinu á laugardaginn. **jara@frettabladid.is**

Sumargleði á Grandrokk

Hljómsveitirnar Reykjavík!, Ultra Mega Technobandið Stefán, Retro Stefson og <3 Svanhvít! spila á tónleikum á Grand Rokk í kvöld. Útvarpsþátturinn Frank á X-inu stendur fyrir tónleikunum til að fagna sumardeginum fyrsta sem og 450 daga afmæli þáttarins.

Reykjavík!, Ultra Mega Technobandið Stefán og Retro Stefson eru allt hljómsveitir sem hafa vakið athygli upp á síðkastið fyrir frumlega og skemmtilega tónlist og afar líflega sviðsframkomu.

Hljómsveitin <3 Svanhvít! er ellefu manna band sem varð í öðru sæti í síðustu Músíktilraunum. Sveitin vakti mikla athygli fyrir líflega sviðsframkomu og frumlega hljóðfæraskipan þar sem meðal annars var leikið á ryksugu, potta og töfragítar.

Tónleikarnir hefjast kl. 22 og það kostar 1.000 krónur inn.

HRESS SÖNGVARI Bóas, söngvari Reykjavíkur!, er alltaf skemmtilegur á tónleikum.

Herrar

Börn

Dömur

20% afsláttur í barnadeild

fimmtudag til sunnudags …

… og líka
20%
aukaafsláttur
á vorútsölunni.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA SIA.IS DEB 36749 03.2007

SMÁRA BÍÓ — SÍMI 564 0000

HILLS HAVE EYES 2	kl. 5.50, 8 og 10. 10 B.I. 18 ÁRA
HILLS HAVE EYES 2 SÝND Í LÚXUS	kl. 3.40, 5.50, 8 og 10. 10
PERFECT STRANGER	kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA
SUNSHINE	kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 3, 5, 7, 9 og 11
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 2 og 3.45
TMNT	kl. 2, 4 og 6 B.I. 7 ÁRA
SCHOOL FOR SCOUNDRELS	kl. 1.30 og 3.45

*KRAKKADAGAR 450 kr.

REGNBOGINN — SÍMI 551 9000

HILLS HAVE EYES 2	kl. 6, 8 og 10 B.I. 18 ÁRA
PERFECT STRANGER	kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA
SUNSHINE	kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
THE SCIENCE OF SLEEP	kl. 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 6
TMNT	kl. 6 B.I. 7 ÁRA

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BORGARBÍÓ — SÍMI 462 3500

SHOOTER	kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA
PERFECT STRANGER	kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL	kl. 6

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

midi.is — BÍÓ.IS – allt á einum stað

FRÉTTIR AF FÓLKI

París Hilton hefur verið skipað að mæta fyrir rétt í Los Angeles 4. maí næstkomandi eftir að hún rauf skilorð á dögunum. París var í febrúar stöðvuð á bíl sínum sem var ljóslaus. Þá kom í ljós að hún hafði skömmu áður verið sett á 36 mánaða skilorð fyrir að keyra ölvuð.

Jamis Lady Bug
12", 2-5 ára
Verð **12.990 kr.**

Jamis Hot Rod
12", 2-5 ára
Verð **12.990 kr.**

Jamis Laser 2.0
20", 5-9 ára álstell, fótbremsa
Verð **16.990 kr.**

Jamis Capri 2.0
20", 6-9 ára, álstell, 6 gíra
Verð **19.990 kr.**

Jamis Fester 2.0
20", 6-9 ára, álstell, 6 gíra
Verð **22.990 kr.**

Jamis Capri 2.4
24", 7-12 ára, álstell, 7 gíra
Verð **22.990 kr.**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

BYRJAÐU DAGINN Á BÍÓFERÐ › SPARBÍÓ 450 kr

á allar sýningar merktar með appelsínugula





Úrvalslið leikara í magnaðri kvikmynd
undir tryggri leikstjórn Robert DeNiro
THE GOOD SHEPHERD
Saga öflugustu leyniþjónustu fyrr og síðar, CIA.

Háskólabíó

BREACH	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.i.12	BECAUSE I SAID SO	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	Leyfð
TÍMAMÓT	kl. 6 - 8 - 10	Leyfð	MRS POTTER	kl. 5:40	Leyfð
THE GOOD SHEPERD	kl. 5:30 - 8 - 10:40	B.i.12	300.	kl. 8 - 10:30	B.i.16

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

SHOOTER	kl. 5:30 - 8 - 10:40	B.i.16	MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	Leyfð
SHOOTER VIP	kl. 1:30 - 4 - 8 - 10:40		ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL	kl. 1 - 1:30 -3-3:40-5:50	Leyfð
THE GOOD SHEPERD	kl. 8 - 10:40	B.i.12	WILD HOGS	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:20	B.i 7
THE MESSENGERS	kl. 6 - 8 - 10:20	B.i.16	BRIDGE TO TEREBITHIA	kl. 1:30 - 3:40	Leyfð

GLEÐILEGT SUMAR!

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

BREACH	kl. 1:40 - 3:50 - 5:40 - 8 - 10:20	B.i.12	
THE MESSENGERS	kl. 6 - 8 - 10:20	B.i.16	
ROBINSON FJÖLSK... M/- ÍSL TAL	kl. 1:50 - 4 - 6:10	Leyfð	DIGITAL-3D
MEET THE RO...M/- ENSKU Tali	kl. 8:10	Leyfð	DIGITAL-3D
300.	kl. 10	B.i.16	DIGITAL
NORBIT	kl. 1:50 - 3:50	Leyfð	

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

SHOOTER	kl. 8 - 10:20	B.i. 16	
MEET THE ROBINSONS	kl. 4 - 6	Leyfð	
HAPPILY NEVER AFTER	kl. 4	Leyfð	
MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 6 - 8	Leyfð	
CHAOS	kl. 10	B.i. 16	

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

BECAUSE I SAID SO	kl. 8 - 10:20	Leyfð	
MEET THE ROBINSSON	kl. 4 - 6	Leyfð	
MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 4 - 6 - 8	Leyfð	
THE MESSENGERS	kl. 8 - 10	B.i.16	

www.SAMbio.is S 575 8900 www.SAMbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Britney Spears er háð hárkollum eftir að hún krúnurakaði sig. Bandarískir fjölmiðlar greina frá því að söngkonan umdeilda hafi gefið skemmtanalífið upp á bátinn en hafi fundið aðra fíkn – að versla. Britney er sögð hafa eytt um fjórum milljónum króna í hárkollur, föt, nærföt, ilmvötn, skartgripi og hatta á tæpum mánuði. „Hún er alveg óð í verslunum," sagði einn vina hennar.

Leikarinn **Matthew McConaughey** er kominn með nýja kærustu. Sú er frá Brasilíu og heitir **Camilla Alves**. Hún starfar sem fyrirsæta. Leikarinn hefur þegar boðið kærustunni og fjölskyldu hennar í ferð á húsbílnum sínum, en hann er þekktur fyrir ást sína á honum. Hann fór til að mynda víða með **Penelope Cruz** í húsbílnum þegar þau voru saman.



Fyrrum strandvörðurinn **Pamela Anderson** segir ekkert hæft í því að hún hafi látið sprauta botoxi í andlit sitt til að fela hrukkur. Þetta sjáist vel á nýjum myndum af henni sem teknar voru í fríi á Hawaii. „Ég kíki sjaldnast í spegil áður en ég fer út. Þetta sannar alla vega að ég hef ekkert látið lappa upp á mig," segir Pamela.

Jamis Laser 1.6
16", 3-6 ára
Verð **14.990 kr.**

Jamis Miss Daisy
16", 3-6 ára
Verð **14.990 kr.**

Hjólaðu út í vorið

JAMIS BICYCLES

ROLLERBLADE

Rollerblade Micro TFS
Stækkanlegir barnaskautar
Einfalt og töff reimakerfi
Rammi: Trefjaplast
Hjól: 72 mm/80A
Legur: ABEC 3
Stærðir: 29-34, 34-37 og 36-40
Verð **9.990 kr.**

Hlífasett fylgir

Rollerblade Micro Combo
Stækkanlegir barnaskautar
Rammi: Trefjaplast
Hjól: 72 mm/80A
Legur: ABEC 3
Ein stærð: 29-34
Verð **9.990 kr.**

20% afsláttur

af öllum barnahjólum og barnalínuskautum miðvikudaginn 18. og fimmtudaginn 19. apríl (sumardaginn fyrsta). Hjólin fást í Kringlunni og Smáralind.

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SIA/IS/ICE 37213 04/07

> KR vill hafa Baldur áfram

Íslandsmeistarar KR í körfubolta ætla að leggja hart að Baldri Ólafssyni að spila með meisturunum næsta vetur. Baldur tók fram skóna á ný um páskana og reyndist mjög drjúgur fyrir Vesturbæjarliðið í úrslitunum og það þótt hann væri ekki í sérstöku formi. „Við sáum í þessum úrslitum hversu mikilvægur Baldur er liðinu innan sem utan vallar. Vonandi tekur hann slaginn með okkur," sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, en hann segir Baldur hafa tekið ágætlega í hugmyndina.

sport
sport@frettabladid.is

SKAGAMENN Á LEIKMANNAMARKAÐNUM: SKAGAMENN Á EFTIR REYNDUM ENSKUM MIÐVERÐI

Nýr David Winnie á leið upp á Skaga?

Knattspyrnulið ÍA skoðar þessa dagana erlenda leikmenn til að spila með liðinu í sumar. Þar ber hæst að ÍA er á höttunum eftir hinum reynda miðverði John McGreal. Sá er 34 ára gamall og leikur með 1. deildarliði Burnley en með því liði leikur Jóhannes Karl Guðjónsson, sonur Guðjóns Þórðarsonar sem þjálfar ÍA.

McGreal er gríðarlega reyndur kappi og lék meðal annars lengi með Ipswich og þá bæði í efstu og næstefstu deild. Hann er fastamaður í liði Burnley og geysilega vinsæll hjá stuðningsmönnum liðsins sem margir hverjir völdu sem leikmann ársins í fyrra.

Hann er að klára samning sinn við Burnley og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vantar lítið upp á að samningar náist. Svo gæti farið að ÍA nái og kappinn nái saman í dag ef allt gengur að óskum. Spekingar vilja meina að það sé álíka sterkt fyrir ÍA að fá McGreal eins og það var gott fyrir KR að fá David Winnie á sínum tíma. Hið unga lið ÍA vantar sárlega reyndan leiðtoga á borð við McGreal.

„Við erum mjög rólegir í tíðinni og það er engin örvænting í okkur. Við erum engu að síður með ungan og þunnan hóp og við megum því illa við áföllum. Heimir Einarsson var til að mynda að meiðast núna á hné en verður vonandi klár fyrir fyrsta leik í Íslandsmótinu," sagði Gísli Gíslason, formaður rekstrarfélags meistaraflokks ÍA.

„Við gerum okkur grein fyrir því hvaða lið við erum með í höndunum. Við erum að byggja upp lið til lengri tíma og það er eðlilega engin krafa um titil í sumar. Það er ánægja með störf Guðjóns. Liðið er á fínni leið og spilar fínan fótbolta."

Skagamenn voru einnig á eftir bakverðinum Curtis Osano sem er á mála hjá Reading en á láni hjá Aldershot. Væntanlega verður ekkert af komu hans til landsins þar sem hann fær ekki atvinnuleyfi.

Svo hefur úkraínskur framherji verið á leiðinni til ÍA en ekki liggur enn fyrir hvort af komu hans verði. Skagamenn hafa víða leitað eftir liðsstyrk síðustu vikur og meðal annars hjá Sigurði Jónssyni, þjálfara Djurgården. Ekki er búist við því að hann geti lánað ÍA leikmenn.

VILHJÁLMUR Þ. Borgarstjórinn lék á als oddi í gær þegar skrifað var undir samning við styrktaraðila.

Alþjóðaleikar ungmenna:

Von á um 1.200 keppendum

ÍÞRÓTTIR Alþjóðaleikar ungmenna fara fram hér á landi í sumar. Um er að ræða fimm daga keppni frá 20. júní til 25. júní.

Leikarnir eru fjölmennasti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi og skipuleggjendur ætla hvergi að spara í því að gera þá sem glæsilegasta.

Von er á um 1.200 keppendum hingað til lands og með þeim kemur fjöldi þjálfara og foreldra.

Stærstur hluti leikanna fer fram í Laugardal en keppt verður í frjálsum, knattspyrnu, handbolta, sundi, badminton, júdó og golfi.

Í gær var ritað undir samninga við Kaupþing og Símann sem verða aðalstyrktaraðilar mótsins.

- hbg

Chelsea gefur ekkert eftir

Toppbaráttan í ensku úrvalsdeildinni er enn æsispennandi eftir að Chelsea minnkaði forskot Man. Utd niður í þrjú stig á ný er liðið lagði West Ham, 1-4, á Upton Park. Staða Hamranna er mjög alvarleg og fátt annað en fall blasir við.

FÓTBOLTI Chelsea heldur áfram að anda ofan í hálsmálið á Manchester United og gefur nákvæmlega ekkert eftir í kapphlaupinu um enska meistaratitilinn. Meistararnir lögðu Íslendingafélagið West Ham í gær, 1-4, á Upton Park og staða Eggerts og félaga mjög slæm.

Leikur Lundúnaliðanna í gær var bráðfjörugur frá upphafi. Phillips skoraði tvö frábær mörk í fyrri hálfeik. Carlos Tevez jafnaði í millitíðinni með laglegu marki en Phillips átti flottustu tilþrifin með seinna markinu sínu.

West Ham fékk tvö ágæt færi til að jafna í upphafi síðari hálfleiks en hafði ekki heppnina með sér. Chelsea nýtti sín færi aftur á móti betur og fagnaði því öruggum sigri og þrem stigum.

„Tilfinningin að hafa skorað þessi mörk er yndisleg en ég verð að tileinka félögum mínum mörkin en þeir hafa aldrei tapað trúnni á mér," sagði Wright-Phillips sem hefur ekki þótt standa undir væntingum frá því hann var keyptur á 21 milljón punda frá Manchester City.

„Það er ósköp eðlilegt að maður verði sterkari eftir því sem maður leikur fleiri leiki og hlutirnir eru loksins að koma hjá mér. Við vissum annars vel hvað við yrðum að gera í þessum leik. Við verðum að vinna hvern einasta leik til að setja pressu á Man. Utd. Þetta var enn ein brúin sem við þurftum að fara yfir og viljinn í þessu liði er hreint ótrúlegur," sagði Phillips að lokum.

Félagi hans, Frank Lampard, fékk óblíðar móttökur eins og venjulega á Upton Park þó sex ár séu síðan hann yfirgaf West Ham.

„Þetta truflar mig ekki neitt. Þvert á móti hvetja baulin mig áfram. Ég þrífst í svona umhverfi. Það voru nokkur vel valin orð látin fjúka en ég er ekkert að erfa það."

henry@frettabladid.is

SJÓÐHEITUR Shaun Wright-Phillips skoraði tvö frábær mörk á Upton Park í gær. Hann fagnaði mörkunum að vonum vel og innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

LIONEL MESSI Skoraði einstakt mark í gær sem aldrei mun falla í gleymsku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sýning hjá Barcelona:

Langþráð mark hjá Eiði Smára

FÓTBOLTI Barcelona vann öruggan sigur á Getafe, 5-2, í fyrri leik liðanna í spænsku bikarkeppninni.

Leiksins verður fyrst og fremst minnst fyrir annað markið sem Argentínumaðurinn Lionel Messi skoraði. Hann fékk þá boltann fyrir aftan miðju, sólaði hvern varnarmann Getafe af öðrum, síðan markvörðinn og lagði boltann í netið. Ótrúlegt mark sem þegar er byrjað að tala um í sömu andrá og mark Maradona gegn Englandi á HM 1986.

Eiður Smári var loksins í byrjunarliði Barcelona og hann nýtti tækifærið sitt vel og skoraði eitt marka Barcelona með góðu skoti í teignum.

- hbg

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

WEST HAM-CHELSEA	1-4
0-1 Shaun Wright-Phillips (31.), 1-1 Carlos Tevez (35.), 1-2 Shaun Wright-Phillips (36.), 1-3 Salomon Kalou (51.), 1-4 Didier Drogba (62.)	
LIVERPOOL-MIDDLESBROUGH	2-0
1-0 Steven Gerrard (58.), 2-0 Steven Gerrard, víti (65.).	
BLACKBURN-WATFORD	3-1
1-0 Veijeany (7.), 2-0 Roberts (10.), 2-1 Rinaldi (21.), 3-1 McCarthy (32.).	

STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

MAN. UTD	**33**	**26**	**3**	**4**	**77-23**	**81**
CHELSEA	33	24	6	3	60-20	78
LIVERPOOL	**34**	**19**	**7**	**8**	**52-22**	**64**
ARSENAL	34	18	8	8	57-31	62
SHEFF.UTD	34	9	7	18	29-49	34
CHARLTON	**34**	**8**	**8**	**18**	**30-51**	**32**
WEST HAM	34	8	5	21	27-58	29
WATFORD	**34**	**4**	**11**	**19**	**25-56**	**23**

Spænski bikarinn:

BARCELONA-GETAFE	5-2
Messi 2, Xavi, Eiður Smári, Eto´o.	

Ítalska úrvalsdeildin:

ASCOLI-AC MILAN	2-5
Melara, Di Biagio - Gilardino 2, Kaká 2, Seedorf.	
INTER-ROMA	1-3
Materazzi - Perrotta, Totti, Cassetti.	
Inter hefði orðið meistari með sigri.	

Þýski handboltinn:

KRONAU/ÖSTRIN.-GUMMERSBACH	41-36
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 9 mörk fyrir Gummersbach og **Róbert Gunnarsson** 1.	
LEMGO-LUBBECKE	38-29
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 2 mörk fyrir Lemgo og **Logi Geirsson** 1.	
MINDEN-MAGDEBURG	24-27
Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur í liði Minden með 8 mörk. **Einar Jónsson** skoraði 2.	

FRAMKVÆMDASTJÓRINN OG FORMAÐURINN Guðmundur Ágúst Ingvarsson var endurkjörinn formaður HSÍ í gær. Hann sést hér með framkvæmdastjóra HSÍ, Einari Þorvarðarsyni, á HM í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Úrslitakeppnin ekki tekin aftur inn í handboltann:

Haukar og FH drógu tillögu sína til baka

HANDBOLTI Ársþing Hanknattleikssambands Íslands, HSÍ, fór fram í gær og lauk ekki fyrr en seint í gærkvöldi. Að venju biðu þingsins nokkrar áhugaverðar tillögur.

Sú sem vakti mesta athygli var tillaga Hafnarfjarðarliðanna Hauka og FH sem lögðu fram tillögu um fjölgun liða með úrslitakeppni sem var felld út fyrir ári síðan. Tillagan var dregin til baka.

„Mótinu verður engu að síður breytt á þá leið að áfram verður átta liða deild en nú með fjórum umferðum í stað þriggja," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ. „Tillaga um umgjörð leikja var einnig samþykkt og svo verður breyting á deildarbikarnum. Sú keppni verður spiluð á milli jóla og nýars á einni helgi. HSÍ mun halda utan um þá helgi. Tillaga um ferðajöfnunarsjóð var ekki samþykkt en mælt hafði verið með hækkun."

Guðmundur Ágúst Ingvarsson var endurkjörinn formaður HSÍ en hann var einn í framboði.

- hbg

www.icelandexpress.is

Til hamingju, Haukar og KR-ingar!

Iceland Express »deildin

» Iceland Express, aðalstyrktaraðili Íslandsmótsins í körfuknattleik, óskar Haukum og KR-ingum innilega til hamingju með Íslandsmeistara-titlana.

Iceland Express-deildin var með eindæmum skemmtileg í vetur og eru þessi tvö lið vel að sigrunum komin.

» Til hamingju!

Fíton/SÍA FÍ18659

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

Óvænt útkoma í vali á landi fyrir EM 2012:

Pólland og Úkraína tekin fram yfir Ítalíu

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, greindi í gær frá því hvar úrslitakeppni Evrópumótsins árið 2012 yrði haldin. Flestir bjuggust við því að Ítalía fengi keppnina og ef ekki Ítalía þá Króatía og Ungverjaland.

Það kom því talsvert á óvart þegar Michel Platini, forseti UEFA, tilkynnti að Pólland og Úkraína fengju að halda keppnina.

„Þessar þjóðir eru verðugir sigurvegarar en það tapaði enginn. Allar umsóknirnar voru góðar en hlutu bara ekki náð fyrir okkar augum í þetta skiptið. Ég get ekki talað nógu vel um hversu mikið þjóðirnar allar lögðu á sig í umsóknarferlinu. Það var mikill metnaður í öllum umsóknum," sagði Platini.

Formenn knattspyrnusambanda Póllands og Úkraínu voru að vonum himinlifandi. „Það bíða núna 85 milljónir knattspyrnuunnenda eftir þessum stóra viðburði. Vinskapurinn á milli þessara tveggja þjóða á sér langa sögu og þetta mót er stór hluti af sögu beggja þjóða," sagði Michal Listkiewicz, formaður pólska sambandsins.

Vandræðin í kringum ítalska boltann síðustu ár er talin vera ástæðan fyrir því af hverju landið fékk ekki mótið. **- hbg**

OG SIGURVEGARINN ER ... Michel Platini, forseti UEFA, sýnir hér hvaða þjóðir fá að halda EM í knattspyrnu árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

EYJÓLFUR OG BJARNI Knattspyrnulandsliðið er ekki beint að kveikja í FIFA-listanum undir þeirra stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslenska knattspyrnulandsliðið:

Í frjálsu falli á FIFA-listanum

FÓTBOLTI Íslenska knattspyrnulandsliðið heldur áfram að falla niður FIFA-listann. Í þetta skiptið um ellefu sæti en Ísland situr nú í 97. sæti listans ásamt Bólivíu. Kúveit, Eþíópía og Kanada eru fyrir framan okkur sem og Miðbaugs-Gíneu sem stekkur upp um ein 20 sæti í það 87.

Næstu lið fyrir neðan eru Guyana, Bahrain og Botsvana.

Ítalir stökkva aftur á toppinn á nýja listanum og Argentína færist við það í annað sætið. Brasilía situr svo í því þriðja. **- hbg**

Peter Hill-Wood:

Engin yfirtaka hjá Arsenal

FÓTBOLTI Peter Hill-Wood, stjórnarformaður Arsenal, hefur gert bandarískra milljarðamæringnum Stan Kroenke það ljóst að ekki komi til greina að selja meirihluta í félaginu.

Kroenke keypti 9,9 prósenta hlut í Arsenal á dögunum og bætti svo við sig með að kaupa hluta af Danny Fiszman sem er einn af stærstu hluthöfum félagsins.

„Hluthafarnir vilja frekar stýra félaginu áfram í stað þess að selja það óþekktum manni. Okkur líkar ekki vel við tilhugsunina að eignarhluturinn í félaginu fari yfir Atlantshafið," sagði Hill-Wood. **- hbg**

FABIO CAPELLO Fékk stuðningsyfirlýsingu frá Real Madrid í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Real Madrid:

Buðum ekki Benitez vinnu

FÓTBOLTI Real Madrid gaf í gær út yfirlýsingu þar sem félagið neitar því að hafa boðið Rafael Benitez, stjóra Liverpool, starf knattspyrnustjóra hjá félaginu.

Benitez greindi frá því á dögunum að hann hefði hafnað mjög freistandi tilboði frá spænska risanum. Það hefði fært honum betri laun að fara til Madrid en það skipti hann ekki máli.

Real segir að félagið treysti á hinn ítalska þjálfara sinn, Fabio Capello, sem enn á eftir tvö ár af samningi sínum við félagið.

Fjölmiðlar ytra hafa verið uppfullir af fréttum þess efnis að hann verði rekinn eigi síðar en í sumar. Mögulegir arftakar sem hafa verið nefndir eru Benitez, José Mourinho og Bernd Schuster. **- hbg**

Íslandsmeistarar KR liggja ekki með tærnar upp í loft að fagna titlinum langt fram á sumar:

Þegar farnir að spá í næsta keppnistímabil

KÖRFUBOLTI KR-ingar fögnuðu Íslandsmeistaratitlinum vel og innilega síðastliðinn mánudag. Vesturbæingar ætla ekki að láta þar við sitja og þeir eru langt frá því að vera saddir. Að sögn Böðvars Guðjónssonar, formanns körfuknattleiksdeildar, hefur stefnan verið sett beint á toppinn síðan hann tók við og þar er stefnan að halda KR.

„Við erum þegar byrjaðir að spá í næsta tímabil. Ég og Benni þjálfari tókum mat saman í hádeginu þar sem við byrjuðum að leggja línurnar fyrir næsta tímabil," sagði Böðvar í gær en það er ljóst að Benedikt stýrir liðinu áfram.

Hann kom til félagsins á ný síðasta sumar eftir að hafa gert mjög góða hluti hjá Fjölni í Grafarvogi. Benedikt skilaði þeim stóra strax á fyrsta ári sem var reyndar eitthvað sem KR-ingar höfðu ekki gert sér miklar væntingar um í upphafi móts.

Allir íslensku leikmennirnir hjá KR fyrir utan tvo eru með samning við félagið. Liðið missir hinn unga og stórefnilega Darra Hilmarsson sem er á leið í nám til Bandaríkjanna. KR segist vilja halda útlendingunum sínum enda hafi þeir staðið vel undir væntingum.

„Ég mun ræða við Tyson [Patterson] og von okkar stendur til þess að hann verði áfram. Honum hefur liðið vel hér þannig að við erum nokkuð bjartsýnir á að það gangi eftir. Hann hefur einnig sagt í viðtölum að hann geti vel hugsað sér að vera hér áfram sem er mjög jákvætt.

JJ Sola er nokkurt spurningarmerki en hann ætlar að skoða sín mál og svo tölum við saman í sumar. Vonandi getur hann komið aftur," sagði Böðvar en Sola er á leið til Bandaríkjanna, konan hans á von á sér á hverri stundu og af því vill Sola ekki missa.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framtíð Edmunds Azemi en vel kemur til greina að bjóða honum að vera áfram.

„Það er bullandi metnaður í okkur og við ætlum að mæta grimmir til leiks næsta vetur og þá verður markmiðið það sama, að vinna titla," sagði Böðvar. **- hbg**

VERÐMÆTUR KR-ingar leggja mikla áherslu á að halda Bandaríkjamanninum Tyson Patterson sem fór á kostum í úrslitakeppninni. Það kom því fáum á óvart að hann væri valinn besti leikmaður úrslitakeppninnar á mánudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

RYAN GIGGS Vill titla, annað er vonbrigði að hans mati. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ryan Giggs:

Stigin skipta öllu máli

FÓTBOLTI Ryan Giggs, fyrirliði Manchester United, hefur sent út þau skilaboð til stuðningsmanna félagsins að nú séu það stigin sem skipti máli en ekki frammistaðan.

United bauð ekki upp á neina flugeldasýningu gegn Sheff. Utd en vann sitt verk af fagmennsku og tók þrjú stig í 2-0 sigri. Það var svolítið úr takti við síðustu leiki þar sem United hefur verið líklegt til að skora allt að tíu mörk í leik.

„Þetta snýst ekki um frammistöðu heldur að vinna leiki. Við getum ekki alltaf skorað fjögur til fimm mörk. Ég myndi sætta mig við 1-0 sigur gegn Middlesbrough nú þegar. Lykillinn er að halda hreinu þar sem sóknin mun alltaf skapa færi og við þar af leiðandi líklegir til að skora," sagði Giggs sem hefur farið hreint á kostum í vetur. **- hbg**

CHRIS COLEMAN Átti ekki von á því að vera rekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chris Coleman:

Niðurbrotinn maður

FÓTBOLTI Chris Coleman segir að hann sé í öngum sínum og í raun niðurbrotinn maður eftir að hafa verið rekinn úr starfi knattspyrnustjóra Fulham á dögunum.

„Ef ég á að segja eins og er þá er ég niðurbrotinn maður. Ég var búinn að vera hjá félaginu í tíu ár og átti engan veginn von á því að vera rekinn. Félagið þarf samt að taka sínar ákvarðanir og hefur sínar ástæður fyrir þeim," sagði Coleman sem ber enn hlýjar tilfinningar til félagsins.

„Ég þekki mikið af fólki hjá félaginu eftir langa dvöl þar og vil alls ekki sjá það falla niður um deild. Liðið er sterkt og í liðinu eru sterkir karakterar. Ég hef fulla trú á að liðið bjargi sér." **- hbg**



EVA LONGORIA

Eva er yngst fjögurra systra. Hún ólst upp hjá mexíkóskum foreldrum sínum á búgarði í Texas. Eftir að Eva lauk BA-prófi í vöðva- og hreyfifræði tók hún þátt í hæfileikasamkeppni og fór í framhaldinu til Los Angeles. Þar kynntist hún umboðsmanni sem kom henni af stað á leikarabrautinni og á næstu árum lék hún í sápuóperum svo sem The Bold and the Beautiful, General Hospital og Beverly Hills 90210. Árið 2004 fékk hún hlutverk í þáttunum Desperate Housewives og varð heimsþekkt á svipstundu. Sá þáttur verður sýndur í Sjónvarpinu kl. 21.25.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR VEIT FÁTT BETRA EN CSI MIAMI

Jakkafataklætt sjarmatröll með sólgleraugu

Ég get ekki beðið eftir að CSI Miami byrji aftur. Það hefur skapast töluvert tóm í lífi mínu síðan þátturinn fór í pásu.
Það er fátt sem ég veit betra en að setjast í sófann með mjólkurglas, nýpoppað popp, flísteppi á fótunum og horfa á sakamálaþáttinn CSI Miami. Trú mín á mannkynið endurnýjast í hvert skipti sem ég horfi. Það skiptir engu hvað hefur gerst í vikunni, hvort miðbærinn brenni, unglingar drepi skólafélaga sína eða Britney Spears taki upp á því að raka af sér hárið. Þegar ég horfi á Horatio Caine leysa hverja morðgátuna á fætur annarri er eitthvað sem gerist inni í mér. Þetta rauðhærða jakkafataklædda sjarmatröll, eilíflega hálf falinn

á bakvið dökk sólgleraugu á sér engan líkan. Hann þarf ekki að gera annað en að mæta á vettvang glæpsins, líta aðeins í kringum sig, taka sólgleraugun af og setja þau aftur upp og málið er leyst. Næstum því alveg að minnsta kosti. Horatio veit nefnilega að með því að skoða kramda flugu á bílrúðu má komast að ýmsu merkilegu. Hann getur auðveldlega unnið sig út frá flugunni og á örskotsstund komist að því í hvernig lituðum buxum morðinginn var, hver voru valfög hans í menntaskóla og hvernig samband hans við foreldra sína er. Horatio er hetjan mín.
Ég hugsa að ég fari bara í sólbað þar til CSI Miami byrjar aftur.

EKKI MISSA AF

21.25 Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ

20.50 Studio 60 STÖÐ 2

14.00 Forrest Gump STÖÐ 2 BÍÓ

20.40 My Name Is Earl SIRKUS

21.00 Will & Grace SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunsjónvarp barnanna 08.01 Gurra grís 08.05 Bú 08.16 Brandur lögga 08.28 Brummi 08.40 Fæturnar á Fanney 08.52 Konráð og Baldur 09.20 Fræknir ferðalangar
10.45 Tate litli (Little Man Tate) e.
12.20 Söngkeppni framhaldsskólanema
15.05 Myndin um Lizzie Maguire
16.35 Ístölt
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Ævintýri Kötu kanínu (7:13)
18.40 Fótboltinn
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Spóinn - spóinn var að vella Heimildamynd eftir Pál Steingrímsson. Spóinn er farfugl sem verpir á Íslandi en dvelur í Vestur-Afríku á vetrum. Lítið er vitað um vetrardvalastaði hans en þar hefst þessi saga. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
20.30 Fjölbrautaskólinn (2:8) (Waterloo Road) Bresk þáttaröð.
21.25 Aðþrengdar eiginkonur
22.10 Sporlaust (20:24) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.55 Lífsháski e.
23.40 Montalbano lögreglufulltrúi - Sætabrauðsþjófurinn Ítölsk sakamálamynd frá 1999 byggð á sögu eftir Andrea Camilleri. e.
01.25 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Forrest Gump (e)
08.20 Marine Life
10.00 Taxi
12.00 Dear Frankie
14.00 Forrest Gump (e)
16.20 Marine Life
18.00 Taxi
20.00 Dear Frankie Vönduð og hugljúf skosk verðlaunamynd með Gerard Buttler sem lék Bjólf í Bjólfskviðu.
22.00 I Know What You Did Last Summer
00.00 Nine Lives
02.00 Intermission
04.00 I Know What You Did Last Sum

STÖÐ 2

07.00 Snjóbörnin 07.50 Myrkfælnu draugarnir 08.20 Bangsímon og Fríllinn 09.25 Töfravagninn 09.50 Doddi litli og Eyrnastór 10.20 Grallararnir 10.45 Tasmanía 11.35 Skrímslaspilið
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Valentína
13.30 Valentína
14.15 Most Haunted (4.20)
15.00 Fresh Prince of Bel Air 4
15.25 Strong Medicine (14.22)
16.15 My Life in Film (4.6)
16.45 Derren Brown. The Heist - NÝTT
17.35 Ofurheilinn
18.30 Fréttir
19.10 The Simpsons (2.22)
19.35 The Simpsons (1.22) (e) Hryllingurinn í trjákofanum! Þáttur kvöldsins verður með óhefðbundu sniði og verður boðið upp á þrjár stuttmyndir að hætti hússins.
20.00 Meistarinn
20.50 Studio 60 (15.22) Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur sem varpar gamansömu og trúverðugu ljósi á það sem gerist á bak við tjöldin í hinum litríka sjónvarpsheimi í Hollywood. (15.22) Matt er upptekin af gömlum minningum og þá sérstaklega þeim er tengjast Harriet.
21.35 Standoff Nýir spennuþættir sem fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og þau vita alltaf hvað fólk er að hugsa. Þau eiga einnig í ástarsambandi sem þau vilja fyrir alla muni halda leyndu. (6.19)
22.20 Hotel Babylon Breskir sjónvarpsþættir í anda Footballers Wives þar sem fylgst er með starfsfólki og gestum á 5 stjarna hóteli í London.
23.15 American Idol (28.41) Síðustu átta stíga á svið en í lok þáttarins verður einn sendur heim og aðeins sjö verða eftir.
00.00 American Idol (29.41)
00.45 Medium (10.22)
01.30 Foyle´s War - Eagle Day
03.10 Favour, The Watch and the Very Big Fish (e)
04.35 Bones (11.22)
05.20 Hustle (3.6)
06.15 Fréttir
06.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 Seinfeld (21.24) (e)
20.10 Entertainment Tonight (e)
20.40 My Name Is Earl 2 - NÝTT Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
21.15 KF Nörd (14.15) Í þessum næstsíðasta þætti um Nördana verður fylgst með þeim í undirbúningi sínum fyrir leikinn stóra gegn Íslandsmeisturum FH. Jafnframt verður litið yfir farinn veg og Nördarnir fá vísindalegar niðurstöður varðandi bætt líkamsástand sitt. Þá fá þeir tækifæri til þess að mæta liði að nýju sem þeir töpuðu stórt fyrir í upphafi þessa ævintýris.
22.00 Strictly Confidential Ný bresk smásería í anda Footballers Wives og Hótel Babýlon um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamál ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða þegar heim er komið. Lindu dreymir um að eignast barn en það hefur ekki gengið eftir og skapar það stöðugt álag á hjónabandið. Erfiðleikarnir aukast þó enn meira þegar Linda ákveður að aðstoða fyrrum elskuhuga sinn við að leysa morðmál. Bönnuð börnum.
22.50 Medium (10.22) Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. (10.21) Allison reynir að hjálpa ungum dreng sem er misþyrmt af föður sínum en strákurinn leitar stuðnings hjá talandi dúkku sem er ekki öll þar sem hún er séð. Bönnuð börnum.
23.35 The Nine (e)
00.20 Supernatural (10.22)
01.10 Seinfeld (21.24) (e)
01.35 Entertainment Tonight (e)
02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
10.30 Óstöðvandi tónlist
15.15 Vörutorg
16.15 Fyrstu skrefin (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Melrose Place
18.15 Rachael Ray
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Game tíví
20.00 Everybody Hates Chris (9.22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum.
20.30 Malcolm in the Middle (13.22) Lois kemst að því að hún er með eirkirningasótt og smitar Malcolm af gáleysi, þannig að þau eru sett saman í sóttkví. Hal verður vinsæll í hverfinu þegar það fréttist að Lois er ófær um að mæta með honum í heimsókn.
21.00 Will & Grace (8.23)
21.30 Still Standing (18.23)
22.00 House (15.24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Jay Leno
00.05 Britain's Next Top Model (e)
01.05 C.S.I. (e)
01.55 Beverly Hills 90210(e)
02.40 Melrose Place (e)
03.25 Vörutorg
04.25 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

07.00 Ítölsku mörkin (e)
12.00 Man. Utd. - Sheff. Utd. (frá 17.04)
14.00 Inter - Roma (frá 18.04)
16.00 Arsenal - Man. City (frá 17.04)
18.00 West Ham - Chelsea (frá 18.04)
20.00 Liðið mitt (frá 10.04) (e)
21.00 Liverpool - Middlesbrough (frá 18.04)
23.00 Ítölsku mörkin (e)
00.00 Blackburn - Watford (frá 18.04)
02.00 Dagskrárlok

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00 Meistarinn

Í kvöld verður hörkuslagur þegar Illugi Jökulsson, rithöfundur og fjölmiðlamaður, mætir Pálma Óskarssyni lækni. Eins og fyrr er það samspil þekkingar, kænsku og heppni keppandans sem leiðir hann til sigurs en til mikils er að vinna. Sigurvegarinn hlýtur ekki aðeins hinn eftirsótta titil „Meistarinn" heldur fær hann einnig 5 milljónir króna í beinhörðum peningum. Þetta er annar þáttur af fjórum í átta liða úrslitunum og það er því farið að styttast allverulega í úrslitaslaginn.

▸ við mælum með Fjölbrautaskólinn Sjónvarpið kl. 20.30

Fjölbrautaskólinn (Waterloo Road) er bresk þáttaröð um stormasamt líf kennara og nemenda í erfiðu hverfi í stórborg. Hver dagur er eins og bardagi fyrir Jack Rimmer yfirkennara og starfslið hans í Waterloo Road-skólanum. Kennararnir hafa nánast gefist upp á því að gera eitthvað af viti í skólanum og eiga nóg með sín persónulegu vandamál. Á Jack hvílir sú krafa að gera umbætur á skólanum og það strax.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Sumarkomuljóð eftir Matthías Jochumsson
08.10 Nú er sumar
09.05 Laufskálinn
10.15 „Hvikull er draumurinn, þrá mín stolt"
11.00 Skátamessa í Hallgrímskirkju
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Börn og leikhús
13.40 Ungt listafólk
15.10 Ljósvíkingur
15.40 Það vaxa blóm á þakinu
16.08 „Þar sem allir þræðir titra"
17.00 Tónar og léreft
18.00 Kvöldfréttir
18.20 Auglýsingar
18.21 Vorsónatan
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Vitinn
19.25 Sumaróp era Reykjavíkur: Galdraskyttan
22.15 Þættir úr íslenskri leikritun: 1990 - 2007
23.10 Stúdíó 12
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

07.00 Spænska bikarkeppnin (Barcelona - Getafe)
08.40 Spænska bikarkeppnin (Barcelona - Getafe)
17.55 Það helsta í PGA mótaröðinni
18.25 Spænska bikarkeppnin (Deportivo - Sevilla) Útsending frá leik Deportivo og Sevilla í spænsku bikarkeppninni í knattspyrnu.
20.25 Ali Rap Hnefaleikagoðsögnin Muhammad Ali verður 65 ára þann 17. janúar og Sýn býður upp á splunkunýja þætti um kappann að því tilefni.
21.15 PGA Tour 2007 - Highlights (Verizon Heritage) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.
22.10 Þýski handboltinn Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu.
22.40 Spænska bikarkeppnin (Deportivo - Sevilla)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Hvad er det værd **7.00** Italienske fristelser **7.30** Ud i naturen **7.55** OBS **8.00** Viden om **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Sølyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Hammerslag **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Ud i naturen **11.00** Kongehuset **11.25** Aftenshowet **12.20** Mission integration **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** SPAM **13.30** Boogie Update **14.00** Liga **14.30** Daffys kalkunkammerat **14.35** Frikvarter **15.00** Barda **15.30** Fandango med Sebastian og Chapper **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hold masken **18.30** Hjerterum **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Ace Ventura, detektiv **21.20** Før melodi grand prix **22.20** Liga **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Gnotterne **6.00** Postmand Per

NRK 1

7.30 Mat med Niklas **8.00** Siste nytt **8.05** Forbrukerinspektørene **8.30** Videregående **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.30** Zombie hotell **14.00** Siste nytt **14.03** Pysj-klubben **14.30** Dunder **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.40** Månáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Skikk og bruk for hunden **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Skygger **20.30** Torsdag kveld med Steinar Sagen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kulturnytt **21.20** Urix **21.50** Graven **22.50** Usett: Mina **4.25** Frokost-tv

SVT 1

7.30 Lilla löpsedeln **7.45** Osynliga sår **8.00** Osynliga sår **8.15** Osynliga sår **8.25** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **8.35** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **8.45** Ekolokero **9.00** Krokomax **9.30** Krokodill **10.00** Rapport **10.05** Argument **11.05** Anslagstavlan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.25** Vädersalsa **16.30** Undringar **16.35** Ozzy och Drix **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Saras kök **18.30** Svenska slag **19.00** Ishockey: Tre kronor live **20.00** Barnslavar **20.45** Fast eller flytande **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Entourage **22.50** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

Við erum frambjóðendur ykkar í Suðurkjördæmi

„Fólkið í landinu býr yfir mikilli þekkingu. **Nýtum þá þekkingu til hagsbóta fyrir alla.** Samráð er íbúalýðræði í verki. Vinnum saman."

Ásta Þorleifsdóttir
jarðfræðingur

„**Endurvekjum líf á bryggjum landsins, landi og þjóð til heilla.** Umhverfisvænar veiðar smábáta styrkja sjávarbyggðir og tryggja nýliðun í greininni."

Baldvin Nielsen
stýrimaður og bílstjóri

„Góðar samgöngur eru forsendur byggðar og atvinnuuppbyggingar á Íslandi. **Útrýmum einbreiðum brúm. Tvöföldum vegi þar sem þarf.** Horfum til framtíðar; jarðgöng eru öruggur og arðbær kostur."

Jón Elíasson
sölustjóri

„**Rennum á ný styrkum stoðum undir búskap og menningu sveitanna.** Eflum landbúnað í sátt við bóndann og í sátt við náttúruna, með því að nýta til fulls sérstöðu Íslands sem landbúnaðarlands."

Ingileif Steinunn Kristjánsdóttir
erfðafræðingur og bóndi

„Menntun skapar tækifæri fyrir einstaklinginn og fyrir samfélagið. **Hún opnar jákvæða sýn á framtíðina, eflir skapandi hugsun og frumkvæði.** Ég vil sjá vöxt í atvinnugreinum sem byggja á auðlegð í menningu okkar og í náttúrunni – eins og hún er."

Alda Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

„Menntun er forsenda framfara og nýsköpunar. **Búum börnum bestu skóla með aukinni áherslu á náttúrufræði, list- og verkgreinar.** Börnin okkar vilja ekki vinna við stóriðju. Gefum ungu fólki kost á að láta drauma sína rætast – burt með stóriðju-stefnuna."

Ragnhildur Sigurðardóttir
vistfræðingur og hrossabóndi

www.islandshreyfingin.is

ÍSLANDSHREYFINGIN
lifandi land

MORGUNMATURINN



„Ég hef nú lagt það í vana minn að fá mér hafragraut með brytjuðum banönum og lýsi í eftirrétt. Það fer síðan allt eftir því hvenær ég vakna hvað þessi morgunmatur dugar mér.

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir í Kastljósinu.

Bubbi og Tolli undir merkjum Kaupþings

Bræðurnir Tolli og Bubbi Morthens halda til Lúxemborgar í byrjun maí, þar sem þeir verða með listviðburði á vegum Kaupþings. „Ég er að fara að halda sýningu í einhverju menningarsetri þarna, sem mig minnir að heiti Le Moulin. Þetta er gamalt klaustur sem var síðar notað sem fangelsi. Þarna eru miklir salir og mikið pláss, og flottur tónleikasalur sem Bubbi heldur tónleika í," útskýrði Tolli. Verkin sem hann sýnir hafa áður verið til sýningar í Magasin du Nord, en hafa enn ekki komið fyrir augu almennings hér heima.

Sýning hans og tónleikar Bubba eru hluti af árlegum viðburði sem bankinn stendur fyrir, að sögn Tolla. „Um helgina eru þeir með golfmót sem íslenskum viðskiptavinum er boðið á. Þá labba menn um grænar grundir, berja kúlur og ræða málin eins og menn á þessum vettvangi gera iðulega," sagði Tolli. Eftir helgina tekur listin svo við. „Við verðum þarna annan maí," útskýrði Tolli.

Bræðurnir hafa ekki unnið saman að verkefni á borð við þetta í lengri tíma. „Við gerum eitt og annað saman þegar þannig stendur á, en það er langt síðan við höfum gert eitthvað af þessari stærðargráðu saman," sagði Tolli. Aðspurður hvort það hafi þá þurft banka til að sameina bræðurna hlær Tolli við. „Ja, einu sinni gengum við saman undir rauðum fána fyrsta maí. Nú göngum við saman undir merkjum Kaupþings," sagði hann sposkur. - sun

HALDA TIL LÚXEMBORG Bubbi og Tolli auðga anda þátttakenda í árlegum viðburði Kaupþings.

RAUÐI FÁNINN FARINN Tolli segir þá bræður eitt sinn hafa gengið undir rauðum fána 1. maí, en honum hefur nú verið skipt út fyrir merki Kaupþings.

SJÓNVARPSÞÁTTURINN PRESSA: UNGIR LEIKARAR SEGJA NEI VIÐ HLUTVERKUM

Óvænt samstaða myndast innan leikarastéttarinnar

„Þetta er rétt og þessi samstaða er vægast stórkostleg," segir Randver Þorláksson, formaður Félags íslenskra leikara, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þó nokkuð margir ungir leikarar hafnað hlutverkum í sjónvarpsþáttaröðinni Pressu vegna ósættis um launamál. Meðal þeirra sem hafa hafnað hlutverkum eru þeir Gísli Pétur Hinriksson og Jóhannes Haukur Jóhannesson auk annarra og hafa þeir fengið mikinn stuðning í þessari kjarabaráttu frá leikurum af eldri kynslóðinni í tölvupósti. „Launaumhverfi leikara breyttist mjög mikið fyrir nokkrum árum þegar verktakasamningar voru teknir upp en þá reyndist það erfiðara fyrir félagið að fylgjast með," segir Randver. „En það hefur alltaf verið krafa hjá FÍL að staðið sé við gerða samninga," segir Randver og ljóst að leikarar ætli ekki lengur að láta undirbjóða sig.

Pressa er hugarfóstur þeirra Óskars Jónassonar og Sigurjóns Kjartanssonar en það er Saga Film sem framleiðir þættina fyrir Stöð 2. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa nokkrir leikarar þegar skrifað undir samninga og ætla sér að standa við þá. Aðrir íhuga að rifta þeim sökum þessarar miklu undiröldu meðal leikarastéttarinnar en þættirnir þykja bjóða upp á skemmtileg og bitastæð hlutverk. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fékk Leikfélag Hafnarfjarðar síðan bréf frá Saga Film þar sem framleiðslufyrirtækið óskaði eftir að fá að koma á fund félagsins og halda prufur.

Þór Freysson, framleiðandi þáttanna, kannaðist vissulega við þennan óróa en sagði ekki um neitt upphlaup að ræða. „Við erum langleiðina komnir með að ráða í hlutverk þannig að þetta hefur ekki verið vandamál. Og satt að segja kemur þetta okkur

ÞÓR FREYSSON
Kannast við óróa meðal leikara en segir ekki um upphlaup að ræða.

RANDVER ÞORLÁKSSON

spánskt fyrir sjónir," segir Þór en Saga Film hefur framleitt þætti á borð við Stelpurnar og nú síðast Næturvaktina. „Það er miðað við annað verð fyrir svona lokaðar stöðvar en fyrir til dæmis RÚV sem hefur breiðari áhorfendahóp," útskýrir Þór. „Og eftir því sem okkur skilst eru samningar FÍL við SÍK, Sambands íslenskra kvikmyndagerðarmanna, útrunnir auk þess sem félagið hefur ekki haft neinn samning við Stöð 2 eins og hátturinn er hafður á í öðrum löndum," bætir hann við.

freyrgigja@frettabladid.is

JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lítið hefur farið fyrir sjónvarpskonunni sívinsælu **Sirrý** eftir að hún kvaddi **Heimi Karlsson** í útvarpsþættinum Ísland í bítið. Sirrý situr þó ekki aðgerðarlaus heima heldur undirbýr hún nú af krafti nýja þáttaröð af Örlagadeginum sem fer í loftið í byrjun júní. Sirrý ætlar þó ekki að binda landfestar á Íslandi heldur ku hún ætla að leita út fyrir landsteinana að viðfangsefnum. Örlagadagurinn naut mikilla vinsælda á sínum tíma og var næstvinsælasti þátturinn á Stöð 2.

Kittý Johansen, sölufulltrúi fasteignafélagsins Remax, gerði heldur betur góða hluti á árshátíð fyrirtækisins nýverið. Kittý er sem kunnugt er systir fegurðardrottningarinnar **Önnu Lilju Johansen** og ákvað að slá öllum samstarfsmönnum við í klæðaburði. Mætti hún í silfurlituðum palíettu-kjól sem þótti fegurstur allra á svæðinu. Glöggir gestir tóku þó eftir því að þetta var sami kjóllinn og systir hennar hafði klæðst í Ungfrú Reykjavík árið 2003.

Alþingismaðurinn **Birkir Jón Jónsson** var gestur í Kastljósinu á mánudag og tóku margir áhorfendur eftir því að háralitur hans hafði breyst, var ögn dekkri en venjulega. Birkir Jón er þó ekki líkt og margir aðrir stjórnmálamenn með ímyndarsérfræðing á sínum snærum en lét sig þó hafa það að setja skol í hárið, svona rétt til að flikka upp á útlitið áður en kosningabaráttan fer á fullt. Þetta er þó ekkert stundarbrjálæði hjá Birki Jóni þar sem háraliturinn mun vera kominn til að vera.

- fgg/óhþ



LÁRÉTT 2. mats, 6. tveir eins, 8. samræði, 9. af, 11. á fæti, 12. hlé, 14. vondur, 16. rás, 17. fæða, 18. niður, 20. tveir eins, 21. nabbi.

LÓÐRÉTT 1. flétta, 3. hljóm, 4. skikkja, 5. hallandi, 7. torveldur, 10. fiskur, 13. spíra, 15. svall, 16. espa, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. dóms, 6. ee, 8. mök, 9. frá, 11. tá, 12. aflát, 14. illur, 16. æð, 17. ala, 18. suð, 20. ll, 21. arða.

LÓÐRÉTT: 1. vefa, 3. óm, 4. möttull, 5. ská, 7. erfiður, 10. áll, 13. ála, 15. rall, 16. æsa, 19. ðð.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Cho Seung-Hui.
2. Fjórar.
3. Anne Marte Overaa

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Fullnaðarsigur Skerjafjarðarskáldsins

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hefur Kristján Hreinsson Skerjafjarðarskáld unnið fullnaðarsigur í deilu sinni og Sveins Rúnars Sigurðsonar vegna Eurovsion-lagsins Valentine's Lost.

Málavextir voru þeir að Kristján samdi íslenskan texta við lag Sveins Rúnars, Ég les í lófa þínum, sem Eiríkur Hauksson flutti til sigurs. Og höfðu þeir bundist fastmælum um að ef lagið sigraði myndi enskur texti Kristjáns vera notaður í Helsinki. Eftir að sigurvíman hafði runnið af þeim kom í ljós að Sveinn Rúnar hafði gengið á bak orða sinna, fengið Eurovision-skáldið Peter Fenner til að semja enskan texta og skilið Kristján eftir í sárum. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum undi Kristján því ekki en hefur þó enn ekki viljað tjá sig um það sem fram hefur farið á bak við tjöldin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þó mikið gengið á og mun Sveinn Rúnar meðal annars hafa reynt að beita lygum.

En hreyfing komst á málið þegar Sveinn Rúnar hugðist gefa út geisladisk með íslenskri útgáfu sigurlagsins og enskri útgáfu með texta Fenners og Kristjáns auk annars lags sem Skerjafjarðarskáldið samdi texta við. Og Kristján krafðist þess að lögbann yrði sett á útgáfuna vegna þess að ekki hafði fengist leyfi fyrir einum texta sem átti að fara á plötuna. Til að liðka fyrir útgáfunni neyddist Sveinn því til að fallast á alla skilmála Kristjáns; að hann fengi hlut í höfundarverkinu auk þess sem Sveinn greiðir honum laun fyrir þá vinnu sem Kristján innti af hendi við gerð enska textans sem ekki verður notaður. Og ku Kristján vera alsæll með þessa niðurstöðu þótt hann vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið að svo stöddu.

- fgg

KRISTJÁN HREINSSON Stendur uppi sem sigurvegari í deilunni við Svein Rúnar Sigurðsson vegna ensks texta við sigurlagið í Eurovision.

REGATTA

GREAT OUTDOORS ™

OPIÐ Í DAG

VORDAGAR

50-80%

AF NÝJUM VÖRUM

AÐEINS Í 4 DAGA

GLEÐILEGT SUMAR

- Bolir
- Skyrtur
- Buxur
- Vesti
- Flíspeysur
- Softshell peysur
- Nærfatnaður
- Zip-off buxur
- Stuttbuxur
- Kvartbuxur
- Regnfatnaður
- Isotex buxur
- Istotex jakkar
- Gönguskór
- Sandalar
- Göngustafir
- Bakpokar
- Svefnpokar
- Smávara
- ofl.ofl.

Opið

Fimmtud. 19/4 10 -18
Föstud. 20/4 10 – 18
Laugard. 21/4 10 – 16
Sunnud. 22/4 13 – 17

ÚTIVIST&SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR
- félag laganema við Háskóla Íslands

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012

BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Fréttamat

Líf dýra eru misdýrmæt. Í fínu lagi er að slátra rottum og mávum miskunnarlaust, en allt yrði vitlaust ef eitrað væri fyrir veluppöldum kettlingum eða verðlaunahundar skotnir á færi. Hestur sem finnst soltinn í bás kallar á sterk viðbrögð samfélagsins en hrekkjusvíni sem tekst að murka lífið úr villtum minki við tjörnina er hampað sem hetju. Við troðum okkur út af gómsætu kjöti án þess að pæla í því að einu sinni var það hrínandi, baulandi og jarmandi, en fáum tárin í augun þegar Lassie fótbrotnar í bíó. Svona er tvískinnungurinn algjör og ekkert í því að gera nema gerast grænmetisæta og góðmenni – en hver nennir því?

AÐ sama skapi virðast mannslíf misdýrmæt. Að minnsta kosti sé miðað við fréttirnar í sjónvarpinu, en þær eiga sem kunnugt er að sýna okkur lífið eins og það er. Á hverjum degi eru sprengdir upp svo og svo margir Írakar. Þetta er síendurtekin frétt og búin að dynja á okkur lengi. Nýjustu fréttir um fallna hörfa lengra og lengra inn í fréttatímana, enda allir orðnir hundleiðir á þessu. Á mánudaginn skaut brjálaður maður 32 í ameríska háskóla. Þetta kallaði á vandaðan og nákvæman fréttaflutning og auðvitað var þetta fyrsta frétt. Þetta var náttúrlega óvæntari og ferskari dauðafrétt en þessar endalausu frá Írak.

Í apríl hafa nú þegar um 700 íraskir borgarar verið drepnir. Það er svipað og ein Bolungarvík. Á sunnudaginn voru til dæmis 35 Írakar drepnir og mörgum sinnum fleiri særðust. Á einum stað hafði verið komið fyrir sprengjum í tveimur bílum og sprakk seinni sprengjan þegar björgunarmenn voru að hlúa að þeim sem lentu í fyrri sprengingunni. Þessi daglegi skammtur af viðbjóði var tíunda frétt sjöfrétta RÚV, langt á eftir frétt af gömlu eggjabúi í Vestmannaeyjum sem eyðilagðist í eldsvoða. Látnu Írakarnir þóttu ekki nógu merkilegir til að vera með í upptalningunni í lok fréttatímans. Þar var hins vegar sú stórfrétt höfð með að Hong Kong-búar hafa fengið tvær pöndur að gjöf frá dýragarði í Peking.

KANNSKI er þetta skiljanlegt fréttamat. Gömul eggjabú brenna náttúrlega ekki á hverjum degi í Vestmannaeyjum og pöndurnar eru auðvitað í útrýmingarhættu – bara 3.000 stykki eftir. Það eru hins vegar enn til rúmlega 26 milljón Írakar, þótt þeim fari fækkandi.

Fíton / SÍA

Ævintýraleg símatilboð

vodafone

Allir símar frá Vodafone afhendast forhlaðnir, forstilltir og með 2 ára ábyrgð.

Með Vodafone live! kemst þú á Netið í símanum þínum og getur til dæmis skoðað hvað er í bíó, náð í brandara, skoðað stjörnuspána þína og halað niður hringitónum og skjámyndum.

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér inná www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

Gríptu augnablikið og lifðu núna.



Sjónvarp í símann

Vodafone live!
Nokia 6131
Þú getur horft á Sky News allan sólarhringinn, sótt og horft á fréttir Stöðvar 2 ásamt fleira spennandi efni.
Ævintýraverð
26.900 kr.

Vodafone live!
Sharp GX-17
Mjög fjölhæfur á ótrúlegu verði.Með Bluetooth, myndavél og USB tengjanlegur.
Ævintýraverð
9.900 kr.

Vodafone live!
Nokia 6234
Miklu meira en bara sími. Með Bluetooth, myndavél, útvarpi, steríó heyrnartólum og styður minniskort.
Ævintýraverð
19.900 kr.

Vodafone ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

Verslun ORMSSON að Lágmúla 8 hefur verið endurnýjuð frá grunni

Velkomin í „nýja“ verslun – fulla af hágæða heimilistækjum

AEG HTH SAMSUNG TEFAL Solis Emile Henry

Opið virka daga frá kl. 9–18
og laugardaga frá kl. 11–15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is